

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2019 til 2020

tekin saman af sviðsstjórum

Kristjana Sigríður Skúladóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2019-2020	4
1.1	Inngangur	4
1.2	Tölulegar upplýsingar	7
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar	13
1.4	Erlend samstarfsverkefni.....	14
1.5	Stiklur úr skólastarfinu.....	14
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	22
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	22
2.1.1	Danska	22
2.1.2	Enska.....	24
2.1.3	Íslenska	26
2.1.4	Ergó.....	36
2.1.5	Bragi.....	38
2.1.6	Samfélagsgreinar	39
2.1.7	Tungumál: franska, spænska, þýska.....	46
2.2	Svið: Listir, íþróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar	50
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	50
2.2.2	Hestagreinar	60
2.2.3	Raungreinar	61
2.2.4	Sjúkraliðagreinar.....	64
2.2.5	Stærðfræði.....	65
2.2.6	Verknám	68
2.3	Svið: Sérnámsbraut.....	77
3	Aðrar skýrslur	86
3.1	Bókasafn	86
3.2	Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa	96
3.3	SKOH - Skólinn í okkar höndum.....	100
3.4	Flóafár.....	103
3.5	Kátir dagar	106
3.6	Jafnréttisfulltrúi	110
3.7	Skólastarf í fangelsum	111
3.8	Náms- og starfsráðgjöf	118
3.9	Grunnmenntabré.....	131
3.10	Kerfisstjóri og tölvupjónusta	135
3.11	Prófstjórn.....	140
3.12	Fjarnám grunnskólanema.....	144
3.13	Sjálfsmat	146

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

SviðsstjórarSigursveinn Már Sigurðsson
Kristjana Sigríður Skúladóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og Ergo
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir,
listir og íþróttir
Sérnámsbraut**Kennslustjórar**Ásdís Björg Ingvarsdóttir
Eyrún Björg Magnúsdóttir
Gylfi Þorkelsson
Rósa Marta Guðnadóttir
Guðfinna Gunnarsdóttir
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Ronald B. Guðnason
Svanur Ingvarsson
Hrefna ClausenList-, matvælagreinar og íþróttir
Samfélagsgreinar
Litla-Hraun, Sogn
Íslenska
Enska
Stærðfræði
Raungreinar
Verknám
Erlend mál, önnur en enska**Verkefnastjórar/fagstjórar**Borgþór Helgason
Ægir Sigurðsson
Íris Þórðardóttir
Ída Løn
Ragnheiður Eiríksdóttir
Guðbjörg Grímsdóttir
Sissel Tveten
Sverrir Geir Ingibjartsson
Grímur LúðvíkssonMálmiðngreinar
Bragi
Sjúkraliðagreinar
Danska
Ergo
Skólinn í okkar höndum
Hestamennska
Íþróttir
Rafiðngreinar**Náms- og starfsráðgjafar**Agnes Ósk Snorraddóttir
Anna Fríða Bjarnadóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir**Sjálfsmatshópur**Kristjana Sigríður Skúladóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson
Þórarinn Ingólfsson (formaður)**Félagslífs- og forvarnarfulltrúar**Ingunn Helgadóttir
Tómas Davíð Ibsen**Jafnréttisfulltrúi**

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Umsjón með Gettu betur

Stefán Hannesson

Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

Umsjón með Grunnmenntabré

Bjarney Sif Ægisdóttir

1 Starfið veturinn 2019-2020

1.1 Inngangur

Skólaárið 2019 til 2020 var þrítugasta og áttunda starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, hvernig nemendur skiptast á brautir sem og hvernig þeim gekk að mæta í skólann og standast námskörfur.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, skólahalds fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, verkefnisins *Skólinn í okkar höndum*, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru birtar hér. Sömuleiðis skýrslur um Káta daga og Flóafár. Allar þessar skýrslur eru einnig aðgengilegar á vef skólans.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna fimmtudaginn 15. ágúst 2019 og starfsdögum kennara 15. og 16. ágúst. Mánudaginn 19. ágúst, kl. 8.30, mættu nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, nemendafélaginu, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla. Kl. 9 var opnað á stundatöflur nemenda í Innu og þurftu þeir að óska eftir töflubreytingum rafrænt. Þriðjudaginn 20. ágúst hófst kennsla kl. 8.15 samkvæmt stundaskrá. Verkefnadagar voru dagana 17. og 18. október, en margir nemendur sem áttu engin verkefni óunnin gátu tekið því rólega þessa daga. Síðasti kennsludagur haustannar var 6. desember. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 9. desember og sá síðasti mánudagurinn 16. desember, en þá fóru fram sjúkrapróf. Prófsýning og síðasti starfsmannafundur annarinnar voru þriðjudaginn 17. desember.

Í upphafi haustannar voru 799 nemendur skráðir til náms við skólann, þar af 210 nýnemar. Brautskráning fór fram föstudaginn 20. desember.

Alls brautskráðust 48 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum.

10 nemendur af sjúkraliðabraut, þar af tveir af sjúkraliðabru

1 lauk grunnnámi málmiðna

2 nemendur luku námi á vélvirkjabraut

1 nemandi lauk námi á húsasmíðabraut

Af stúdentsbrautum luku nemendur námi af eftirfarandi línunum:

20 nemendur luku námi af opinni stúdentsbraut

1 nemandi lauk námi af alþjóðalínu

3 nemendur luku námi af félagsgreinalínu

2 nemendur luku námi af náttúrufræðilínu

2 nemendur luku námi af viðskipta- og hagfræðilínu

3 nemendur luku námi af íþróttalínu

2 nemendur luku námi af listalínu

1 nemandi lauk námi af stúdentsbraut að loknu námi á vélvirkjabraut

Arnór Ingi Grétarsson var dúx FSu á haustönn 2019. Hann útskrifaðist af tveimur stúdentslínunum, viðskipta- og hagfræðilínu og alþjóðalínu. Arnór Ingi hlaut einnig viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu og margar viðurkenningar fyrir nám í einstökum námsgreinum.

Arnór Ingi Grétarsson hlaut viðurkenningar fyrir afburða árangur í stærðfræði, góðan árangur í íslensku, mjög góðan árangur í ensku, afburða árangur í frönsku, spænsku og þýsku. Að auki fékk Arnór Ingi sérstaka viðurkenningu fyrir einstaka frammistöðu, alúð og áhuga í tungumálanámi. Sigrún Elfa Ágústsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í stærðfræði og viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur, dugnað og metnað í félagsvísindum. Marta María Bozovic Siljudóttir hlaut viðurkenningu fyrir ágætan árangur í dönsku og viðurkenningu fyrir góðan árangur og dugnað í íþróttum og íþróttufræðum. Íris Hanna Rögnvaldsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir ágætan árangur í hjúkrunargreinum. Þuríður Ósk Ingimarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir ágætan árangur í dönsku. Kolbrún Katla Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku og Eypór Björnsson hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í vélvirkjagreinum.

Stjórn Hollvarðasamtaka FSu heiðraði fráfarandi formann samtakanna, Hjört Þórarinsson, en hann hefur lengi verið ötull talsmaður skólans, var formaður skólanefndar um langt skeið og stofnaði Hollvarðasamtökin ásamt fleirum á sínum tíma.

Tveir kennarar voru heiðraðir við starfslok á brautskráningu haustannar. Það voru þau Helga Jóhannesdóttir, textíl- og hönnunarkennari og Gísli Skúlason íslenskukennari. Þau höfðu bæði starfað við skólann undanfarin 35 ár. Þeirra framlag til skólans er ómetanlegt.

Á vorönn 2020 hófst kennsla þriðjudaginn 7. janúar kl. 8.15 samkvæmt stundatöflu en nemendur gátu nálgast stundaskrár sínar í Innu frá mánudeginum 6. janúar og var boðið uppá rafrænar töflubreytingar frá kl. 10 til 13 þann daginn. *Kátir dagar* voru 19. – 20. febrúar og *Flóafár* föstudaginn 21. febrúar. Opið hús var þriðjudaginn 3. mars frá kl. 16.30 til kl. 18.30

Föstudaginn 13. mars kl. 11:00 tilkynnti Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, á blaðamannafundi í beinni útsendingu í sjónvarpi og útvarpi að loka skyldi öllum framhalds- og háskólum frá og með mánudeginum 16. mars vegna farsóttarinnar Covid19 sem var að sækja í sig veðrið á Íslandi. Skólalokunin hafði í för með sér að á einni helgi þurftu allir kennarar og nemendur að gjörbylta kennslu- og námsháttum úr hefðbundnu námi sem fram fer í skólastofu alfarið yfir í fjarkennslu. Óhætt er að segja að áskorunin sem í þessu fólst hafi verið gríðarleg og mikið reynt á bæði starfsfólk og nemendur að halda takti í skólastarfinu. Þann 4. maí voru samkomubannsreglur Almannaþingarinnar svo rýmkaðar og fjöldi þeirra sem mátti koma saman á einu svæði var aukinn úr 20 í 50 manns. Í því ljósi voru allir nemendur á verknámsbrautum og sérnámsbraut kallaðir inn til að ljúka sínum áföngum og þar með námsmati annarinnar. Auk þeirra voru einstaka nemendur í bóklegum áföngum kallaðir inn til að ljúka sínu námsmati. Bóklegum áföngum lauk að öðru leyti rafrænt og nemendur tóku lokapróf og skiluðu verkefnum á ýmsu formi í gegnum tölvu og síma. Kennslu í bóklegum áföngum lauk þannig í gegnum fjarkennslu föstudaginn 8. maí en í verklegum greinum var síðasti kennsludagur 20. maí. Námsmat annarinnar var svo aðgengilegt nemendum í Innu föstudaginn 22. maí. Mánudaginn 25. maí var rafræn prófsýning þar sem allir kennarar voru aðgengilegir milli kl. 10 og 12 og nemendur gátu haft samband og fengið upplýsingar og útskýringar á námsmati sínu ef eitthvað var óljóst. Tölfræðiúrvinnsla annarinnar bendir til þess að, þrátt fyrir fordæmalausar aðstæður, þá hafi tekist vel til. Allir lögðust á eitt við að nám gæti farið fram og nemendur sýndu í

verki að þeir eru fullfærir um að taka ábyrgð á sínu námi. Starfsfólk skólans á sömuleiðis hrós skilið fyrir metnað og elju á skrítnum tímum.

Í upphafi vorannar var 732 nemandi skráður til náms. xx nemendur brautskráðust frá skólanum föstudaginn 29. maí. Þeir voru af ýmsum brautum, þar af 96 af stúdentsbrautum. Einn nemandi útskrifaðist af tveimur brautum, húsasmíðabraut og stúdentsbraut – starfsnámi.

28 nemendur luku prófi af sérnáms- og verknámsbrautum:

- 9 nemendur ljúka námi í rafvirkjun
- 7 nemendur ljúka námi í vélvirkjun
- 6 nemendur ljúka námi af húsasmíðabraut
- 1 nemandi lauk námi af sjúkraliðabraut
- 5 nemendur luku námi af sérnámsbraut

69 nemendur ljúka stúdentsprófi af eftirfarandi línunum:

- 38 nemendur ljúka námi af opinni stúdentsbraut
- 2 nemendur ljúka námi af alþjóðalínu
- 3 nemendur ljúka námi af félagsgreinalínu
- 3 nemendur ljúka námi af listalínu
- 5 nemendur ljúka námi af náttúrufræðilínu
- 1 nemandi lýkur námi af hestalínu
- 10 nemendur ljúka námi af íþróttalínu
- 3 nemendur ljúka námi af viðskipta og hagfræðilínu.
- 4 nemendur ljúka námi stúdentsbraut að loknu starfsnámi

Ólöf María Stefánsdóttir er dúx FSu á vorönn 2020. 96 nemendur brautskráðust föstudaginn 29. maí, í óhefðbundinni brautskráningu. Vegna samkomutakmarkana var brottfarendum skipt niður í tvo hópa og tvær athafnir fóru fram kl. 13 og kl. 15.

Ólöf María Stefánsdóttir og Aldís Elva Róbertsdóttir hlutu viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu. Dagný Rós Stefánsdóttir hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi.

Ólöf María hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og náttúrufræðigreinum. Aldís Elva hlaut að auki viðurkenningar fyrir afbragðs árangur í íslensku og dönsku. Dagný Rós hlaut að auki viðurkenningar fyrir ágætan árangur í erlendum tungumálum, þýsku og spænsku og einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku og sögu.

Hekla Rún Harðardóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku. Hildur Helga Einarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í stærðfræði. Halla Helgadóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku. Anna Sigurveig Ólafsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framfarir, seiglu og afar góðan árangur í myndlist og einnig viðurkenningu fyrir vinnusemi, ástundun og miklar framfarir á námstímanum í FSu. Gróa Dagmar Gunnarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir afburða árangur í nýsköpun og miðlun. Arnar Kristinsson og Sóley Kristjánsdóttir hlutu viðurkenningar fyrir góðan árangur í leiklist. Nanna Guðný Karlsdóttir og Bjarkar Þór Sigurfinnsson hlutu viðurkenningar fyrir

framúrskarandi árangur í hönnun og textíl. Pétur Gabríel Gústafsson hlaut viðurkenningu fyrir hugmyndaríka og skapandi vinnu í kvikmyndagerð.

Bergrún Halldórsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur á hestalínu stúdentsbrautar. Halldóra Birta Sigfúsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í íþróttifræðum. Engilbert Þórir Atlason hlaut viðurkenningu frábæran árangur og vandvirkni í vélvirkjagreinum. Brynjar Jón Brynjarsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í rafvirkjun. Ólafur Guðni Stefánsson hlaut viðurkenningu fyrir mjög góðan námsárangur og metnað í rafvirkjun.

Sólmundur Magnús Sigurðarson og Gústaf Sæland hlutu viðurkenningar fyrir frábær félagsstörf í þágu nemenda FSu.

Tveir starfmenn voru heiðraðir við starfslok á brautskráningu vorannar, þeir Arnlaugur Bergsson og Þórarinn Ingólfsson. Formaður Hollvarðasamtakanna og fyrrum skólameistari, Örygur Karlsson flutti þeim kveðju við brautskráningu. Arnlaugur og Þórarinn eða Addi og Tóti eins og þeir eru oftast kallaðir eru svokallaðir brautryðjendur við skólann, en þeir komu til starfa við FSu þegar hann var stofnaður haustið 1981. Arnlaugur kenndi málmiðnaðargreinar við skólann í gamla Hamri á árunum 1981-1993 og sneri svo aftur til starfa sem umsjónarmaður fasteigna árið 2003. Hann hefur því starfað við skólann í tæp 29 ár. Þórarinn hóf kennslu við FSU 1981 og kenndi íþróttir. Hann hefur verið aðstoðarskólameistari frá árinu 2002. Hann hefur starfaði við skólann í 39 ár.

Þeirra störf fyrir skólann eru ómetanleg og fást seint fullpakkað.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2019 voru sendir út 834 greiðsluseðlar vegna dagskóla. Þann 10. september voru dagskólanemendur 799 og er sá dagur notaður til viðmiðunar fyrir þá nemendur sem hófu nám þennan vetur. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 23.341 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 19.200 einingar. Þannig töpuðust 17,7 % eininga yfir önnina. Þetta hlutfall var 21,5% seinustu haustönn. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 799 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 284.

Í upphafi vorannar voru skráðir nemendur í dagskóla 732. Þar af voru 93 nemendur nýinnritaðir á vorönn. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 22.065 framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 17.816 einingar. Þannig töpuðust 19,3% eininga yfir önnina en það er tæplega þremur prósentustigum lægra en á vorönn í fyrra, við höfum alltaf verið að kljást við svipað brottfall síðustu ár og teljast verður líklegt að breytt skipulag og breyttar áherslur í kjölfar skólalokunar vegna Covid-19 sjúkdómsins hafi haft mikil áhrif á niðurstöðuna í ár.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2019 þann 10. september. Eitthvað var um að nemendur skiptu um brautir á tímabilinu eftir að þessi staða var tekin.


Braut	Heiti brautar	kk	kvk	fjöldi nemenda	hlutfall af heild
GB	Grunnnám bíliðna	6	0	6	0,8%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	33	1	34	4,3%
GHÁ	Grunnnám hársnyrtiiðnar	1	9	10	1,3%
GR	Grunnnám rafiðna	31	2	33	4,1%
GRB	Grunnmenntabré	24	12	36	4,5%
HE	Hestamennska	1	2	3	0,4%
HÚ8	Húsasmíðabraut	16	1	17	2,1%
HÚS	Húsasmíðabraut	1	0	1	0,1%
ÍþB	Íþróttabraut	13	1	14	1,8%
LNB	Listnámsbraut	5	11	16	2,0%
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	37	1	38	4,8%
RA	Rafvirkjun	7	1	8	1,0%
SB	Starfsbraut	38	19	57	7,1%
SJ	Sjúkraliðabraut	1	24	25	3,1%
SJ-brú	Sjúkraliðabré	0	1	1	0,1%
ST-1	Stúdentsbraut - opin lína	145	132	277	34,7%
ST1-A	Stúdentsbraut - Alþjóðalína	4	13	17	2,1%
ST1-F	Stúdentsbraut - Félagsgreinalína	6	33	39	4,9%
ST1-Í	Stúdentsbraut - Íþróttalína	21	21	42	5,3%
ST1-N	Stúdentsbraut - Náttúrufræðilína	21	36	57	7,1%
ST1-VH	Stúdentsbraut - Viðskipta- og hagfræðilína	9	12	21	2,6%
ST2	Stúdentsbraut - Starfsnám	1	0	1	0,1%
ST2-H	Stúdentsbraut - Hestalína	4	18	22	2,8%
ST2-L	Stúdentsbraut - Listalína	5	16	21	2,6%
VV	Vélvirkjun	3	0	3	0,4%
		433	366	799	100,0%

Tafla 1: Dreifing dagskólanemenda á brautir haustið 2019

Aldur	Fjöldi haust 2019
yngri en 16 ára	1
16 ára fæddir 2003	208
17 ára fæddir 2002	14
eldri en 17 ára	61
	284

Tafla 2: Aldursdreifing nýnnritaðra

Mynd 1 sýnir búsetu nemenda í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Langflestir nemendur koma af Suðurlandi eða yfir 93% nemenda.



Mynd 1: Búsetudreifing nemenda í FSu haustið 2019


Góð skólasókn er lykill að góðum árangri í námi. Hér má sjá skólasóknareinkunnir veturinn 2019-20. Í venjulegu árferði má ávallt greina slakari skólasókn á vorönn en á haustönn en vegna farsóttarinnar var ekki gefin skólasóknareinkunn eftir vorönnina 2020.

Mynd 2 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2019-20.



Mynd 2: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2019-20


Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 2 sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2019 og mynd 3 sýnir fjölda staðinna eininga í haustannarlok.




Mynd 3: fjöldi eininga haust 2019

Á haustönn 2019 voru 799 nemendur skráður til náms við dagskóla. Meirihluti (60%) nemenda náði öllum þeim áföngum sem þeir skráðu sig í. Það voru þó 62 einstaklingar sem náðu 0 einingum annað hvort vegna þess að þeir hættu námi á önninni eða náðu ekki lágmarks námsárangri. Þeir nemendur sem ekki standast áfanga við skólann, falla í mismörgum áföngum.

Mynd 4 sýnir í hversu mörgum áföngum þessir nemendur falla. Langflestir þeirra nemenda sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Þar sem fjöldi nemenda er mismikill eftir önnun sýnir mynd 5 fall nemenda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda skólans. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum á haustönn er um 14% en það er aðeins minna hlutfall en í fyrra.




Mynd 4: fallnir áfangar -fjöldi nemenda




Mynd 5: : Fjöldi falláfanga - hlutfall af heildarfjölda nemenda í dagskóla á viðkomandi önn

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, F fyrir fallið og H fyrir hætt. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára. Mynd 7 sýnir svo einkunnadreifingu sem hlutfall af einkunnum á viðkomandi önn.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2019-20



Mynd 7: : Einkunnadreifing veturinn 2019-20, sem hlutfall af einkunnum annarinnar

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Þrír fundartímar eru fastir í töflu allra kennara (tveir hjá Braga kennurum). Á þriðjudögum var tími kl. 12:50 ætlaður fyrir Bragatíma. Á miðvikudögum kl. 10:25 - 11:20 og á föstudögum kl. 14:45 - 15:50, voru fundir til faglegs samráðs og deildarfunda. Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum (á Áttufundum) í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2019 til 2020, sem hér greinir.

Fundaról haust 2019

- 04.09 Samráð í fögum
- 11.09 Samráð í fögum
- 18.09 Fundur Kennarafélags FSu
- 20.09 Kennarafundur
- 25.09 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 27.09 Sjálfsmatsfundur
- 2.10 Deildarfundir: áfangar í boði
- 4.10 IÐNÚ – Kynning á námsefni
- 9.10 Undirbúningur fyrir Áfangamessu
- 11.10 Kennarafundur
- 16.10 Áfangamessa
- 23.10 Valdagur
- 25.10 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 30.10 Samráð í fögum
- 1.11 SKOH – Skólinn í okkar höndum
- 6.11 Samráð í fögum
- 8.11 Kennarafundur
- 13.11 Samráð í fögum
- 20.11 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 27.11 Samráð í fögum
- 29.11 Kennarafundur
- 4.12 Samráð í fögum

Fundaról vor 2020

- 6.01 Kennarafundur
- 15.01 Samráð í fögum
- 22.01 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 29.01 Samráð í fögum
- 31.01 Fundur Kennarafélags FSu
- 3.02 Fræðsludagur þrískóla, FSu, FVA, FS: Samskipti og þrautsegja, Anna Steinsen frá KVAN
- 5.02 Samráð í fögum

- 12.02 Samráð í fögum
- 14.02 *Sjálfsmatsfundur – skólahald féll niður vegna veðurs*
- 19.02 Kátir dagar
- 20.02 Fyrirlestur – Kveikjum neistann hjá nemendum – Helga Marín frá Þekkingarmiðlun
- 21.02 Flóafár
- 26.02 Samráð í fögum: Undirbúningur fyrir áfangamessu og opið hús
- 28.02 Sjálfsmatsfundur – Fyrirlestri Önnu Fríðu um jákvæða sálfræði var slegið á frest
- 4.03 Áfangamessa
- 6.03 Kennarafundur – undirbúningur fyrir val – leiðbeiningar við aðstoð nemenda
- 11.03 Valdagur
- 13.03 Skólalokun tilkynnt

Áætluð fundardagskrá

- 18.03 Samráð í deildum
- 20.03 Fundur sviðsstjóra með kennslu- og fagstjórum
- 27.03 Kennarafundur – SKOH
- 15.04 Samráð í deildum
- 24.04 Kennarafundur
- 29.04 Samráð í deildum
- 6.05 Samráð í deildum
- 8.05 Dimission

Raundagskrá í skólalokun

- 15.04 Kennarafundur í Teams
- 22.04 Kennarafundur í Teams
- 27.05 Kennarafundur í húsi og streymt á neti

1.4 Erlend samstarfsverkefni

Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) hefur verið virkur þátttakandi í Erasmus+ verkefnum undanfarin ár. Þau verkefni sem FSu er þátttakandi í árin 2019 -2021 og sagt er frá í kaflanum *Stiklur úr skólastarfi* eru:

- a) Inclusion, sport, culture (umsjón Eyrún Björg Magnúsdóttir)
- b) Character matters – values and virtues (umsjón Guðmundur Björgvin og Ragnheiður Eiríksdóttir)
- c) Edu – paths (umsjón Ronald Guðnason)

1.5 Stiklur úr skólastarfinu

Hús yfirgefur Hamar

Ferðapjónustuhús sem byggt var af nemendum veturinn 2018-2019 var flutt af lóð skólans í byrjun september. Nemendur á húsasmíðabraut FSu byggðu húsið í samvinnu við BYKO. Húsið sem var verið að afhenda er ferðapjónustuhús með fimm salernum, þar af eitt

fyrir fatlaðra og þvottaaðstöðu og sturtum undir skyggi. Húsið var flutt í Þorlákshöfn þar sem það verður notað á tjaldstæði bæjarins.

Vélvirkjunarnemar á ferð og flugi

Nemendur í vélvirkjun fóru í september á Sjávarútvegsýninguna sem haldin var í Laugardagshöll. Á sýningunni voru helstu iðnfyrirtæki á landinu saman komin og kynntu þar vörur sína og þjónustu. Kennarar sem leiddu hópinn voru Borgþór Helgason og Sigurbór Leifsson. Þótti þeim gaman að hitta á sýningunni fyrrum nemanda í vélvirkjun. Í bakleiðinni kom hópurinn við í Jagúar umboðinu og glæsikerrurnar þar skoðaðar áður en haldið var heim á leið.

Ekki vera fáviti

Braganemendur og kennarar fengu góða heimsókn í liðinni byrjun október, en þá flutti Sólborg Guðbrandsdóttir fyrirlesturinn Ekki vera fáviti. Sólborg heldur úti Instagramsíðunni Fávitar og fjallaði um kynferðisofbeldi í víðum skilningi, upplýst samþykki og margt, margt fleira. Áhugaverður og góður fyrirlestur.

Erasmus í FSu

FSu tekur þátt í Erasmus verkefninu *Edu-Path 2018-2020*, eða *Leiðir til menntunar*. Í september 2019 var komið að íslensku þátttakendunum úr FSu að taka á móti vinum okkar frá Spáni, Slóvakíu og Frakklandi. Á fjórum dögum voru ýmsar upptökur tengdar verkefninu, bæði í skólanum og utan hans. Þetta var afar skemmtilegur tími og mjög þroskandi fyrir nemendur sem tóku að sér ýmis verkefni varðandi skipulagningu þessarar heimsóknar.

Öruggir húsasmíðanemar

Nýnemar á húsasmíðabraut fengu í október afhentan öryggisfatnaðar sem innifelur, öryggisskó, vinnubuxur, pólóbol, úlpu, smíðavesti, öryggishjál, heyrnahlífar og gleraugu, einnig fengu þeir handsög frá Honeywell, hníf og hanska við sama tækifæri. Nemendur þátt í kaupunum og greiða 19.000 krónur fyrir allan pakkann. Þetta er í annað sinn sem nemendur fá alklæðnað við upphaf náms á húsasmíðabraut, samstarfið við BYKO og Haga ehf. hefur verið mjög ánægjulegt og styrkt allt öryggisstarf í skólanum. Í dag er nánast undantekning ef nemendur eru ekki með heyrnahlífar og gleraugu þegar verið er að vinna við vélar. Þegar nemendur fara í heimsókn á vinnusvæði fyrirtækja á Selfossi, eru allir nemendur með hjál, sem og þegar þeir eru að vinna við timburhúsið sem er hluti af verkefnum þriðja og fjórðu annar. Allir, nemendur og kennarar, hafa leyfi til að gera athugasemd ef fyllsta öryggis er ekki gætt við vinnu eins og notkun persónuhlífa. Á þriðju önn er svo námskeið um notkun persónuhlífa, öryggisbeltis, eldvarna og fleiri þátta.

Söngkeppni FSu

Söngkeppni FSu var haldin í lðu þann 24. október. Hún er einn af hápunktum viðburða skólaársins og var vel sótt bæði af nemendum og bæjarbúum. Afar vel var staðið að

keppninni og öll umgjörð til fyrirmyndar. Þemað 2019 var Sveitin og tók traktor á móti gestum fyrir utan lðu en þegar inn var komið voru heybaggar, reiðtygi og fleira sem skapaði skemmtilega sveitastemmingu. Á sviðinu var hljómsveitin Kúrekar Norðursins sem sá um að spila undir hjá keppendum. Hljómsveitin er skipuð nemendum skólans. Keppendur stóðu sig mjög vel og sungu sig inn í hjörtu viðstaddra. Greinilegt var að mikil var lögð í undirbúning, æfingar og fleira og gátu keppendur verið afar stoltir af sínu framlagi. Mörg skemmtiatriði voru á dagskránni og fóru þar fremstir í flokki kynnar kvöldsins Gunnar og Felix sem héldu stuðinu uppi með söng og skemmtun. Einnig birtust á sviðinu trúður, dans frá World Class, uppistand, brandarar og margt fleira. Frábær kvöldskemmtun í skemmtilegu umhverfi með fullt af fallegum söng, skemmtiatriðum og fjöri. Sigur úr bítum bar Íris Arna Elvarsdóttir sem söng lagið *No peace*.

Samvinna milli deilda

Dag einn í október höfðu nemendur á hárgreiðslubraut og sjúkraliðabraut vistaskipti. Hárgreiðslunemar mættu í lðu, þar sem Íris Þórðardóttir kennari sjúkraliðabrautar tók á móti þeim og bauð þeim upp á líkamsbeitingarnámskeið. Þar var rætt um afleiðingar rangrar líkamsbeitingar, við leik og störf. Rætt var um heilsuna, með áherslu á hvíld, hreyfingu og mataræði. Sjúkraliðanemar fóru yfir í Hamar þar sem Arna Árnadóttir kennari hárgreiðsludeildar tók á móti þeim og var með verklega kennslu í að setja rúllur í hár, notaðir voru gínuhousar sem nemendur settu rúllur í með miklum glæsibrag. Þetta gaf góða raun sem kennarar brautanna telja að sé skemmtileg og góð tilbreyting fyrir alla sem að koma, bæði kennara og nemendur.

Auk þess smíðuðu nemendur á húsasmiðabraut áhöld fyrir hestabraut FSu sem notuð eru til kennslu í hindrunarstökki. Gaman er að sjá hvernig þekking á mismunandi brautum nýtist á milli faggreina innan skólans.

Góður árangur í stærðfræði

Nýnemarnir, Daniel Świącicki og Sara Ægisdóttir, hlutu í október viðurkenningu vegna velgengni í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna 2019. 306 nemendur úr 15 skólum tóku þátt að þessu sinni. Daníel lenti í 8. sæti og Sara í 5. sæti. Þeim var svo boðið að taka þátt í keppni meðal þeirra bestu á vorönn 2020.

Stuttverkahátíð leiklistar- og íslenskunemenda

Nemendur í leiklist og nemendur í íslenskuáfanga í ritun og tjáningu héldu í október uppskeru- og leiklistarhátíð þar sem sýnd voru 9 stuttverk. Um er að ræða samstarfsverkefni íslenskuáfanga í skapandi skrifum á 3. þrepi og leiklistaráfanga á 1. og 2. þrepi undir stjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur og Guðbjargar Grímsdóttur. Nemendur í skapandi skrifum bjuggu til stuttverk sem nemendur í leiklist fengu svo í hendur til að útfæra og æfa. Sýnt var á ýmsum stöðum í skólanum og ferðuðust áhorfendur með hópnum til að horfa. Meðal annars var

sýnt í Gryfjunni, salnum, í opnu rými við mötuneyti og víðar. Áhorfendur skemmtu sér konunglega og gaman fyrir höfundana að sjá verkin sín lifna við.

Námsferð til Ítalíu

Sumarið 2019 var farin Erasmus+ ferð á vegum FSu til Ítalíu. 4 nemendur og 2 kennarar fóru í tengslum við verkefnið Inclusion by sport and culture. Farið var á fornleifasvæði, fræðst um sögu Ítalíu í nálægð við Napolí og skútusiglingar prófaðar. Óvanalegt er að farið sé í nemendaferð að sumri til en nemendur stóðu sig að sjálfsögðu mjög vel og voru allir ánægðir með ferðina. Verkefnið reyndi á samvinnu, sjálfstæði og félagslega færni auk þess sem nemendur lærðu um menningu landanna sem tóku þátt. Auk Íslands voru Grikkland, Ítalía og Tékkland í verkefninu. Íslensku nemendurnir voru mestmegnis á Catamaran skútu þar sem var sofið og borðað um borð. Auk þeirra voru 3 tékkneskir nemendur, íslensku kennararnir og ítalskur skipstjóri um borð.

Örsaga FSu 2019

Í tilefni af ***Degi íslenskrar tungu*** var efnt til örsögukeppni í FSu. Margar skemmtilegar sögur bárust en fimm þeirra þóttu bera af. Þær voru ríkar af myndmáli, sköpuðu ákveðna stemmingu og komu hugsunum lesanda af stað í allar áttir. Ein af sögunum fimm þótti skara framúr og hér er umsögn dómnefndar um hana: *Sagan Línudans sem lygin er eftir Ásrúnu Ástu Ásmundardóttur er listilega samin örsaga sem hefur eins og efnið gefur til kynna marga þræði. Efni hennar vekur forvitni og kallar fram hugleiðingar um mannlegt eðli. Ríkulegt myndmálið ásamt dulúð sögunnar gefur henni áhugaverðan blæ.* Keppnin tókst vel og leikurinn endurtekinn næsta haust.

Bætt aðstaða til kennslu í vélvirkjun

Vélvirkjar tóku í nóvember í notkun nýja kennsluaðstöðu fyrir glussatækni, loftstýritækni og kælitækni. Þessi aðstaða og ný tæki hafa gjörbreytt forsendum til að læra þessi fög. Það má segja að faggreinarnar hafi breyst úr bóklegum yfir í verklegar greinar. Glussaborðið er frá Festo og í því er búnaður sem nemendur geta sett inn allt frá einföldum glussakerfum til flókinna rafeindastýrðra glussakerfa. Einnig er notaður kennslubúnaður fyrir farartækjaglussa og sérstök álagstýrð glussadæla. Kælitækniborðið er mjög fullkomið og hægt er að setja inn 14 mismunandi bilanir sem nemendur glíma við að leysa.

Sungið og spilað í Gryfjunni

Í fundargati á miðvikudögum gefst oft tækifæri til að bjóða upp á uppbrót fyrir nemendur. Í nóvember kíkta fyrrverandi nemandi í heimsókn með gítarinn sinn og tók nokkur lög í Gryfjunni í miðrými skólans. Þarna var á ferðinni Guðmundur Þórarinnsson eða Gummi Tóta eins og hann er oftast kallaður, knattspyrnu – og tónlistarmaður.

Skáldið Harpa Rún heimsótti nemendur

Nemendur í kvennabókmenntum fengu skemmtilega heimsókn í nóvember. Harpa Rún Kristjánsdóttir skáld og fyrrum nemandi FSu hitti nemendur og spjallaði um lífið, tilveruna og

hvernig á því stóð að hún byrjaði að skrifa. Hún sagði frá tilurð ljóðabókarinnar Eddu og ferlinu í kringum það að skrifa bók og gefa hana út. Harpa Rún hlaut einmitt bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar haustið 2019 fyrir bók sína og hefur sá heiður opnað henni margar dyr. Virkilega skemmtilegt var að hitta Hörpu Rún og höfðu nemendur og kennarar bæði gagn af og gaman.

Húsasmiðjan heimsótt

Nemendur á húsasmiðabraut fóru nóvember í heimsókn í Húsasmiðjuna á Selfossi og fræddust um það sem í boði er af timbri og plötum. Einnig skoðuðu þeir gagnvarið efni sem og festinga- og þéttivörulager verslunarinnar. Áhugaverð og spennandi heimsókn.

Frumleg bókahönnun nemenda

Nemendur í áfanganum NÝMI2GH05 - grafískri hönnun, svokölluðum bókverksáfanga, skiluðu frumlegum lokaverkefnum við lok haustannar. Verkefnið var að búa til sína eigin bók og reyndi verkefnið á marga þætti sem nemendur hafa tileinkað sér í áfanganum s.s. hugmyndavinnu, leturfræði, grafíknotkun, myndbyggingu, handverk, efnisval og bókband. Afraksturinn má sjá í flottu kynningarmyndbandi á

https://www.youtube.com/watch?time_continue=3&v=OnzjEkxqA6I&feature=emb_logo

Gettu betur

Lið FSu mætti liði Tækniskólans í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur þann 7. janúar. Því miður féll lið FSu úr leik eftir skemmtilega keppni.

Listasýning í upphafi árs

Árið og önnin byrjuðu með hveli í myndlistardeildinni en tekin hefur verið upp sú nýbreytni að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans og eru það nemendur í framhaldsáföngum sem fá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Það eru nemendur í módeláfanga á þriðja þrepi sem riðu á vaðið og sýndu í Listagjanni á Bókasafni Árborgar dagana 10. - 30. janúar.

Verkin voru unnin á haustönn 2019, þar sem fengist var við teikningu og túlkun mannlíkamans. Verkin voru unnin út frá skissum af lifandi módeli þar sem staðan var frá 2 mínútum yfir í 1 klukkustund. Um var að ræða allt frá vönduðum teikningum yfir í krot og blindteikningar. Þurfti að nota mismunandi aðferðir undir áhrifum frá listasögunni, ýmsum tímabilum og landsvæðum.

Heimsókn í Set

Um 100 nemendur í verknámi FSu fóru í janúar í heimsókn í Set röraframleiðslu á Selfossi. Starfsemi fyrirtækisins var kynnt og fengu nemendur að skoða framleiðsluferlið. Einnig fengu nemendur fyrirlestur um öryggismál og fleira, en undanfarin vika hefur áhersla í verknámi á landsvísu verið á vinnuvernd og öryggi.

Fyrirlestur um loftlagsmál

Allir nýnemar í skólanum sóttu fyrirlestur á sal þar sem rithöfundurinn Andri Snær Magnason ræddi um loftlagsmál í víðu samhengi. Tilgangurinn fyrirlestrarins var að nemendur fengju innsýn í málaflokkinn og ólík sjónarhorn. Eftir fyrirlesturinn voru umræður og nemendur gátu spurt spurninga. Í framhaldinu tóku kennarar í umhverfisfræði, sem er áfangi sem allir nýnemar þurfa að taka, efni fyrirlestrarins fyrir í kennslu.

Prískólafundur

Löng hefð er fyrir samvinnu FSu, Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Samstarfið felur í sér samráð bæði milli stjórnenda og starfsfólks skólanna þriggja, þar sem skólarnir eiga ýmislegt sameiginlegt varðandi námsframboð og starfsumhverfi. Á tveggja ára fresti hittist allt starfsfólk skólanna þriggja, heldur samráðsfundi og hlýðir á erindi. Á mánudag féll niður kennsla, en þá kom starfsfólk FS og FVA í heimsókn hingað í FSu. Dagurinn var nýttur til fundahalda, en einnig til að hlusta á fróðleg erindi. Jón Torfi Jónasson, prófessor í HÍ, hélt erindi um niðurstöður rannsókna í framhaldsskólum og Anna Steinsen frá Kvan hélt erindi um samskipti og þrautseigju. Hópurinn skiptist niður í smærri einingar yfir daginn og völdu menn sér umræðuhópa eftir kennslugreinum. Var mál manna að vel hefði tekist til og gott og gagnlegt fyrir starfsfólk skólanna að bera saman bækur sínar og ræða um skólastarfið.

Kátir dagar

Kátir dagar voru á sínum stað dagana 19. og 20. febrúar. Þá var hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendur og starfsfólk tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá sem Kátudaganefnd hafði skipulagt. Fyrirlestrar voru vel sóttir sem og fjölbreyttir viðburðir og vinnustofur. Meðal atriða á dagskrá var fræðsla og kynning á kírópraktík, Samtökunum '78, vegan lífsstíl, neyslu orkudrykkja, kynfræðslu, sjúkræðslu, fjármálum, lýðháskóla og háskólanámi. Nemendur gátu spreytt sig meðal annars á spunaleik, brjóstsykursgerð, Crossfit, Zumba og gætt sér á Kebab vefjum þess á milli. Nemendur og starfsfólk höfðu einnig umsjón með mörgum skemmtilegum viðburðum, þar má nefna manntafl, ljósmyndakeppni, borðspil (Dungeons and dragons, Skip-bo og félagsvist), blóðþrýstingsmælingar, Vetrarleikar á hestabraut, bingó, jóga, hnútanámskeið, gangsetning rússajappa, stimpilþrykk, hárgreiðslustofa, kynning á kjarasamningum, vídjó-marabon, tölvuleikjamót, opin myndlistarstofa, körfuboltamót og fótboltamót. Að auki bauð nemendafélagið upp á glæsilegan morgunmat handa öllum á fimmtudagsmorgni. Dagarnir enduðu svo með lokahnykk í lðu þar sem nemendur og kennarar öttu kappi í óhefðbundnum boltaleik.

Flóafár

Á föstudeginum fór svo fram Flóafár þar sem lið undir stjórn nemenda keppa í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt er um stig fyrir vandaðar þrautalausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn allur er undirlagður, hver krókur og kimi notaður og mikill metnaður hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja

skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Kengúrur, Herkúles, Löggur, Game of thrones og Grease sem varð sigurlið keppinnar.

Sveinspróf í vélvirkjun

Sveinspróf í vélvirkjun var haldið í fyrsta sinn í 20 ár hér í FSu. Vélvirkjun eða *mechanical engineering* er í heildina 6 anna nám sem byrjar með grunndeild málmiðna sem er fjórar annir og svo eru tvær annir í vélvirkjun. Eftir skóla þá tekur við 18 mánaða vinna í faginu og þá fyrst er nemandinn klár í sveinspróf. Sveinsprófinu er skipt upp í nokkra hluta. Fyrst er skriflegt próf úr öllu námsefni annanna á undan. Því næst er prófað í smíðastykkjum, bilanagreiningu, slitmælingu og suðu. Um 70 þátttakendur tóku sveinspróf á landsvísu og 12 þeirra tóku prófið hér í nýju aðstöðunni í Hamri í FSu. Höfðu nemendur á orði að aðstaðan væri framúrskarandi. Þess má geta að margir nemendur voru einnig búnir með stúdentspróf enda er hægt að taka það samhliða vélvirkjun.

Opið hús í FSu og áfangamessa

Þriðjudaginn 3. mars var opið hús í FSu. Það er sérstaklega ætlað nemendum úr 10. bekk grunnskólanna og forráðamönnum þeirra. Þar er námsframboð skólans kynnt og kennarar úr deildum til skrafs og ráðagerða, kynna sín fög, uppbyggingu áfanga og eru tilbúnir að svara spurningum sem kvikna. Opna húsið var vel sótt og gestir áhugasamir um skólann í heild, námið, húsnaðið og margir lögðu leið sína í Hamar til að skoða verknámsaðstöðuna þar. Áfangamessa var svo miðvikudaginn 4. mars en þá gafst nemendum skólans tækifæri til að kynna sér nám og áfanga í boði, spyrja kennara um allt hvaðeina sem er óljóst, til að undirbúa sig fyrir val næsti annar. Valdagur haustannar 2020 var svo miðvikudaginn 11. mars.

Spánarferð – mannkostamenntun

Síðastliðið ár hefur skólinn tekið þátt í Erasmus+ verkefni í samstarfi við skóla í Þýskalandi, Portúgal og Spáni. Verkefnið heitir *Character matters – virtues and values* og snýr að því að vinna með mannkostamenntun (character education) með því að kenna dyggðir. Vinna nemendur hver í sínum skóla fjölbreytt verkefni sem tengjast þessu. Í nóvember fór hópur út til Castellion de la Plana á austurströnd Spánar og var ætlunin að vinna með íþróttir og dyggðir. Dyggðirnar sem unnið var með í þessari ferð voru þrautseigja og gleði. Fóru tveir kennarar og fimm nemendur í þessa ferð sem stóð yfir í viku og var þetta góð reynsla fyrir nemendur að kynnst lifnaðarháttum jafnaldra sinna á meginlandinu þar sem þau bjuggu inni á heimilum samnemenda sinna. Nemendur höfðu þetta um ferðina að segja: „Þetta var ótrúleg ferð og frábær lífsreynsla. Aðal áherslupunktur verkefnisins voru gleði og þrautseigja og við unnum mikið með það. Svona ferð styrkir karakterinn og eflir sjálfstæði á svo marga vegu. Við fengum þau forréttindi að heimsækja Spán og lifa eins og spænskir jafnaldrar okkar úti og kynnst öðrum menningarheim. En besta forvörnin gegn fordómum og lokuðum hugsunarhátt er nákvæmlega að heimssækja og kynnst nýju fólki og skoða heimin út frá

fleiri sjónarhornum til að skilja menningu og heitil þess að vinna gegn fordómum og staðalímyndum. Ekkert nema elskulegt fólk sem tók á móti okkur og gerði þessa ferð ógleymanlega og lærdómsríka, fyrir það erum við einkar þakklát. Takk kærlega fyrir okkur.“

Vetrarleikar FSu

Vetrarleikar FSu voru haldnir þann 19. febrúar. Fyrsta árs nemar af hestabraut FSu sáu um að halda mótið á félagssvæði Sleipnis á Selfossi. Keppt var í tveimur greinum, töltkeppni og mjólkurtölti. Áætlað var að halda einnig kappreiðar en vegna veðurs og færðar var það því miður fellt niður. Góð þátttaka var á mótinu í báðum greinum og heppnaðist mótið vel. Nóg var af verðlaunum svo að allir þátttakendur voru settir í happdrætti og hlutu þátttökuverðlaun.

Kóngróssins Köben

32 nemendur í dönsku áfanga úr Fjölbrotaskóla Suðurlands héldu ásamt þremur kennurum til Kaupmannahafnar í náms- og kynnisferð í byrjun mars. Ferðin stóð í fimm daga og nemendur sáu alfarið um skipulagninguna. Mikið var lagt upp úr því að allar raddir hefðu vægi í undirbúningi ferðarinnar og að ákvarðanir væru teknar undir forsendum algjörs lýðræðis. Covid19 faraldurinn var þarna tiltölulega nýkominn til Íslands og hafði að einhverju leyti áhrif á ferðina sem einkenndist af miklum handþvotti og sprittlykt. 10 dögum eftir heimkomu var svo búið að loka hótelinu sem hópurinn hafði gist á. Ferðin heppnaðist í alla staði vel, nemendur til fyrirmyndar og voru sammála um að hún hefði bæði verið skemmtileg og lærdómsrík.

Starfsmenn heiðraðir

Tveir starfsmenn voru heiðraðir við starfslok á brautskráningu vorannar, þeir Arnlaugur Bergsson og Þórarinn Ingólfsson. Formaður Hollvarðasamtakanna og fyrrum skólameistari, Örlygur Karlsson flutti þeim kveðju við brautskráningu. Arnlaugur og Þórarinn eða Addi og Tóti eins og þeir eru oftast kallaðir eru svokallaðir brautryðjendur við skólann, en þeir komu til starfa við FSu þegar hann var stofnaður haustið 1981. Arnlaugur kenndi málmiðnaðargreinar við skólann í gamla Hamri á árunum 1981-1993 og sneri svo aftur til starfa sem umsjónarmaður fasteigna árið 2003. Hann hefur því starfað við skólann í tæp 29 ár. Þórarinn hóf kennslu við FSU 1981 og kenndi íþróttir. Hann hefur verið aðstoðarskólameistari frá árinu 2002. Hann hefur starfaði við skólann í 39 ár.

Þeirra störf fyrir skólann eru ómetanleg og fást seint fullpakkað

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Sigursveinn Már Sigurðsson

2.1.1 *Danska*

Kennslustjóri: Ida Lön

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ingibjörg	DANS2DL05	(...)
Birna	(...)	DANS1DL05
	(...)	DANS2ME05
		Starfsbraut XA
Pelle	DANS2FJ05	DANS2FJ05
	DANS3KD05	DANS3KD05
Sólveig	DANS1DL05	DANS2ME05
	DANS2ME05	
Ida	DANS2FJ05	DANS3BF05
	DANS2FJ05 (gr.sk.nem.)	DANS2YL05 (gr.sk.nem.)
	DANS2ME05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- Covid. Munnleg próf og verkefni á netinu (t.d. Teams) tókust vel, nemendur voru afslappaðir.
- Covid. Jákvæð samtöl við nemendur um verkefnaskil o.s.fr.
- Haust. Tókum fleiri viðtöl með mat/staða, líðan, markmið í fókus. Við upplifðum að það skilaði sér í betra nám.
- Kahoot, Pelle (hann býr til) og Solla (nemendur búa sjálfir til).
- Valáfanginn DANS3BF05 var kenndur í fyrsta skipti og fór vel af stað með samtals 38 nemendur í tveimur hópum. Nem. lýstu ferð til Kaupmannahafnar sem „besta ferðalagi ever“, skipulag ferðarinnar var alfarið í þeirra hendum. Það átti að útbúa barnabók og höfðu þeir orð á að það væri uppáhaldsskólaverkefnið þeirra „ever“.
- Valáfanginn DANS2YL05 var í boði (fyrir gr.sk.nem.) í fyrsta skipti. Hann var einfaldur: Nemendur lásu 5 skáldsögur og gerðu 5 einstaklingsverkefni. Það reyndist afar vel að kalla nem. á fund í FSu í upphafi annarinnar og einnig að fara í heimsókn í þeirra skólum í tengslum við fyrsta munnlega verkefnið. Allir náðu og u.þ.b. 50% upplifðu mikil framför í námi.

- DANS3KD05 unnu ákveðið verkefni heima ef þeir ná ekki að klára í tíma, það reynist vel (Pelle).
- DANS2ME05, áhersla á skrifleg verkefni séu vel unnin, minni áhersla á lengd.
- Fleiri munnleg verkefni í öllum dönskuáföngunum, ekki síst á haustönninni. Góð reynsla. Miklar framfarir hjá nemendum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Fyrirkomulag náms fyrir grunnskólanemendur endurskoðað og breytt eftir haustið.
- Rætt um einkunnir og leiðsagnamat nokkrum sinnum á árinu. Við erum ekki tilbúin að fara alveg yfir í leiðsagnamat.
- Símatið er krefjandi. Fjöldi prófa og verkefna H19:
Solla: 11 (DL) og 17 (ME)
Pelle: 14 (FJ) og 8 (KD)
Ida: FJ (16), ME (18) og FJ gr.sk. (18)
- Pelle ætlaði að fækka prófum, það tókst V20, hefð hefur verið fyrir að hafa eitt próf/verkefni sem telst með í lokaeinkunn í hverri viku. Það heldur nem. við efnið en er mikil vinna.
- Fjölbreytt námsmat og ör endurnýjun í verkefnum og prófum. Eigum auðvelt með að breyta og bæta þegar við rekumst á að eitthvað má bæta.
- Fleiri munnleg verkefni/próf. Nemendur fljótir að læra kosti þess að skila munnlega, nem. bættu sig mikið H19. Munnleg færni skiptir miklu máli í sambandi við upplifun einstaklingsins sem tungumálamanns.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Diálogos, þriggja daga námskeið um aðferðir í heimspeki eða/og almenna samræður í kennslu, haldið í Reykjavík H19 (Ida).

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Covid. Öðruvísi uppsetning á verkefnum, prófum og vægi.
- Nýtt námsefni fyrir DANS3BF05 og DANS2YL05 útbúið.
- Dagblöð og sjónvarpsefni af netinu notað, verkefni í samræmi við valið efni útbúin hverju sinni.
- Skáldsögur. „De Gale“ keypt sem rafbók fyrir jólin '19, notum hana H20 í DANS2ME05. „Silke“ færist niður í DANS2FJ05 og „Mord i mørket“ dettur út um tíma.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Við höfum aukið munnlegu verkefni og vægi þeirra til muna og munum halda áfram að gera það. Við viljum gjarnan deila okkar reynslu.
- Verkefni og próf sem voru útbúin fyrir „covid-kennslu“ í apríl og maí munum við nýta áfram að einhverju leyti.

- Verulegar breytingar á kennsluháttum í DANS2JF05 fyrir gr.sk.nem.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Skjávarpi og tækni almennt í jafn góðu standi í öllum kennslustofunum.
- Minni borð í kennslustofunum? Sbr. 30 nemendur og plássleysi.
- St. 212 er ekki nægilega stór fyrir 30 nemendur.
- Betri nettengingu í skólanum.

Annað

- Covid. Solla: Miðað við miðannarmat náðu nokkrir nemendur sem „hefðu ekki átt að ná“. Ákveðið upplýsinga- eða/og verkefnaflæði hefur líklegast átt sér stað á milli nemenda á meðan á fjarnáminu stoð í apríl og maí.
- "Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa" var sett í kennsluáætlunum V20 eftir við urðum vör við svindl H19.
- Covid. Nemendur þurftu virkilega að vinna til þess að ná og margir gerðu það.
- Okkur finnst eðlilegt að það sé munur á fögum t.d. í sambandi við skrap.
- Allir ánægðir með kennslumagnið skólaárið 2019-20. Rætt var um þetta málefni nokkrum sinnum á árinu. Þesslegt kennslumagn skilar sér á öllum hugsanlegum sviðum.
- Megum ekki gjaldfalla námið á kostnað þess að halda nemendum inni sbr. halda okkur undir 20% brotthvarf.
- Eru nemendur að taka of margar einingar miðað við getu? Erum við að standa okkur nægilega vel í að aðstoða hvern og einn í að sníða nám eftir getu?
- Margir nemendur vinna mikið með skóla og það hefur slæm áhrif á frammistöðu þeirra í námi.
- Spurning hvort eigi að hækka lármarkseinkunn úr 4,5 í 4,75 eða jafnvel í 5? Nám er öðruvísi en fyrir 10 árum, það eru t.d. fá lokapróf, lokaekinn endurspeglar að einhverju leyti unnar vinnustundir.
- Okkur finnst metnaður fyrir hönd skólans vera mikilvægur þáttur í okkar starfi.

2.1.2 Enska

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

	Hautönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Ágústa Rúnarsdóttir		ENSK1RX05
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05	ENSK2HB05
	ENSK2OL05	ENSK3HI05
	ENSK2OL05 (fjarnám)	ENSK2YL05 (fjarnám)
	ENSK1HA05	
Helgi Þorvaldsson	ENSK1HF05	
	ENSK2OR05	ENSK2OR05

	Sogn	Sogn
Ingunn Helgadóttir	ENSK1RX05	ENSK1HA05
Kristín Runólfssdóttir	ENSK2HC05	ENSK2HC05
	ENSK3NF05	ENSK3YL05
Magndís Huld Sigmarsdóttir	ENSK1HA05	ENSK2HB05
	ENSK2HB05	ENSK2HC05
		ENSK2OR05
Stefán Hannesson		ENSK1HF05
Sveinn Magnússon	Litla Hraun	Litla Hraun
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK2HB05	ENSK3AE05
	ENSK2OR05	ENSK2OR05
		ENSK2HB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Helstu nýjungarnar á þessu ári voru fjarnámsvinnan líkt og hjá mörgum öðrum. (IH) gerði Innupróf í fyrsta sinn og telur líklegt að hún muni nota slíkt aftur þar sem mikil vinna fór í að útbúa prófið og nemendum gekk vel að leysa prófið á þennan hátt. Kennarar notuðu Teams í fyrsta sinn með góðum árangri og svo var í einhverjum tilfellum facetime og skype notað. Inna var gjörnýtt af öllum og gott að fá þær uppfærslur sem gerðar voru á meðan lokun stóð. Í yndislestri var nýbreytni í notkun lestrardagbóka og viðtöl voru tekin úr öllum kjörbókum. Gagnvirki vefurinn Literacy Planet hefur sannað gildi sitt fyrir enskuhópa á starfsbraut og ENSK1HF05 og kom sér einkar vel að hafa vefinn til viðbótar við annað þegar skólinn lokaði.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á vorönn var lokapróf felld út í ENSK2HB05 og annareinkunn hækkuð upp í 100% með lítills háttar breytingum á milli þátta. Í fjarkennslu komu fram í einhverjum tilfellum augljós dæmi um að nemendur fengju aðstoð sem erfitt var að koma í veg fyrir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

ÆPE sótti BETT ráðstefnuna í London í janúar 2020.

GG fór á námskeið í LHÍ – „hetjuferðin“ í ágúst 2019

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í ENSK2HC05 voru lesnar nýjar smásögur, skrifaðar á okkar tímum. Málfar í eldri smásögum er oft tyrfið fyrir nemendur og því æskilegt að lesa smásögur sem sýna tungumálið eins og það er í dag eða því sem næst.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Enskudeildin ætlar að skoða þróunar kennslu ritunar þvert á kjarnaáfanga upp á 3. þrep til að skoða hvernig við þróun þann námsþátt. Það er gott að skoða einn þátt í einu. Einnig verður skipt um kennslubækur í nokkrum áföngum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

(MHS) „Mögulega að hafa tækniðstöðu snyrtilegri og aðgengilegri. Í sumum stofum liggja snúrur eins og hráviði á gólfinu, sums staðar eru snúrur stuttar og þarf að tengja tölvuna í horninu og bogra svo yfir henni. Ef ætlast er til að kennarar geti tengst þráðlaust, má gæta að því að allar tölvur kennara geti tengst og það sé svo í öllum stofum. Ég myndi vilja hafa alls staðar þráðlausa hátalara. A.m.k. í stofum þar sem tungumálakennsla fer fram. Gott væri að fá fjarstýringu til að skipta um glærur til að kennari gæti verið gengið um meðan hann skipti um glærur- aukið flæði í kennslu.“

(HP) „Breytingin yfir í fjarnám gekk framár vonum hvað mig varðar, enda var maður búinn að kynnast hópnum vel og ná góðu utanumhaldi. Þessi breyting þýðir þó ekki að stjórnendur geti hér eftir skikkað kennara í fjarnám hvenær sem er. Hér var einungis verið að bregðast við neyðarástandi og við venjulegar aðstæður þarf að sjálfsögðu að semja sérstaklega við kennara sem taka að sér fjarnám.“

Annað – lokun skólans (KR) Telur að þar sem lagt var að kennurum að halda nemendum við námið og koma í veg fyrir brottfall með öllum ráðum hafi nemendur haft óeðlilega mikinn aðgang að kennara stóran hluta sólarhrings og jafnframt mikinn sveigjanleika í verkefnaskilum og aðhald. Nemendahópurinn hafi upphaflega ekki skráð sig í fjarnám og var því ekki undir það fyrirkomulag og sjálfstæði búinn. Í fjarnámi þarf kennari að hafa traust nemenda, vissu um að nemendur vinni sjálfstætt að verkefnum og próftöku. Nemendur þurfa að vera óhræddir við kennara og hafa samband og biðja um aðstoð þegar þess er þörf. Í fjarnámi þarf námshvöt einnig að vera til staðar, sem ekki er alltaf raunin með dagskólanemendur á fyrsta ári framhaldsskóla.

(GG)Það er augljóst þegar litið er til baka yfir vorönnina að þeir nemendur sem eru veikir fyrir, hafa sýnt lítinn áhuga á náminu eða þurfa að hafa mikið fyrir sínu námi, gekk ekki vel að fóta sig í því kennsluumhverfi sem tók við í mars. Margir þeirra féllu, þrátt fyrir alla mögulega viðleitni hjá kennurum til að hafa samband og peppa fólk áfram. Þetta er fullkomlega eðlilegt og við að búast og verður frólegt að skoða samantekt á námsárangri þegar til lengri tíma er litið.

Við kvöddum Svein E. Magnússon sem lætur af störfum eftir 35 ár í kennslu við enskudeildina nú í vor. Hann hefur verið frábær samstarfsfélagi og mikill viskubrunnur.

2.1.3 Íslenska

Kennslustjóri: Rósa Marta Guðnadóttir

KENNARAR OG ÁFANGAR

	Hautönn	Vorönn
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE3RT05	ÍSLE3HE05
	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE1FB05
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE2OS05	ÍSLE2OS05

	ÍSLE3HE05	ÍSLE3MV05
		ÍSLE1FB05
Jón Özur Snorrason	ÍSLE2OS05	ÍSLE2BV05
		ÍSLE2OS05
		ÍSLE3NB05
Katrín Tryggvadóttir	ÍSLE1LR05	ÍSLE1MR05
	ÍSLE2BV05	ÍSLE2BV05
	ÍSLE3HE05	ÍSLE3HE05
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE2BV05	ÍSLE1MR05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE2BV05
	ÍSLE3KB05	
Stefán Hannesson	ÍSLE1FA05	ÍSLE1RX05
	ÍSLE1RX05	ÍSLE1FA05
	ÍSLE3NB05	
Puríður M. Björnsdóttir	ÍSLE3NB05	ÍSLE3NB05

NÝJUNGAR Í KENNSLUHÁTTUM Á SKÓLAÁRINU

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR segir eftirfarandi um þennan þátt skýrslunnar:

- Haustönn Áfanginn Ritun og tjáning var í samstarfi við leiklistaráfangana smá hluta af önninni. Það kom vel út, nemendur höfðu gaman og gott af því. Skemmtilegt að geta komið þessu við og mæli með að því verði haldið áfram sé þess kostur.
- Vorönn Fjarkennsla. Námsáætlun var uppfærð þegar samkomubann tók gildi. Verkefni, samskipti og skil urðu með öðrum hætti.

GUÐBJÖRG DÓRA SVERRISDÓTTIR segir eftirfarandi um nýjungar í kennsluháttum:

Málvísindaáfanginn er í þróun. Fyrri hluti annar var helgaður kennslu ýmissa málvísinda og lauk hverjum þeirra með prófi. Á seinni hluta annar unnu nemendur stór verkefni sem byggðu á fyrri hlutanum.

Orðspor hefur verið í þróun. Þar var samið við Storytel og allir nemendur fengu aðgang að hjóðbókasafni þeirra án endurgjalds. Til stóð að kanna ánægju nemenda með þetta form á önninni en af því varð ekki vegna lokunar skólans. Engar aðrar nýjungar litu dagsins ljós nema þær sem lokun skólans kallaði á s.s. að flytja kynningar með talglæru og hafa samband við krakkana meira í gegnum Innu, síma, facebook og messenger.

JÓN ÖZUR SNORRASON segir eftirfarandi um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Ég glímdi við ýmsar nýjungar á þessu skólaári. Fyrst var ég sjanghæjaður í fangakennslu og umsjón þegar stutt var liðið á haustönnina. Þurfti ég að kveðja nemendur mína á öllum

þrepum námsins í þremur hópum um það bil sem ég var að læra nöfn þeirra. Einum hópi hélt ég eftir í dagskólakennslunni að beiðni stjórnenda. Kennslan í fangelsunum var vissulega lærdómsrík en hvorki skapandi né frjóvgandi. Hún dregur fremur mátt úr mönnum en eflir þá til dáða. Aðstaða er slæm og möguleikar til lifandi og gagnvirkar kennslu eru litlir. Á vorönn fólst nýjungin í fjarkennslu sem kennarar þurftu að beita í kórónuveirufaraldrinum. Nálægð varð að fjarlægð, engin örvandi ung andlit, engar samverustundir heldur þess í stað einvera við tölvu og vélræn samskipti. Hentar mér alls ekki sem kennara. Ég lærði þó prófagerð á rafrænan hátt og efldist í fjarlægðarsamskiptum við nemendur mína. Afleiðingin af þessu ástandi er sú að ég sé fæsta nemendur fyrir mér, andlit þeirra eru mér horfin að stóru leyti og nöfn.

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir eftirfarandi um nýjungar í kennsluháttum:

ÍSLE1LR05

Nýjungar voru fáar. Ný skáldsaga var kennd, *Rottur* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur. Hún gafst vel. Ekkert hefti var samið fyrir áfangann en kenndar glefsur úr gömlu hefti. Það var tæplega nógu markvisst þar sem ekki lá alveg ljóst fyrir hvað ætti nákvæmlega að taka fyrir og kenna.

ÍSLE1MR05

Grafarþögn var kennd eftir langt hlé. Þetta er ágætis saga til kennslu. Kennsla var frekar ómarkviss þar sem engin verkefni lágu fyrir og skipulag var mjög frjálst.

Námsefni fyrsta þreps áfanga er of líkt. Nemendur lesa og vinna skrifleg verkefni. Tilbreyting þarf að vera meiri. Ljóð, myndmál og stílbrögð þurfa að koma ákveðnar inn í MR. Einnig er hægt að hugsa sér vinnu með orðtök og málshætti, samheiti og andheiti. Að sjálfsgöðu þurfa nemendur að lesa og semja texta en það þurfa að vera fleiri atriði íslenskunnar tekin fyrir svo áfangarnir verði ekki allir eins. Stigandi þarf að myndast í námi nemenda.

ÍSLE2BV05

Snorra-Edda, Gylfaginning, er fyrirferðamesti hlutinn af áfanganum. Forn kveðskapur var þónokkuð fyrirferðarmikill, sérstaklega á síðari önninni þar sem Völuspá var lesin. Það er orðinn mjög langur tími síðan hún var kennd síðast. Brot úr *Njálu* var kennt á vorönn. *Njála* er of stór og mikil saga fyrir þennan áfanga. Betra væri að kenna styttri sögu og þá alla söguna. Þegar brot eru tekin úr sögum glatast ákveðið samhengi og atburðir og gerðir persóna skiljast ekki eins vel og æskilegt er.

ÍSLE3HE05

Á báðum önum var kennslan svipuð. Nemendahóparnir voru aftur á móti eins og svart og hvítt. Á haustönn voru verkefni lögð fyrir og þau unnin eftir bestu getu hvers og eins

nemenda og þeim síðan skilað á tilsettum tíma. Á vorönn voru svipuð verkefni lögð fyrir. Það var undir hælinn lagt hvort nemendur unnu verkefnin eða ekki og skil á þeim voru eftir dúk og disk.

Aðal nýjungar á árinu voru þær að skólanum var lokað vegna C19 veirunnar. Mér þótti samt vænt um að mega koma í skólann, prenta út eða ljósrita, ná í gögn eða leita næðis. Eftir miðjan mars var ekki hefðbundin kennsla. Fjarkennsla tók við. Kennurum var sýnt Teams forritið og eftir það áttu þeir að kunna á það og geta kennt í gegnum forritið. Ekki voru settar ákveðnar reglur um mætingu nemenda eða hvernig kennsla skyldi fara fram. Nemendur og kennarar höfðu því engan ramma sem hélt utan um þá. Hver kennari fór því sína leið og reyndi að gera það sem hann gat. Ég lagði fyrir verkefni sem nemendur skiluðu síðan og fengu einkunn fyrir. Próf voru einnig lögð fyrir. Ég gat ekki nýtt mér Teams vegna þess að ég fékk enga svörun frá nemendum. Ég gat ekki talað við viðbragðalausán skjá. Ég talaði inn á glærur til að útskýra efni. Tölvupóstar voru mikið notaðir. Í BV gengu umræður á Innunni nokkuð vel. Nemendur settu þar inn spurningar eða sendu þær í tölvupósti. Ég útskýrði efni Gylfaginningar og *Njálu* og annað sem spurt var um. Ég hringdi í alla nemendur og suma þeirra nokkrum sinnum. Í HE fengu nemendur athugasemdir skriflega inn í ritgerðina sína og fengu hana síðan inn um bréfalúguna. Í HE eiga nemendur að flytja fyrirlestur um ritgerðina sína og efni hennar. Í þetta sinn töluðu þeir inn á glærurnar sem þeir bjuggu til. Það gekk í öllum tilfellum nokkuð vel og tveimur nemendum fannst það örugglega betra en að mæta fyrir framan hópinn og segja frá. Þessa leið vil ég samt ekki fara þegar kennsla er hefðbundin. Æfingin að standa fyrir framan hóp og þurfa að tjá sig er mikilvæg hverjum nemanda. Hún má ekki glatast.

Langflestir nemendur gerðu sitt besta en það er greinilegt að það að mæta á ákveðinn stað og vinna ákveðin verkefni er nauðsynlegt aðhald fyrir mjög marga nemendur. Það falla nokkrir nemendur sem annars hefðu flotið í gegn á vinnu sinni í tímum.

Ég hef ekki áhuga á fjarkennslu því mér fannst hún vera „dauð“ og það vantaði alla „hreyfingu“ í hana. Ég hef ekki áhuga á einveru.

RÓSA MARTA GUÐNADÓTTIR segir um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Ég kenni fagið mikið í gegnum ritun og skapandi skrif eru alltaf hluti af starfinu. Þau skapa og tjá sig, læra að færa rök fyrir máli sínu og byggja ritsmíð upp. Þegar ég kom úr leyfi eftir páska kenndi ég rafrænt og gekk það ljómandi vel. Allir þeir nemendur sem voru komnir vel á skrið í námi sínu 8. mars þegar ég fór í leyfi stóðu sig vel og luku áföngunum mörg með góðum árangri.

STEFÁN HANNESSON segir eftirfarandi um nýjungar sínar í kennsluháttum:

Fyrir utan fjarkennslu vegna Covid var kennslan með hefðbundnum hætti í vetur.

ÞURÍÐUR M. BJÖRNSDÓTTIR SEGIR UM ÞENNAN ÞÁTT SKÝRSLUNNAR:

Fjarkennsla á Teams og Innu.

NÁMSMAT. SÍMAT/LOKAPRÓF. MAT Á NÁMSMATSADFERÐUM

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR segir eftirfarandi um þennan þátt skýrslunnar:

Orðspor var bæði símats- og lokaprófsáfangi á haustönn en á vorönn breyttist hann undir lok annar í símatsáfanga vegna samkomubanns og fjarkennslu. Símat hentar þeim áfanga mun betur að mínu mati.

Aðrir áfangar sem ég kenndi voru með símat og það hentaði þeim vel.

GUÐBJÖRG DÓRA SVERRISDÓTTIR SEGIR UM ÞENNAN ÞÁTT SKÝRSLUNNAR:

Símat í öllum áföngum, byggt á prófum og verkefnum á önn.

JÓN ÖZUR SNORRASON segir eftirfarandi um námsmat:

Námsmat í *orðspori* á haustönn innihélt lokapróf. Nemendur gátu unnið sig frá því með 70 stiga vinnueinkunn. Tæplega helmingur nemenda þurfti að þreyta lokapróf. Í sama áfanga á vorönn felldum við niður lokapróf vegna córónuveirunnar og það sama gildi um *bókvitsáfangann* á 2. þrepi sem ég kenndi á vorönn. Ekkert lokapróf. Námsmat í nútímabókmenntum á 3. þrepi byggðist eingöngu á verkefnaskilum og lotuprófum á önninni. Ekkert lokapróf. Símat af þessu tagi hefur sína kosti og galla. Mikilvægt er að líta á símatið sem lotubundið nám þar sem ákveðin skammtur af lærdómi er tekinn fyrir í einu og honum síðan lokið og næsta lota hefst sem um leið byggir ofan á þá fyrri. Ég er talsmaður símatsins ef það er unnið með það á markvissan hátt, í lotuformi með ofanábyggingu. Mikilvægi ritunar í námsmati nemenda í íslensku verður seint of metið. Legg ég því til og mæli um að RITUN sé og verði áfram kjölfestan í íslenskunámi nemenda í FSu.

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir um þennan þátt skýrslunnar:

Áfangarnir eru með símati nema Bókvit. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu var honum einnig breytt í símatsáfanga og prófið úr *Njálu* haft í loka kennslu.

Í áfanganum BV finnst mér vera nauðsyn á prófi í annarlok. Of margir nemendur slepptu hluta af námsefninu. Þeir reiknuðu út að þeir væru búnir að ná 4,5 og þar með búnir að ná áfanganum. Lokapróf fær nemendur til að lesa allt námsefnið og þar með að ná ákveðinni heildarsýn á allt efnið. Ég vildi gjarnan að þeir sem næðu sjö í annareinkunn gætu sleppt prófi. Þeir hafa lesið allt efnið og unnið verkefnin úr því.

Í áföngum LR, MR, og HR hentar símat nokkuð vel. Þar sé ég enga ástæðu til að prófa í annarlok.

STEFÁN HANNESSON segir eftirfarandi um námsmat:

Símat í öllum áföngum. Verkefnavinna var undirstaða námsmats. Í Nútímabókmenntum skrifuðu nemendur einnig kjörbókarritgerð og tóku nokkur próf (annars vegar kaflapróf úr

„Skáld skrifa þér“ með það markmið að kanna þekkingu nemenda á bókmenntahugtökum og nokkrum staðreyndum um lykilskáld í íslenskri bókmenntasögu 20. aldar, og hins vegar krossapróf úr söguþræði bókarinnar „Síðasta ástarjátningin“ með það markmið að kanna hvort nemendur væru að lesa bókina yfirhöfuð). Þessar námsmatsaðferðir reyndust mjög vel. Ég væri þó til í að leggja fyrir próf í Fornáminu ef ég kenni það aftur, ég tel að verkefnin séu ekki fullnægjandi til að kanna þekkingu nemenda á málfræðihugtökum og hæfni til að beita þeim.

ÞURÍÐUR M. BJÖRNSDÓTTIR segir eftirfarandi um námsmat:

Símat; verkefni, próf, ritgerð – alls 17 einkunnir.

NÁMSKEIÐ SEM KENNARAR HAFA SÓTT

Guðbjörg Grímsdóttir: Nei. Skráði mig á námskeið í Stílbrögðum en það tókst ekki að halda það vegna dræmrar þátttöku. Reyni aftur síðar.

Þarf kannski ekki að taka fram að sífellt grúsk á neti í greinalestri, kennslumyndböndum, fræðslu og fleira er sífellt námskeið í mínum huga.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir: Námskeið í skapandi skrifum hjá Guðrúnu Evu Mínervudóttur á Laugarvatni.

Jón Özur Snorrason: Í gegnum GULLKISTUNA á Laugarvatni sækir ég alltaf, undirbý og aðstoða við námskeið í skapandi skrifum og hugsun. Tvö námskeið í ritun á haustmánuðum 2019 vil ég nefna í því sambandi, annað með Guðrúnu Evu Mínervudóttur í ritun frásagna og hitt með Hlín Agnarsdóttur í ritun leikrita. Formleg námskeið á vegum endurmenntunarstofnunnar sótti ég ekki að þessu sinni.

Katrín Tryggvadóttir: Ég man ekki til að ég hafi sótt námskeið þennan veturinn. Veður og færð hömluðu í janúar og febrúar og svo veiran í mars þannig að ég sótti ekki námskeið hjá Endurmenntun þennan veturinn.

Rósa Marta Guðnadóttir: Ég sótti námskeið í skapandi skrifum hjá Samtökum móðurmálskennarar í ágúst. Einnig sótti ég viku námskeið á Spáni sem fjallaði um yoga og hugrækt fyrir börn og ungmenni.

Ég starfa með DKG sem eru samtök kvenna í menntamálum og er fundað einu sinni í mánuði þar sem ýmis fræðsla sem lýtur að menntamálum er á boðstólnum. Einnig er ég virk í Samtökum móðurmálskennarar og sækir þar fundi og fræðslu.

NÝJAR KENNSLUBÆKUR OG KENNSLUGÖGN Á ÁRINU

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR segir um þetta atriði skýrslunnar:

Gerð var tilraun með samning við Storytel og fengu nemendur frían aðgang í mánuð. Það gekk ágætlega, smá bras með aðgang hjá sumum en því var kippt í liðinn. Nemendur völdu

síðan bækur með samþykki kennara og hlustuðu á – eða lásu eftir vild. Ég myndi vilja hafa kjörbækur með öðru sniði næst, þar sem kennari velur bækurnar og hefur ákveðið þema. Unnið var með texta um málfar og fleira sem nemendur áttu að lesa. Það gekk vel og má bæta við þennan þátt.

GUÐBÖRG DÓRA SVERRISDÓTTIR segir um þetta atriði skýrslunnar:

Ný skáldsaga var lögð til grundvallar í fornámi, Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins.

JÓN ÖZUR SNORRASON segir um þennan þátt skýrslunnar:

Kennslubækur í þeim áföngum sem ég kenndi í dagskóla FSu voru kunnuglegar og komu ekki á óvart. Við lögðum *Sumarljósi og svo kemur nóttin* á haustönninni í orðsporsáfanganum vegna þess að þessi frábæra saga hefur ekki verið endurútgefin. Við tókum upp í staðinn smásögur eftir Gyrði Elíasson, Guðrúnu Evu og fleiri höfunda og má segja að slíkt hentar MJÖG vel. Hinar styttri skálduðu frásagnir má nota í miklu meira mæli í íslenskukennslu í framhaldsskóla. Í kennslu bókvits er stuðst við kennslubókina *Guðirnir okkar gömlu* sem myndar hryggjarstykkið í áfanganum. Fróðlegir kaflar um miðaldir fyrir framan frumtexta Gylfaginningar gerir þessa bók óhandhæga í formi. Innihald er hins vegar gott er framsetninguna mætti bæta. Í nútímabókmenntum á 3. þrepi eigum við í vandræðum með kennslubækur í bókmenntasögu sem þykja of léttvægar eða of kenningamiðaðar. Ég held að þessi vandi sýni hversu mikill vandi er að semja kennslubók sem fjallar um nútímann.

KATRÍN TRYGGVADÓTTIR segir um þetta atriði skýrslunnar:

Í HE eru engar bækur. Kennslugögn og verkefni eru öll unnin af kennara.

BV er nokkuð gamalkunnur áfangi. Eftir langan tíma er Völuspá aftur orðin ný. Engin kennslubók var notuð þannig að það þurfti að gera Völuspá þannig úr garði að textinn væri tölvutækur, með skýringum og hægt væri að leggja textann fyrir nemendur á fyrsta ári. Ný verkefni voru samin úr Njálu.

Í LR þurfti að semja öll próf og verkefni þar sem *Rottunnar* höfðu ekki verið kenndar áður.

MR. Ég hef aldrei kennt *Grafarþögn* áður. Úr henni voru til hlutar af gömlum prófum sem þurfti að laga. Verkefni þurfti að endurnýja.

RÓSA MARTA GUÐNADÓTTIR segir um þennan hluta skýrslunnar:

Í Kvennabókmenntum kenndum við Ungfrú Ísland og valdar smásögur eftir íslenskar konur. Grafarþögn var tekin upp í Mál og ritun og hluti af Njálu var lesin í Bókviti.

STEFÁN HANNESSON segir um nýjar kennslubækur og kennslugögn:

Ég nýtti mér verkefni af Skólavefnum í Fornáminu, veit ekki hvort aðrir kennarar hafa nýtt sér þau í þessum áfanga. Mér skilst að „Síðasta ástarjátningin“ hafi ekki verið lesin áður, mér finnst hún mjög hentug fyrir áfangann þar sem hún reynir á færni nemenda til að túlka bókmenntaverk með því að lesa milli lína. Í bókinni leynast ýmsar duldar merkingar.

Ég prófaði einnig nokkrar smásögur af Skólavefnum fyrir starfsbrautarhópinn. Þessum sögum fylgja spurningar sem reyna á lesskilningin nemenda. Þær reyndust mjög vel. Svo stendur Hrafnkels saga alltaf fyrir sínu, ég notaði hana í Fornámshópnum á haustönn.

TILLÖGUR AÐ STARFSÁÆTLUN NÆSTA SKÓLAÁRS

GUÐBJÖRG GRÍMSDÓTTIR: Myndi vilja sjá Orðspor gerðan að símatsáfanga. Gaman að hafa samstarf á milli áfanga – eins og leiklistar við Ritun og tjáningu. Það kom vel út og það væri skemmtilegt að hugsa þetta í fleiri áföngum þar sem við á.

GUÐBJÖRG DÓRA SVERRISDÓTTIR: Ég vildi gjarnan sjá að skoðuð sé samfella í námi frá fornámi yfir á þriðja þrep. Vil sjá að snúið sé við röð áfanga á 1. þrepi þannig að það verði eins og í fornámi, þ.e. að fyrri áfangi sé hugsaður sem undirbúningsáfangi/grunnáfangi fyrir 2. þrep og inn á hann fari allir sem nú fara í Lestur og ritun og Mál og ritun en þeir sem ekki ná honum þurfti að taka viðbót eftir áramót. Hinir fari á 2. þrep. Á þann hátt mætti tryggja að allir nemendur sem ekki fara beint á 2. þrep eftir grunnskóla hafi sama grunninn.

JÓN ÖZUR SNORRASON: Nonni litli fer í námsorlof á næsta skólaári og hefur sótt um nám í ritlist við HÍ. Er það í fullu samræmi við það sem hann nefndi í umsókn sinni. Ég vona bara að kennarar haldi áfram sínu góða starfi á komandi skólaári, séu sanngjarnir gagnvart nemendum sínum, geri kröfur, leiðbeini þeim, hvetji þá, gagnrýni, efli og styrki og geri þá að sterkum og skapandi einstaklingum. Samræma mætti námsmat í greinum og gaman væri ef hlutlæg, utanaðkomandi og fagleg úttekt væri gerð á námsmati innan greina, á milli greina og á milli kennara í FSu. Að hafa frumkvæði um slíkt myndi efla stofnunina.

RÓSA MARTA GUÐNADÓTTIR: Mér fannst rafræn kennsla ganga vel þannig að ég gæti hugsað mér að halda úti slíkum áföngum fyrir t.d. nemendur sem eiga erfitt með að mæta í skólann en vilja læra. Margir heiðursmenn hafa tekið hjá mér Mál og ritun en verknemar þurfa að taka þann á áfanga. Þetta eru oft aðeins eldri nemendur sem jafnvel eiga fjölskyldu og þurfa að vinna með námi en eiga ekki gott með að mæta í skólann alla tíma.

STEFÁN HANNESSON: Mér fannst veturinn ganga yfirhöfuð mjög vel þrátt fyrir sérstakar aðstæður. Ég legg áfram áherslu á nemendafjöldi í RX-hópnum fari ekki yfir 7. Þar sem nemendur taka ýmsa hefðbundna áfanga, og í mörgum tilvikum áfanga sem ég er ekki að kenna þá önnina né hef kennt yfirhöfuð, þá fylgir honum gríðarlega mikil vinna. Fyrir utan það að nemendur í þessum áfanga krefjast óvenju mikil aðhalds.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

GUÐBJÖRG DÓRA SVERRISDÓTTIR: Þar sem teymisvinna er sífellt að aukast þarf að bæta vinnuaðstöðu og gefa kennurum kleift að vinna sama á stað þar sem má tala upphátt. Lengi vel var kaffistofa kennara nýtt til þessa en eftir að kvartanir fóru að berast þar sem þessu fyrirkomulagi var mótmælt hafa kennarar ekki þorað að nýta sér þennan stað.

Gera þarf kennslustofur aðlaðandi og skapa þar gott vinnuandrúmsloft. Ekki reynist öllum auðvelt að vinna á stað sem er jafn kuldalegur og kennslustofurnar.

Tryggja þarf kennurum tíma til að vinna saman. Of mikið er um að kennarar sem kenna sama fag nái ekki að hittast þar sem kennsla hjá þeim stangast á.

JÓN ÖZUR SNORRASON: Ég vil senda mínar allra bestu kveðjur til Þórarins Ingólfssonar sem nú lætur af störfum sem aðstoðarskólameistari og þakkir fyrir ánægjulegt og sérlega jákvætt samband í gegnum árin. Með Tóta og fleiri burtflognum kennurum minnka tengslin við upphaf og þróun skólastarfsins í FSu. Mikilvægt er að hlúa að rótunum um leið og gróðursettir eru nýir sprotar. Þriggja ára námið hefur vissulega kveðið niður félagslega þáttinn í skólastarfinu en gaman væri að efla hann að nýju, skapa hefðir, endurnýja hefðir með framlagi nemenda.

RÓSA MARTA GUÐNADÓTTIR: Í íslenskum framhaldsskóla ætti íslenskan að hafa heiðursess. Sérstaklega í ljósi þess að aðeins fáeinir tala tungumálið og þess vegna er það í hættu og gæti tapast. Íslenskan er það dýrmætasta sem við eigum sem þjóð. Mörg tungumál sem fámenni talar hafa dáið út og glatast. Það er langt í frá að íslenskan hafi heiðursess við FSu. Öll vinna á að fara fram með hraði og lítill tími til að ígrunda, spá og spekúlera en þannig fer fagleg vinna fram. Mér finnst til dæmis ótækt að hafa texta í ramma í matsal skólans eingöngu á ensku. Hann ætti í fyrsta lagi að vera á íslensku eða öllum tungumálunum sem eru kennd við skólann.

Stórstígar framfarir voru í íslenskudeild í vetur enda öflugt fólk innanborðs og hafa allir lagt hönd á plóg til að bæta starfið og samræma áfanga. Við náðum að vinna að góðri samfellu í ritunarkennslu á þann hátt að nemendur þjálfast jafnt og þétt í gegnum allt námið. Að mínu mati er nauðsynlegt að nemendur lesi vandaðan texta í öllum áföngum til að auka orðaforðann og læra gott mál.

Ákveðið var að nemendur færu í menningarferðir á hverri önn. Það tókst ekki nema hópur í barnabókmenntum lagði land undir fót. Við leyfum þessari hugmynd að lifa og vonandi gengur hún eftir í framtíðinni.

Harpa Rún ljóðskáld heimsótti nemendur í kvennabókmenntum á haustönn 2019. Hún er fyrrverandi nemandi í skólanum og fræddi hún nemendur um dvöl sína í skólanum og um ritsmíðar sem hún hefur fengist við. Mjög ánægjulegt að hitta hana.

Dagur íslenskrar tungu var í heiðri hafður og skrifuðu nemendur örsögur. Sú saga sem þótti skara fram úr var verðlaunuð og hlaut höfundurinn bók með áletrun um afrekið. Við stefnum á að halda daginn hátíðlegan og vekja um leið vonandi meiri áhuga á íslenskri tungu.

Við Guðbjörg Dóra fórum á fund í Hvolsskóla á Hvolsvelli og kynntum starf íslenskudeildar í FSu. og fræddumst um starfið í grunnskólunum þar og á Hellu og eins var kynning frá Menntaskólanum á Laugarvatni.

Fundað var með félögum frá Keflavík og Akranesi. Það var gott að hitta íslenskukennara og bera saman bækur. Margt kom í ljós og var í lok fundar velt fyrir sér skólaþróun og starfinu okkar.

Ég tel að íslenska fyrir útlendinga þurfi að lúta eigin fagstjórn. Ég hef verið í litlu sambandi við þær stöllur sem kenna hana og virðist þetta ekki beint rekast saman. Við ræddum þó ýmsar hugmyndir t.d. að gaman væri að þeir nemendur sem þar stunda nám geti tengst öðrum í skólanum og jafnvel kynnt sína menningu. Einnig var fundað um nemendur í hópnum með námsráðgjafa.

Skólaþróun

Nauðsynlegt er að vinna að skólaþróun t.d. dæmis hafa verið haldnir fundir í skólanum þar sem mannskapurinn situr saman og leggur til hvað megi bæta. Ótrúlega margt hefur komið fram sem sannarlega má nota en einhvern veginn dagar þetta meira og minna uppi og ekkert verður úr neinu. Það þarf einhver að leiða aðgerðirnar og smám saman verða þær að hefðum sem ef til vill duga mikið betur. Eins mætti dusta rykið af nýnemaönninni, sem var skipulögð af fagkennurum úr öllum greinum, og koma henni í gagnið. Það þarf að kippa skólanum inn í 21. öldina, þetta er að mörgu leyti 20. aldar skóli.

Að mínu mati þarf að vera mun meiri samvinna milli námsgreina t.d. tungumála, listgreina, raungreina og verkgreina. Menn eru mikið að paufast hver í sínu horni, í tímaþröng. Listgreinarnar og önnur fög þurfa að vinna saman. Til dæmis með því að setja upp leiksyningar, tónleika, myndlistarsýningar og svo má lengi telja. Í þessu starfi koma allar greinar saman og úr verður sköpun og afrakstur. Það er ekki nóg að hafa flottar íþróttabrautir það þarf einnig nauðsynlega að hlúa að menningu og listum.

Mér finnst mikil meðvirkni í skólanum og gerðar of litlar kröfur til nemenda. Ef þeir fá ekki krefjandi verkefni fer þeim ekki fram. Þetta hefur farið nokkuð í taugarnar á mér, mín kynslóð kallar þetta bómullarvæðingu. Þegar ég fór að skoða málið sá ég að ég er meðvirkust af öllum og held utan um nemendur eins og ungammamma. En ég geri kröfur til þeirra og segi þeim að mitt hlutverk sé að ýta þeim aðeins lengra en þeir komist.

Leitt er að sumir nota kvíða sem stjórnþæki og ætlast til að segið sé af kröfum og þeir nái áföngum á undanþágu. Þetta hefur því miður átt sér stað í íslenskudeild. Mismunandi kröfur eru jafnvel milli kennara innan sömu áfanga. Ástæðan fyrir því er m.a. að samkennarar hafa lítinn tíma til að hittast nema ef til vill í síðasta tíma á föstudögum, fundargatinu. Það er þó afskaplega óhentugur tími þreyttu fólk í lok vinnuviku.

Í lok hvernar annar spyr skólameistari: „Hvers vegna er svona mikið brottfall úr framhaldsskólum“. Ég tel svarið felast í aðgerðarleysi og leiðindum sem margir nemendur upplifa í skólanum. Hvernig líf er það að nota aðallega puttana og glápa á skjá í hendi sér eins og líf margra virðist snúast um.

Ég legg til að a.m.k. einn miðvikudagsfundargat í mánuði sé helgað deildarfundum. Það er ótækt að mannskapurinn eigi að vera á mörgum fundum á sama tíma. Þetta gerist ítrekað á fundum deildarinnar og einhvern veginn eru íslenskufundir ekki alltaf í fyrirrúmi þannig að sjaldan næst fullmæting.

Íslenskudeildin hefur breyst töluvert eftir að ný námskrá var tekin upp og ætti íslensk tunga að hafa heiðurs sess í íslenskum framhaldsskóla. Tungan er þegar upp er staðið þjóðargersemi Íslendinga og það vita allir sem eru fremstir meðal þjóðarinnar eins og til dæmis sú mæta kona Vigdís Finnbogadóttir.

2.1.4 Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

Á fyrsta námsári taka allir nemendur skólans, nema nemendur á sérnámsbraut, áfanga í félagsfræði og umhverfisfræði á fyrsta hæfniprepi sem báðir bera titilinn Ergó og vísað er til sem nýnemaáfangi.

Kennarar og áfangar

Nafn kennara	Hautönn 2019 Áfangaheiti	Vorönn 2020 Áfangaheiti
Eyrún Björg Magnúsdóttir		UMHV1SU05
Guðmundur Björgvin Gylfason	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Guðríður Egilsdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Gunnar Rafn Borgþórsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ragnheiður Eiríksdóttir	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Sigursveinn Sigurðsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Stefán Hannesson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Tómas Davíð Ibsen	FÉLA1SA05	UMHV1SU05
Ægir Sigurðsson	FÉLA1SA05	UMHV1SU05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir í þessum áföngum voru með svipuðum hætti og áður, 2 og 2 kennarar að vinna saman með stóran nemendahóp. Leitast var við að skipta hópnum stundum upp og

nýta plássið fyrir framan stofuna til að dreifa betur úr nemendum og að báðir kennarar séu þá virkir við að aðstoða nemendur. Kennarahópurinn í heild deildi með sér verkum með að endurskoða og búa til verkefni og kom margt gott út úr þeirri samvinnu.

Á vorönn voru teknir upp kennsluhættir fjarnáms og lærðu kennarar mikið af því.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir eru báðir símatsáfangar og eru mjög verkefnamiðaðir þar sem leitast er við að hafa fjölbreytt verkefni, bæði hópa- og einstaklingsverkefni. Ígrundun er mikilvæg þegar fengist er við svona málefni og því var í báðum áföngum haldin hugleiðingabók sem gildir líka til einkunnar. Verkefnin eru frekar mörg og gilda svipað svo vinnan varð jöfn yfir önnina. Eftir á að hyggja að hefði mátt standa fastar á skilafrestum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ægir Sigurðsson sótti námskeiðið Loftslagsbreytingar og viðkvæm jörð hjá HÍ og útbjó kennsluefni fyrir hina kennarana út frá því.

Ragnheiður Eiríksdóttir, Tómas Davíð Ibsen og Guðmundur Björgvin Gylfason eru þátttakendur í Erasmus+ verkefni um mannkostamenntun sem hefur nýst í áföngunum. Kennarar sóttu rafrænar ráðstefnur og fyrirlestra um tengd málefni.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar eiginlegar kennslubækur eru í Ergó-áföngunum en stuðst var við bókina *Hugskot* í FÉLA1SA05 og bókina *Verður heimurinn betri* sem er gefin út af Sp í UMHV1SU05. Mikið af góðu efni og myndböndum af netinu voru nýtt og eru kennarar duglegir að uppfæra það.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Nú er kominn áhugasamur og öflugur kennarahópur í fagið og stefnum við að því að halda áfram að móta þessa áfanga og gera enn betur í að koma þessum mikilvægu málefnum á framfæri við nemendur.

Á haustönn viljum við leggja meiri áherslu á að kenna nemendum á tölvukerfin, Innu og Office 365 og almenn vinnubrögð. Við stefnum á að nota Turnitin á verkefnin til að koma í veg fyrir að nemendur séu að skila inn verkefnum frá öðrum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Mikill áhugi er fyrir því að farið verði með nemendur í vettvangsferð í lok beggja anna. Á haustönn að fara í einhverskonar menningarferð og á vorönn að farið verði í gróðursetningu og kynningu á sjálfbærri starfsemi á Suðurlandi. Óskað er eftir því að skólinn greiði fyrir rútukostnað í þessar ferðir.

Í þessum áföngum er verið að reyna að vekja athygli nemenda á afar mikilvægum málefnum og að þau láti sig þau varða í daglegu lífi. Nemendur þurfa að sjá að skólinn allur einkennist af jafnrétti, virðingu fyrir mannréttindum og umhverfisvernd til þess að það takist. Við viljum því bara ítreka að mikilvægt er að stjórnun skólans einkennist áfram af þessum áherslum.

2.1.5 Bragi

Fagstjóri: Ægir Sigurðsson

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Eva Dögg Jafetsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Guðbjörg Grímsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Guðfinna Gunnarsdóttir	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Stefán Hannesson	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Tómas Davíð Ibsen	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Svanur Ingvarsson	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Ægir Sigurðsson	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Guðbjörg Helga Guðmundsd.	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Ingunn Helgadóttir	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Guðmundur Björgvin Gylfason	BRAG1SA01	BRAG1SC01
Óskar G. Jónsson	BRAG1SB01	
Sólveig Sigmarsdóttir	BRAG1SB01	
Brynja Ingadóttir	BRAG1SB01	
Sverrir Geir Ingibjartsson	BRAG1SB01	
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	BRAG1SB01	
Ágústa Ragnarsdóttir	BRAG1SB01	
Ronald Guðnason	BRAG1SB01	
Hrefna Clausen	BRAG1SB01	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Braga áfangar voru kenndir með svipuðu sniði og verið hefur síðustu ár. Ný verkefni voru lögð fyrir á báðum önnum þar sem lögð var áhersla á að undirbúa nemendur fyrir eigið nám og framtíðaráform.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfangarnir eru símastsáfangar þar sem nemendur vinna verkefni í tengslum við eigið nám og námsferla.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Bragastjóri leggur til að hafa ekki mentora á haustönn 2020. Önnina þarf þá að skipuleggja með hliðsjón af þeirri breytingu. Mentorar hafa verið mikilvægir í nýnemaferðinni og leggur bragastjóri til að Nemendafélag FSu komi í staðinn meira að skipulagi þeirrar ferðar. Lögð verður meiri áhersla á að nýnemar læri á vel FSu og kynnist vel öllu því námsframboði sem í skólanum er.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Ekki eru lagðar til neinar úrbætur að þessu sinni.

Annað

Ánægja er meðal Bragakennara með þessa áfanga og telja þeir mikilvægi áfangans vera mikið.

2.1.6 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Eyrún B. Magnúsdóttir

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Birna Sigurkarlsdóttir	FÉLA2AF05	
Eyrún B. Magnúsdóttir	FÉLA2AF05	FÉLA2AF05
	FÉLA3KA05	FÉLA3RS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Við höfum verið að þróa FÉLA3KA05 síðustu 2 skipti sem hann hefur verið kenndur. Áfanginn er kennsla í aðferðafræði í félagsvísindum og framhaldsáfangi félagsfræðinnar sameinað. Við vildum reyna að auka við faglega nálgun á viðfangsefni félagsfræðinnar með þessu. Hefur gengið ágætlega en er enn í þróun. Mikið um nýjungar á vorönn vegna Covid-19. Þurfti að breyta nálgun á nær öllum verkefnum sem eftir voru af önninni þar sem vanalega er mikið lagt úr samvinnu og samræðu nemenda í stofu og nálægð við kennara þar sem hægt er að ræða hlutina þegar þeir koma upp. Kennsluaðferðir urðu því að hluta til ópersónulegri og fyrirmæli einfölduð. Meira stuðst við bókina í FÉLA2AF05 en hefur oft verið gert sem var beggja blends. Hefur verið reynt að nýta samfélagsleg dæmi úr nútímanum til að tengja við félagsfræðileg hugtök áður en bókin þarfnast uppfærslu. Þó gott að hafa frekar nákvæma kennslubók í svona aðstæðum. Heimapróf voru vegna lotuloka í FÉLA2AF05 bæði á haust- og vorönn og kom það bara mjög vel út.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat eins og alltaf. Mjög sátt við þá aðferð. Hef gefið ákveðið fyrir virkni líka en fannst það erfiðara á vorönninni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sat námskeið félags félagsfræðikennara í ágúst 2019; Faglegar og tæknilegar nýjungar í kennslu félagsgreina. Var einnig á námskeiði á vegum Amnesty; Mannréttindi rýnd til gagns, sem var í gangi frá ágúst 2019 til janúar 2020. Fórum öll á hraðnámskeið í fjarkennslu í mars.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ný kennslugögn snúast um nýja eða nýlega atburði í samfélaginu sem nemendur eru beðnir um að skoða út frá viðeigandi áfanga. Engar nýjar kennslubækur.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Eins og áður tel ég mikilvægt að hugsa um breytt viðhorf gagnvart mætingaskyldu. Nemendur læra frekar ef þeir mæta vegna þess að þeim finnst þeir græða á því frekar en að óttast F eða mæta af því aðrir skipa þeim. Það tekur tíma að koma breyttu viðhorfi inn en gerist aldrei ef það er ekki reynt 😊

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Það er greinilegt að kennarar og stofnunin ræður við að halda úti fjarnámi. Ég held að það ætti að bjóða upp á það með dagskóla. Töluvert af brottfalli er nemendur sem eiga erfitt með að mæta á staðinn en ekki svo erfitt með námið sjálft. Gæti verið fýsilegur kostur fyrir þá. Einnig gæti það aukið aðsókn nemenda sem koma lengra að og eiga erfitt með að finna húsnaði á eða nálægt Selfossi auk þess sem eldri nemendur myndu sennilega kjósa þann kost frekar með vinnu.

Annað

Það væri gott að vita hvort að öll sú aukavinna sem var innt af hendi langflestira kennara í tengslum við ástandið út af Covid – 19 verði metin til launa eða kjarabóta.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Guðbjörg Grímsdóttir og		GOÐI3GG05, Grísk og
Guðfinna Gunnarsdóttir		norræn goðafræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Fjarnám. Þegar samkomubann skall á voru verkefni, kennsla, samskipti og námsmat aðlagð að breyttum aðstæðum.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfanginn er símatsáfangi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nei.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýjar bækur voru kenndar í áfanganum, ein þýdd bók fyrir norræna goðafræði (hægt að fá hana á ensku) og önnur fyrir gríska goðafræði sem er á ensku.

Annað

Við erum ánægðar með áfangann og teljum hann kominn til að vera. Nemendur eru að kynnst efni sem þeir myndu ekki þekkja annars. Verkefni eru fjölbreytt og reyna á sjálfstæði og hugmyndaauðgi nemenda.

Við vinnum vel saman og erum byrjaðar að þróa áfanga í menningarlæsi. Hugmyndin kom í skólaferð FSu til Óðinsvéa og höfum við fylgt þeirri hugmynd eftir. Erum byrjaðar að semja áfanga lýsingu og þar segir meðal annars: „Í áfanganum eru ólíkir menningarheimar skoðaðir með það í huga að efla menningarlæsi nemenda. Menningarlæsi er það að öðlast skilning á því hvernig samfélög eru uppbyggð og af hverju samskipti fólks eru eins og þau eru.“ og verður áfanginn unninn áfram næsta vetur þannig að hann rati að lokum á áfangamessu.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Guðbjörg Grímsdóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir	HUGI2NÚ05	HUGI2NÚ05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í sjálfu sér ekki, breytti verkefnum og gerði þau fjölbreyttari en kennsluhættir voru í svipuðu formi – efni var meira til skoðunar þetta árið.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Áfanginn er símatsáfangi. Námsmat byggir á verkefnaskilum, mætingu og virkni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GGR fór á núvitundarnámskeið á netinu, 6 vikur þar sem æfingar, fyrirlestrar, verkefni og fleira var á dagskránni. Mjög áhugavert.

RE sótti hugleiðslunámskeið á vegum Lífsspekifélags Íslands sem Haraldur Erlendsson stýrði.

Erum duglegar að fylgjast með því sem er um að vera varðandi fagið.

GGR er áskrifandi að breskri leikjasíðu og fæ einn leik sendan á pósti í viku.

Erum báðar áskrifandi að hugleiðslu- og núvitundarappi.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ekki nýjar kennslubækur en kennslugögn eru alltaf að uppfærast. Nota mikið efni af netinu og þá bætist alltaf við flórana.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Það er frábært að fá að kenna í salnum og við vonum að við fáum það áfram. Hentar áfanganum sérlega vel þar sem bæði um bóklega og verklega tíma er um að ræða.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05	HEIM2BY05 HEIM3SM05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir eru í stöðugri þróun en það sem einkenndi vorönnina var auðvitað fjarkennslan í lok annar. Hún gekk vel að því leiti að kennari náði að útbúa þökkalega gott fjarkennsluefni, fyrirlestra og rafræn próf, en það bitnaði þó á samræðuhlutanum sem er mjög mikilvægur í heimspekikennslu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat var með svipuðum hætti og áður á haustönn en á vorönn var meira um rafræn heimapróf sem gengu nokkuð vel. Símat virkar vel í heimspekikennslu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeiðið Dialogos en námskeiðið nýtist kennurum sem vilja innleiða samræðu í kennslustofunni. Samræða eflir sjálfstraust, æfir tjáningu og stuðlar að lýðræðislegum skóla

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Sama kennslubók var notuð í HEIM2BY05, Heimspeki fyrir þig (HFP) enda hefur hún reynst vel en kennari er sífellt að bæta við aukaefni sem hægt er að miðla í gegnum Innu. Í HEIM3SM05 voru þeir kaflar HFP sem ekki voru kenndir í HEIM2BY05 kenndir auk efnis um mannréttindi af vefnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að þróa þessa áfanga og nýta nú þann meðbyr sem fjarkennslan gaf inn í það að stunda svokallað „Flipped classroom“ kennsluaðferð.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Lárus Bragason	SAGA2YA05 SAGA3SS05	SAGA2YA05 SAGA3FM05
Tómas Davíð Ibsen	SAGA2SÍ05	SAGA2SÍ05
Tómasson	SAGA2YA05 SAGA3FM05 FÉLA1SA05 BRAG1SA01	SAGA3MS05 SAGA3FM05 KÍNA2TS05 UMHV1SU05 BRAG1SB01

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Vegna covid 19 þurftum við eins og allir kennarar að færa okkur yfir í fjarkennslu yfir netið með hjálp Microsoft teams, Innu og annars hugbúnaðar.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat var framan af með venjulegum hætti þar sem við höfum stuðst við símat og ákveðna þætti úr leiðsagnarmati. En á tímum fjarkennslunnar þá þurftum við að breyta áherslum í ákveðnum þáttum námsmatsins sem ekki var hægt að sinna í fjarnámi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Covid eyðilagði

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ný míkróverkefni þar sem skyggst er inn í líf einstaklinga eða ákveðnir atburðir/sjónarhorn tekin betur fyrir.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Makmið að auka áhuga nemenda á sögu og mikilvægi hennar – bæta kennsluhætti og nálganir

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Hreyfanleg tafla í stofu 207

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir	SÁLF3PS05	SÁLF3PS05
	SÁLF2IN05	UPPE2UM05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Fjarkennsla og fjarpróf á vorönn vissulega nýir kennsluhættir. Annars ekkert.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. 4-5 próf á önn ásamt 4-5 stærri verkefni og ferilmöppu hentar þessum áföngum ágætlega að mínu mati.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sótti námskeið hjá samtökum sálfræði- og uppeldisfræðikennara sem haldið var í MH í haust. Fjallað var um kynímyndir og hvernig kennarar og skólar hafa þurft að aðlagja sig nýjum veruleika. Einnig kom prófessor sem starfar við H.Í. í heimsókn og fræddi okkur um hvernig við ættum að undirbúa nemendur okkar undir nám í sálfræði á háskólastigi.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar bækur. Mikil þörf er fyrir nýtt námsefni í uppeldisfræði en ekki virðist vera að neitt örli á því enn þá. Ég ætla að fara á námskeið hjá fyrr nefndum samtökum í ágúst og þá á meðal annars að ræða um námsefni í uppeldisfræði. Hlakka til að fréttu hvað þar kemur fram.

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Ingunn Helgadóttir	FÉLA1SA05, VIÐS2SM05, BRAG1SA	UMHV1SU05, KÍNA2ST05, LÖGF2LÖ05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Ekki var mikið um nýjungar í kennsluháttum á haustönn, áfangarnir voru kenndir með svipuðu sniði og áður. Á vorönninni var hins vegar mikið um nýjungar sökum Covid 19. Hálfa önnina fór kennslan fram á netinu og fyrirlestrar voru teknir upp heima og sendir til nemenda sem áttu í framhaldi að vinna verkefni og skila. Próf voru einnig sett upp á Innu sem gekk mjög vel. Þetta er fyrirkomulag sem ég á klárlega eftir að nýta mér í framtíðinni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á þessu skólaári var ég aðeins með símat í mínum áföngum. Ég tel að símat henti þessum áföngum best.

Lögfræðin var með svipuðu sniði og áður, byggt upp af mikilli verkefnavinnu og þremur símatsprófum en síðasta prófið var reyndar tekið á Innu sem hefur ekki verið gert áður. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og með mikilli verkefnavinnu eiga nemendur auðveldara með að leysa prófin sem eru yfir önnina. Nemendur þurfa að mæta í öll próf og ná að meðaltali 4,5 úr þeim ásamt því að skila flest öllum verkefnum til að standast áfangann. Sama má segja um VIÐS2SM05- þar vinna nemendur nokkur lítil verkefni en einnig eru þeir að vinna í einu stóru hópverkefni alla önnina, einskonar viðskiptaáætlun sem kynnt er í lok annar. Í umhverfisfræðinni og félagsfræðinni er ekkert próf en nemendur vinna alla önnina í verkefnum. Helsta nýjungin í umhverfisfræðinni var að nemendur þurftu að vinna fleiri einstaklingsverkefni en áður.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ekkert námskeið var sótt á þessu ári

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Árni Blandon	SÁLF2IN05 LIME1IN05 KVIK1KH05 KVIK2UK05	SÁLF3KV05 SÁLF3AF05 KVIK1HS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Í inngangsáfanganum í kvikmyndasögunni á haustönn var farið í gegnum fjölda hugtaka í kvikmyndafræðum og tekin sýnidæmi um meistaralegar klippingar í *Psycho* (Hitchcock) og *Beitiskipinu Potemkin* (Eisenstein). Auk þess sýndar nokkrar heilar kvikmyndir m.a. *Some Like it Hot* og *Clockwork Orange*.

Í framhaldsáfanganum í kvikmyndum á haustönn var farið í upphaf kvikmyndasögunnar, en stökkið fram í tímann þegar svo bar undir t.d. skoðuð myndin *Brúin yfir Kwai* fljótið vegna japanska leikarans sem var þar útnefndur til Óskarsverðlauna, en hann lék mikið í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar.

Í kvikmyndaáfanganum á vorönn voru sýndar myndir eins og *Heavenly Creatures*, *The Day of the Locust*, *Visions of Light* og *Citizen Kane*.

Í inngangsáfanganum í Listum og menningu á haustönn var farið í menningarferð til Reykjavíkur þar sem tvö listasöfn voru skoðuð og ljósmyndasafn. Meiri áhersla var lögð á skapandi vinnu nemenda en áður þar sem þeir völdu sér umfjöllunarefni út frá áhugamálum sínum innan listageiranna.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar. Kosturinn við símatið er að kennari situr sjálfur yfir í prófum en þarf ekki á herskara annarra kennara að halda til að sitja yfir fyrir sig, eins og raunin er í lokaprófum.

Nokkrir nemendur heltust úr lestinni í kvikmyndaáfanganum í lok vorannar vegna einstakra veiruaðstæðna og heima-einangrunar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Farið á beinar útsendingar á ýmsum óperum í Kringlubíói (Metropolitan óperan í New York), fylgst með nýjustu kvikmyndum í kvikmyndahúsum og svo frv.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Á haustönn var kennslubókum í Listum og menningu sleppt og nemendur sóttu sér upplýsingar fyrst og fremst á netið. Sami vandi kemur upp og þegar hefðbundnar kennslubækur eru notaðar í kennslu: lötustu nemendurnir vinna minnst og fá lökustu einkunnirnar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun hefur legið fyrir í nokkur ár

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Auka lýðræði í skólanum.

Annað: Auka lýðræði í skólanum.

2.1.7 Tungumál: franska, spænska, þýska

Kennslustjóri: Hrefna Clausen

Kennarar og áfangar í frönsku

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Hrefna Clausen	FRAN1AA05	FRAN1BB05
	FRAN1BB05	FRAN1CC05
	FRAN1CC05	
	FRAN2DD	

Kennarar og áfangar í spænsku

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Í fæðingarorlofi	SPÆN1BB05
		SPÆN1CC05

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Kristín Arna Bragadóttir	SPÆN1BB05	
	SPÆN1CC05	

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Sigursveinn Már Sigurðsson	SPÆN1AA05	SPÆN1AA05

Kennarar og áfangar í þýsku

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Brynja Ingadóttir	ÞÝSK1AA05	ÞÝSK1AA05
	ÞÝSK1BB05	ÞÝSK1BB05
	ÞÝSK1CC05	ÞÝSK1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

HC: Í öllum frönskuáföngum hefur verið unnið markvisst að því að þjálfa munnlega færni námsins og vinna með tungumálið á skapandi og lifandi hátt án þess að festa sig um of við

kennslubækur. Þegar skólinn lokaði um miðjan mars, urðu straumhvörf í kennsluháttum. Við tóku samskipti í gegnum INNU og fjarnámskennslustundir á Teams. Misjafnlega tókst til að fá nemendur til að mæta á boðaða fundi til byrja með því margir virtust í fyrstu frekar vilja hafa samband í gegnum tölvupóst. Þegar á leið lærðu þó flestir nemendur að tileinka sér þetta breytta námsumhverfi með tilheyrandi nýjum námsaðferðum og samskiptaleiðum við kennara og samnemendur. Leitast var við að aðlaga og útbúa verkefni sem tóku á einhvern hátt mið af fjarnámi samhliða hinu óvenjulega ástandi í heiminum. Tilgangurinn var að tengja námið og kennsluna að einhverju leyti heimsfaraldrinum og vinna á skapandi hátt í þeim breytta veruleika sem honum fylgdi.

SMS: Frá miðjum mars á vorönn, þurfti að aðlaga námsefnið að nýjum aðstæðum í fjarnámi. Í SPÆN1AA05 var farin sú leið að leggja fyrir verkefni fyrir hvern tíma sem nemendur höfðu verið með í stundatöflu fyrir lokun skólans, og áttu nemendur að skila verkefninu á þeim degi. Nemendum gekk vel að skila verkefnum og þeir sem á annað borð stunduðu námið eftir lokun, náðu að halda út í breyttum aðstæðum út önnina. Í SPÆN1AA05 gekk illa að fá nemendur til að nýta sér Teams í kennslunni, einstaka nemandi mætti í stoðtíma þar, en höfðu frekar samband í gegnum tölvupóst.

GKS: Frá miðjum mars á vorönn, þurfti að endurhugsa kennsluna vegna Covid-19 samkomubannsins og ákveða hvernig kennsla í fjarnámi myndi fara fram. Í SPÆN1BB og CC áföngunum útbjó kennari kennslumyndbönd með útskýringum fyrir nemendur varðandi málfræðiatríði og verkefnagerð og setti á INNU. Auk þess voru Facebook hópar þar sem efni var líka hlaðið inn. Það gat tekið langan tíma og þurfti að gæta þess að hafa þau ekki of löng. Ekki var stuðst við Teams kennsluumhverfið en látið duga að þjónusta nemendur jafnt og þétt í gegnum INNU og FB. Það virtist skila sér vel, nemendur létu vel af þjónustunni og langflestir héldu áfram að sinna náminu þrátt fyrir breytt námsumhverfi.

BI: Á haustönn var aukin áhersla á munnlega færni í efsta áfanga í þýsku. Tvö munnleg próf voru lögð fyrir nemendur í stað eins áður. Í hinum tveimur áföngunum var einnig markvissar unnið með munnlega færni sem mæltist vel fyrir hjá nemendum.

Þann 13. mars var fyrirvaralaust stökkið inn í fjarkennslu, vegna covid-19 heimsfaraldursins. Það gerði nýjar og breyttar kröfur til nemenda og kennara og var mikill skóli fyrir alla. Meira reyndi á sjálfstæði, sjálfsaga, þolinmæði og þrautseigju hjá nemendum og kennarar sýndu nemendum meiri þolinmæði og sveigjanleika í verkefnaskilum. Hvatning og eftirfylgni fékk einnig þyngra vægi í þessu breytta námsumhverfi.

Í fjarnámi varð vinnutími lengri hjá bæði nemendum og kennurum og skilin milli vinnutíma og frítíma óljósari.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

HC: Á haustönn var námsmat í frönsku í fyrstu þremur áföngunum með svipuðu sniði og fyrri annir. Þ.e. vægi lokaprófs var 50% á móti 30% vetrareinkunn og 20% munnlegri færni. Í DD var símat og mikið lagt upp úr munnlegri þjálfun. Þar sem vorönnin var svo ólík og fór að

miklu leyti fram í fjarnámi, var ákveðið að meta nemendur ekki út frá talnaeinkunn heldur með því að gefa S/staðið eða F/fallið.

SMS: Í spænsku hefur verið dregið örlítið úr vægi lokaprófs á síðustu önnum og gildir það nú 40%. Er almenn ánægja með þetta fyrirkomulag. Á vorönn var námsmatinu breytt þegar ljóst var að skólinn yrði lokaður til loka annar. Nemendur þreyttu próf heima í gegnum Innu. Heilt yfir gekk það vel en þó eru ýmis atriði sem þarf að huga að. Nemendur hafa aðgang að öllum gögnum og geta fengið hjálp frá öðrum. Þeir nemendur sem stóðu tæpt með að ná markmiðum áfanga gætu lent í vandræðum í næsta áfanga í áfangakeðjunni.

GKS: Á vorönn var gengið út frá að nemendur hefðu aðgang að námsefni og mættu styðjast við það við úrlausn heimaprófa. Reynt var að byggja lokaprófin upp þannig að þau reyndu sem mest á nemendur án hjálpar Google Translate þótt þau hefðu vissulega aðgang að námsgögnum. Nokkuð bar þó á svindli sem benti til að nemendur hefðu haft of mikið samráð sín á milli og deilt svörum enda mikið um að sömu villur og sömu svör við prófspurningum. Í slíkum tilfellum var ákveðið að lækka einkunn um helming. Kennarar finna fyrir ákveðnu reynsluleysi við rafræna prófagerð í INNU og árétta nauðsyn þess að tileinka sér betur gerð og framkvæmd slíkra prófa.

BI: Á haustönn var námsmat í þýskuáföngunum þremur eins og skólaárið á undan, skriflegt lokapróf 50%, munnlegt próf 15% og hlustunarpróf 10%. Vinnueinkunn var 25%.

Á vorönn var hefðbundið námsmat fram til 13. mars, þegar fjarnám tók við vegna covid-19 heimsfaraldurs og var áföngum þá breytt í sí matsáfanga. Kennsla og samtal við nemendur fór fram í Teams og öllum verkefnum skiluðu nemendur í Innu. Námið breyttist úr mætingarmiðuðu námi í það að vera verkefnamiðað, sem gerði nemendur ábyrgari fyrir námi sínu en áður. Lokaeinkunnir í þýsku voru S/staðið og F/fallið.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

HC Námskeið á vegum *Félags íslenskra Frönskukennara* og franska tungumálaskólans *Francophonía*, haldið í Nice í s-Frakklandi 10. – 16.júní 2019. Heiti námskeiðs: *Að uppgötva og tileinka sér nýjungar í frönskukennslu / Découvrir et s'approprier des pratiques pédagogiques innovantes pour la classe de FLE.*

Ritlistarnámskeið í 4 vikur á haustönn á vegum Stílvopnsins ehf., Reykjavík, sem sérhæfir sig í skapandi og valdeflandi kennsluaðferðum á sviði ritlistar og félagsörvunar. Kennari : Björg Árnadóttir

GKS Var í fæðingarorlofi frá haustönn 2018 til vorannar 2020 og hefur því ekki sótt nein námskeið nýlega. Tungumálinu er þó vel við haldið þar sem spænska er annað málið sem talað er á heimilinu. GKS hefur hug á að sækja námskeið á Spáni þegar færi gefst til að bæta kennsluhætti og styrkja sig í tungumálinu.

BI var annað árið í röð í samvinnu við þýskukennara í FVA og Borgarholtsskóla og skiptist á hugmyndum, verkefnum og prófum við kennarana. Samvinna sem þessi er mjög mikilvæg fyrir einyrkja og sannarlega ígildi námskeiðs eða símenntunar.

Fjarkennsla á tímum covid-19 heimsfaraldurs var stórt og viðamikili námskeið fyrir alla kennara og ávinningur af því námi mun vissulega skila sér inn í skólastarf næstu annir.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í frönsku er æ meira stuðst við efni af frönskum kennslusíðum auk heimatilbúins efnis frá kennara enda kennslubókin fljót að ganga úr sér og nauðsynlegt að aðlagja efni hennar að kennslunni. Í spænsku og frönsku hafa verið notaðar sömu bækur og í nokkur ár. Þetta eru bækurnar *Nuevo español en marcha* í spænsku og *Alter Ego* í frönsku. Í skoðun er að leita að nýjum bókum. Allar kennslubækur hafa sína kosti og galla og er nauðsynlegt að vera sífellt á tánum með að finna bækur sem henta betur til kennslu hér í skólanum.

Seinna hluta vorannar þegar fjarnám tók við af staðnámi vegna covið-19 heimsfaraldurs fékk tæknin meira hlutverk í kennslunni. Í þýsku fór kennsla og samtal við nemendur fram í Teams, öllum verkefnum skiluðu nemendur í Innu sem þannig breytti náminu úr því að vera mætingarmiðað í verkefnaðmiðað, sem gerði nemendur ábyrgari fyrir námi sínu en áður.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Sú mikla umbylting kennsluhátta sem varð í skólum landsins á vorönn þegar samfélagið stöðvaðist vegna heimsfaraldursins er lærdómsrík reynsla sem frönsku-, spænsku- og þýskukennarar telja nauðsynlegt að byggja ofan á í framtíðinni til að uppfæra kennsluhætti. GKS hefur áhuga á að koma af stað rafrænum samskiptum við nemendur erlendis. Mætti hugsa sér að fá spænskumælandi einstakling til að tala við nemendur í litlum hópum. Sérstakur Spánaráfangi fyrir nemendur efsta áfangans er einnig eitthvað sem hún hefur hug á að koma á fót. Í þeim áfanga væri farið með nemendur til Spánar í vikutíma þar sem þau ættu að leysa ýmis verkefni, nota málið í raunumhverfi og fara í skoðunarferðir. Slíkar ferðir myndu eflaust virka vel á nemendur, vera þeim eftirminnilegar og jafnvel hvati á frekara tungumálanám.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Nauðsynlegt er að setja skýrari ramma varðandi ferðalög kennara erlendis með nemendur. Koma þarf upp skýrum reglum varðandi ferðalög, fjárveitingar og dagpeninga til slíkra ferðalaga.

Annað Viðurkennd, samræmd stöðupróf í frönsku sem taka mið af evrópska tungumálarammanum, eru nú haldin á vegum fransk-íslenska félagsins Alliance Française í Reykjavík sem hefur umsjón með framkvæmd þeirra. Einn nemandi úr Fran2DD á haustönn tók þar svokallað Delf A2 stöðupróf í desember 2019. Hann er fyrsti frönskunemandi skólans til að þreyta það próf og standast með sérlega góðum árangri. Virðingarvert verður að teljast af skólastjórnendum að hafa komið til móts við þennan nemanda sem óskaði, einn frönskunema á haustönn, þess að ljúka Fran2DD valáfanga. Ákvörðun var tekin um að kenna áfangann en skera ekki þrátt fyrir smæð hans enda á ferðinni óvenju sterkur og áhugasamur

tungumálanemandi sem skilaði sínu með glans, tók miklum framförum og lauk áfanganum og stúdentsprófi frá skólanum með miklum sóma í annarlok.

Í byrjun vorannar 2020 tók einn nemandi stöðupróf í þýsku, skv. vinnureglu skólans um stöðupróf í þriðja tungumáli

Í frönsku voru BB og CC áfangar á haust-og vorönn kenndir saman vegna lítils nemendafjölda. Samkenssla af þessu tagi krefst mikils af bæði nemendum og kennara og er flókin í framkvæmd.

2.2 Svið: Listir, ípróttir, starfsmenntir, stærðfræði og raungreinar

Sviðsstjóri: Kristjana Sigríður Skúladóttir

2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og ípróttir

Listgreinar, hússtjórnargreinar og ípróttir

Kennslustjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Sálfræði, kvikmyndasaga og listir og menning

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Árni Blandon	SÁLF2IN05	SÁLF3KV05
	LIME1IN05	SÁLF3AF05
	KVIK1KH05	KVIK1HS05
	KVIK2UK05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í inngangsáfanganum í kvikmyndasögunni á haustönn var farið í gegnum fjölda hugtaka í kvikmyndafræðum og tekin sýnidæmi um meistaralegar klippingar í *Psycho* (Hitchcock) og *Beitiskipinu Potemkin* (Eisenstein). Auk þess sýndar nokkrar heilar kvikmyndir m.a. *Some Like it Hot* og *Clockwork Orange*.

Í framhaldsáfanganum í kvikmyndum á haustönn var farið í upphaf kvikmyndasögunnar, en stokkið fram í tímann þegar svo bar undir t.d. skoðuð myndin *Brúin yfir Kwai* fljótið vegna japanska leikarans sem var þar útnefndur til Óskarsverðlauna, en hann lék mikið í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar.

Í kvikmyndaáfanganum á vorönn voru sýndar myndir eins og *Heavenly Creatures*, *The Day of the Locust*, *Visions of Light* og *Citizen Kane*.

Í inngangsáfanganum í Listum og menningu á haustönn var farið í menningarferð til Reykjavíkur þar sem tvö listasöfn voru skoðuð og ljósmyndasafn. Meiri áhersla var lögð á skapandi vinnu nemenda en áður þar sem þeir völdu sér umfjöllunarefni út frá áhugamálum sínum innan listageiranna.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar. Kosturinn við símatið er að kennari situr sjálfur yfir í prófum en þarf ekki á herskara annarra kennara að halda til að sitja yfir fyrir sig, eins og raunin er í lokaprófum.

Nokkrir nemendur heltust úr lestinni í kvikmyndaáfanganum í lok vorannar vegna einstakra veiruaðstæðna og heima-einangrunar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Farið á beinar útsendingar á ýmsum óperum í Kringlubíói (Metropolitan óperan í New York), fylgst með nýjustu kvikmyndum í kvikmyndahúsum og svo frv.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á haustönn var kennslubókum í Listum og menningu sleppt og nemendur sóttu sér upplýsingar fyrst og fremst á netið. Sami vandi kemur upp og þegar hefðbundnar kennslubækur eru notaðar í kennslu: lötustu nemendurnir vinna minnst og fá lökustu einkunnirnar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun hefur legið fyrir í nokkur ár.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Auka lýðræði í skólanum.

Árni Blandon

Leiklist

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK1AA05
	LEIK2AB05	LEIK2AB05
	LEIK2AC05	LEIK3AD05
		LEIK1SX02
		HÆFI1AX01

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á vorönn var í fyrsta sinn í boði leiklistaráfangi á 3. þrepi, sem er vel því margir nemendur sem eru á listabraut vilja leggja mesta áherslu á leiklist og bæta við sig þekkingu upp á 3.þrep.

Leiklistin fékk gestakennara, nýútskrifaðan leikara úr Listaháskóla Íslands, Rakel Stefánsdóttur. Hún stjórnaði einum tvöföldum tíma þar sem leiklist og nemendur úr ritun og tjáningu komu saman og tókst mjög vel.

Til stóð að hafa samstarf á vorönn með kvikmyndaáfangar og leiklistar, en ekki varð úr því vegna lokunar skólans.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á haustönn var unnið í samstarfi við íslenskuáfangann ritun og tjáning ÍSLE3RT. Nemendur í íslensku unnu leiktexta, stuttverk sem leiklistarnemendur tóku og unnu áfram. Nú voru áfangarnir kenndir á sama tíma, sem er gríðarlega mikilvægt. Þá gátu hóparnir hist án vandkvæða. Þetta þverfaglega samstarf er komið til að vera í mínum huga.

Nú á vorönn þurfti kennari að beita nýjum og óhefðbundnum aðferðum við kennslu þar sem allt breyttist vegna COVID. Leiklist er í eðli sínu ekki endilega hentug sem fjarkennslugrein, en betur má ef duga skal. Nemendur unnu tvö stór fjarverkefni, sem voru ólík eftir áföngum. Þau þurftu að skila greinargerðum á Teams og vinna videóverkefni, einleiki, skrifa leiktexta og flytja. Lokaverkefnin voru mjög fjölbreytt og nemendur lögðu mikið á sig við að koma efninu sínu til skila á netinu.

Vegna lokunar datt kennsla í leiklist á starfsbraut alveg niður, eðli málsins samkvæmt. Nemendur í áfanganum HÆFI1XA01 sem undirbyggðu atriði fyrir hæfileikakeppni starfsbrauta voru búin að búa til og taka upp atriði í stuttmynd, sem því miður verður aldrei kláruð eða sýnd.

Annað

Gaman væri að sjá og vinna í þróun og samtali um listabraut skólans og er undirrituð alltaf til í spjall. Skapandi greinar eru framtíðin 😊

Guðfinna Gunnarsdóttir

Myndlist

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ágústa Ragnarsdóttir	NÝMI2GH05	MYNL2VL05
	NÝMI2FL05	NÝMI2FL05
	MYNL2TK05	NÝMI1XF02
	MYNL1SX05	MYNL1SX05
	MYNL1SX02	MYNL1SX02
	LHRMYN	NÝMI1XM02
	BRAG1SC01	NÝMI3HF05
Elísabet H. Harðardóttir	MYNL1LM05	MYNL1LM05
	MYNL3MA05	MYNL3TK05
	MYNL1SX02	MYNL1SX05
	MYNL1SX05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Myndlist: Engir nýir myndlistaráfangar voru kenndir.

Nýsköpun og miðlun: Fablab var í fyrsta sinn kennt á 3. þrepi (NÝMI3HF05). Elnig var nýr áfangi kenndur í kvikmyndun (NÝMI2KV05) en Helgi Hermannsson kenndi hann.

Sérnámsbrautaráfangar voru með hefðbundnu sniði, fjölbreyttir að venju. Þá jukust möguleikar nemenda til muna en nú fengu þeir í fyrsta sinn kennslu í stafrænni myndvinnslu (NÝMI1XM02) og Fablab (NÝMI1XF02).

Áfangarnir NÝMI2GH, *Grafísk hönnun* og MYNL2TK05, *Teikning*, rúlluðu mjög vel og eru komnir í gott jafnvægi. Grafíska hönnunin var að hluta til í samstarfi við FÉLA1SA05 - unnin voru risaveggspjöld þar sem þemað var staðalímyndir og fordómar og verða þau notuð í framtíðinni við kennslu í félagsfræðiáfanganum. Í fyrsta sinn frá því MYNL2TK05 var hleypt af stokkunum var hann ekki kenndur á vorönn, var skorinn, það var svolítið skrítið að vera án hans og margir nemendur ómögulegir að komast ekki í hann þar sem hann er annar af tveimur myndlistaráföngum sem þarf til þess að geta farið upp á 3. þrep.

NÝMI2FL05 er komið í nokkuð fastan farveg og farið að virka vel. Nemendur á báðum önnum unnu m.a. raunverkefni í vinylskurði og merkingum þegar flokkunartunnur í Odda voru vel flestar merktar upp á nýtt af nemendum

NÝMI3HF05 mun hins vegar strax taka á sig aðra mynd þegar það verður kennt í annað skipti á næstu önn m.a. niðurnjörvaðri verkefni í upphafi annar til þess að rifja upp og styrkja frekar ákveðna verkferla og aðferðir frá 2. þrepi sem og meiri áhersla á einfalda forritun. Þegar upp var staðið vantaði fleiri tölvuvinnustöðvar í Fablabið þegar 3. þrepið bættist við, nemendur voru ekki að koma með eigin tölvur. Magnús smiðjustjóri bætti snarlega úr þessu með ýmsum samtíningi og það gekk vel. Þegar Covid skall á voru nemendur sem betur fer komnir vel inni önnina og áttu að vera komnir á þann stað að geta notað hugbúnaðinn sem þarf, tiltölulega hjálparlaust til þess að teikna og hanna sína gripi heima í fjarkennslu. 4. maí var nemendum svo skipt í hópa 3-4 í senn og komu og framleiddu þessa hluti næstu 2 vikur.

Veggjalist eða MYNL2VL05 var kenndur á vorönn en nokkur misseri eru síðan hann var síðast kenndur. Hann var kenndur með nýju sniði þ.e. fyrsti 1/3 hluti annarinnar var innivinna þar sem skissu- og hugmyndavinna fór fram, að fullmótaðri hugmynd, að því verki sem hver nemandi ætlaði að setja upp. Svo var pásað og sú pása átti að vara fram í apríl þegar veður færi að skána og þá skildu teknir langir seinni partar og/eða helgar til þess að mála vegginn. Þann 4. maí komumst við á vegginn og hrepptum þurrt veður í nánast 2 vikur og hann var kláraður með miklum sóma og allir nemendur kláruðu áfangann.

Áfanginn MYNL1LM05, *Litir og myndbygging* er í boði á hverri önn. Hann er rækilega kynntur á INNU, hvert og eitt verkefni er rakið ítarlega fyrir nemendum rafrænt og þeir skila síðan inn á því formi. Þessi undirbúningsvinna skilaði sér vel á vorönninni í Covidlokun skólans.

Nemendur komu og sóttu sér pappír og liti til að vinna heima. Nokkur kennslumyndbönd og æfingar á PDF skjölum bættust við ítarefnin sem fyrir voru til að auðvelda nemendum fjarnámið. Tölvupóstar, Inna, messenger og Teams voru helstu samskiptamiðlar í fjarnáminu. Fleiri nemendur náðu að skila fullnægjandi vinnu í lokin en staða á miðannarmati sýndi og áfanganum lauk algjörlega í fjarnámi.

Þriðja þreps áfanginn *Maður og efni* MYNL3MA05 var kenndur á haustönninni og með svipuðu sniði og áður. Við fengum meira að segja sama nemanda sem módel núna og var hjá okkur haustið 2017. Svo það voru litlar breytingar þar. Sumt vafðist fyrir nemendum í sambandi við tengingar mannamynda við listasöguna og fór of mikill tími til spillis þar. Þess vegna munu verða gerðar breytingar á þeim áfanga þannig að nemendur fá meiri stýringu í hvað verður í boði, sérstaklega í byrjun. Fáar en góðar fyrirmyndir til að velja úr.

Tekin hefur verið upp sú nýlunda að láta þriðja þreps nemendur halda sýningu í opinberu rými. Módeláfanginn reið á vaðið og var sú sýning haldin í Listagjálni, Bókasafni Árborgar í janúar sl. Þetta krefst mikils undirbúnings og verða þeir nemendur sem hafa tök á að lofa sér fram í tímann allt til næstu annar. Fyrir utan uppsetningu sýningar fá þeir þjálfun í kynning á henni og merkingu sinna verka.

Þriðja þreps áfanginn *Teikning2 framhald* MYNL3TK05 var kenndur á vorönninni. Við vorum heppin að hann lenti á Covidönninni. Nemendur þurftu ekki mikla aðstöðu, verkfæri og efni til að vinna heima í fjarnáminu. Áfanginn var líka með góðar kynningar á öllum verkefnum á Innu en þar við bættust líka kennslumyndbönd og æfingar á PDF skjölum. Tölvupóstar, Inna, messenger og Teams voru líka helstu samskiptamiðlar í fjarnámi teikniáfangans.

Fjórir nemendur eru búnir að lofa sér fram í tímann, til að taka þátt í uppsetningu sýningar í Listagjálni að þessu sinni. Sú sýning er fyrirhuguð í september og kallað verður á einstaka nemendur til að ganga frá og ramma inn þau verk sem verða fyrir valinu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inni í Innu þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.

Þær breytingar voru gerðar á námsmati í öllum almennum áföngum að krafist var 80% verkefnaskila auk meðaleinkunnar að lágmarki 5,0 til að standast áfangana.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Lísa:

- Endurhæfing og viðhald kunnáttu, hugmyndavinnu og hæfni fer fram annað slagið í heimavinnu. Aðallega akrýlmálverk en einnig vatnslitir og fleira.

- Endurhæfing í veggjalist tók yfir í vor, bæði sjálfstæð vinna og með Ágústu á herðunum og jafnaðist á við einnar ef ekki tveggja vikna námskeið.

Ágústa:

- Júní 2019: Þriggja daga námskeið í Háskólanum í Reykjavík á vegum HR, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Fab Lab Reykjavík í hönnunarsprett (design sprint). Námskeið sérstaklega ætlað þeim sem vilja uppfæra þekkingu á nýsköpunarmennt og vöruþróun sem og hafa áhuga á að taka þátt og/eða kynna sér nýsköpunarhraðal MeMa eða Ungum frumkvöðlum. Sniðugt að mörgu leiti en gekk líka mikið út á að fá framhaldsskólana til þess að vera með í MeMa.
- Endurhæfing og viðhald kunnáttu, hugmyndavinnu og hæfni fer fram í heimavinnu þar sem myndlistarkonan Ágústa er alltaf að. Aðallega teikning, vatnslitir og blek.
- Ágústa hélt 20 tíma veggjalistarnámskeið í Þorlákshöfn um mánaðarmótin júlí-ágúst.
- Á vordögum kom Ágústa fyrir með leyfi landeiganda þægindastól við ósa Ölfusár, gjörningur má segja. Á haustdögum setti hún upp sýningu í samráði við Gallerí undir stiganum á Bæjarbókasafni Ölfuss. Auglýst var eftir ljósmyndum frá almenningi af sér í þessum stól. Úr varð þessi fína ljósmyndasýning og rauða stólnum var að sjálfsögðu stillt upp í sýningarýminu. Til er facebók síðan Stóllinn við ána þar sem fólk getur birt myndir af sér í stólnum. En nú þegar hafa einhverjir komið fyrir nýjum stólum á þessum stað svo gjörningurinn lifir.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar kennslubækur, en nýjar eða bættar glærur og kennslublöð í öllum áföngum. FSu myndlist á Facebook er orðið gríðarlega mikilvægt kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á drive, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífelld er bætt þar við efni. Inna var elskuð og dáð á tímum kórónaveirunnar. Allt efni aðgengilegt og ítarlegt, með tengingum í FSu myndlist og töluverðum viðbótum í formi myndbanda og PDF skjala.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að nýta sumar af þeim kennsluaðferðum sem við tileinkuðum okkur í fjarkennslunni, aðferðum sem geta líka vel nýst í staðnámi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Við vitum að það er verið að vinna í því en ágætt að halda því áfram hér inni: Fá hærri borð og stillanlega stóla í aðalkennslustofu myndlistar.

En svo þyrfti að gera við leka þakglugga í myndlistarstofunni, afar hvítleitt fyrir utan hvað þetta hlýtur að skemma út frá sér.

Ágústa Ragnarsdóttir

Matvælagreinar

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB05	MATR1VB05
Jórunn S. Birgisdóttir	MATR1SX05 BAKA1SK02 SMÁR1SX02	MATR1SX05 BAKA1SK02 BAKA1SX02

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Á þessu ári höfum við lagt mikla áherslu á sjálfbærni og matarsóun. Kynnt vel fyrir nemendum hvernig hægt er að nýta betur hráefni þegar verið er að elda.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í öllum áföngum. Það eru bókleg og verkleg verkefni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Á þessu skólaári fórum við ekki á námskeið en til stóð að fara á námskeið í næringarfræði en vegna aðstæðna varð ekkert úr því.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Við höfum hætt að láta nemendur safna í möppu námsefni heldur notað Innu sem uppskriftarbanka. Þar eru einnig slóðir sem að koma að gagni við verkefnavinna.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

MATR1VB05 í vali er góður áfangi fyrir alla nemendur. Þeir öðlast færni og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu um umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun. Eins kemur áfanginn að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, þar sem nemendur eru margir hverjir í vinnu á veitingarstöðum.

Áfram þarf að bjóða upp á grunnnám matvæla- og ferðagreina (GMF) við skólann. Þar sem að nú stendur til að endurnýja kennslueldhús þá eigum við von á að nemendur velji brautina vegna þess að elhúsið var löngu úr sér gengið og ekki samkeppnishæft við aðra skóla sem að kenna GMF.

Annað

Áfram þarf að passa uppá að verklegt nám sé fjölbreytt í FSu. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar.

Með sól í hjarta

Guðríður Egilsdóttir

Jórunn Sigríður Birgisdóttir

Hönnun og textíl

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	HÖTE2HU05	HÖTE2HU05
	HÖTE3HA05	HÖTE2FH05
	FATN1SX05	FATN1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Áhersla á saumaskap, sjálfstæða vinnu og möppugerð.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat með verkefnaskilum í öllum áföngum. Notaðist við Excel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í harðangri og klaustri hjá Heimilisiðnaðarfélaginu.

Fyrirlestur um endurnýtingu / endurvinnslu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Notaðist við það sem til er og keypti nokkur ný sniðablöð og bækur um Shibori litun, útsaum og endurvinnslu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Nýta meiri heimaverkefni.
- Leggja áherslu á sýningarvinnu.
- Koma inn að hreinsa vélar og stóla nokkrum sinnum yfir önnina.
- Fá gestakennara.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Stefnan sett á að endurnýja eitt tæki á ári.

Annað

Haustönnin gekk vel. Ég var að aðlagast deildinni og mér fannst önnin allt of fljót að klárast. Vorönnin var mjög skrítin. Hún byrjaði ekki vel út af veðri og svo þegar allt var komið á fullt skrið þá var lokað út af Covid 19 og ég átti að kenna heima í tölvunni. Mér fannst ég lengi að komast í gang aftur en reyndi eins og ég gat. Mér fannst eins og ég væri að svíkjast um eða eins og ég væri ekki að gera nóg. Þegar ég var komin í þrot þá fékk ég góða aðstoð frá Katrínu í FSs og Helgu fyrirverandi kennara við deildina hér í FSu.

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Íþróttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	NÆRI2ÍÞ05	ÍÞRÓ1ÞH03
	BRAG1SC01	ÍÞRÓ2ÞL03
	HBFR1HH05	ÍÞRÓ2ÞR02
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ1BX02
	ÍÞRÓ2ÞL03	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ2BA02	ÍÞRÓ2JF02
	ÍÞRÓ2JF02	
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ2ÞL03	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ2ÞR02	
	ÍÞRÓ1ÞX02	
	ÍÞRG3KN03	
Magnús Tryggvason	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞGR3SU03
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍÞRÓ2JÓ02	ÍÞRÓ2JÓ02
Sverrir Geir Ingibjartsson	ÍÞRF2ÞJ05	ÍÞRF2SS05
	ÍÞRF3LL05	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ2BL02
	ÍÞRÓ2JF02	ÍÞRÓ2JF02
	ÍÞRÓ2ÚF02	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ1GX02	ÍÞRÓ1GX02
	ÍÞJÁ3AÐ03	LHRÍÞR
	BRAG1SC01	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Litlar breytingar voru gerðar á kennsluháttum þetta skólaár, ef frá er talið ófyrirséð fjarnám vegna samkomubanns. Við höldum áfram að leggja verkefni fyrir í Innu eins og gert hefur verið frá 2018 og hefur það eflaust hjálpað til þegar öll kennsla varð að fjarnámi. Nemendur voru þá vanir að opna og skila verkefnum í Innu. Allavega skiluðu verkefni sér hvorki betur né verr eftir að samkomubanni var komið á. Í samkomubanninu fóru bóklegar íþróttir fram hjá öllum kennurum með verkefnaskilum og samskiptum í gegnum Innu. Ásdís hélt sig við stundatöfluna og hafði Teamsfundi á þeim tímum sem hóparnir áttu að vera í tíma. Þeir voru ótrúlega vel sóttir jafnvel kl. 8:15 á mánudagsmorgnum. Sverrir og Gunnar lögðu verkefni fyrir sem nemendur gátu svarað og skilað innan tiltekins tíma. Í verklegu kennslunni nýttum við okkur snjallsímana og tæknina, nemendur fengu fyrirmæli um að hreyfa sig eitthvað í hverri viku og skila í Innu myndum og sögu af því sem þeir gerðu. Við erum öll sammála um það að fjarkennslan hafi gengið framar vonum en kjósum samt heldur að fá nemendur til okkar í kennslustofuna. Það var erfitt að halda í þá nemendur sem áttu í basli fyrir lokun skólans, þeir hurfu fljótt þrátt fyrir símhringingar og námsráðgjafa. Þetta var lærdómsríkur tími fyrir okkur sem kennara, þar sem nýjar kennsluaðferðir og verkefni urðu til á fáeinum dögum og eigum við án efa eftir að nýta okkur þessa reynslu áfram.

Boltaáfangi var kenndur á starfsbraut í fyrsta skipti og gekk nokkuð vel. Við reiknum með að hann verði kenndur áfram.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting 40-60%, mest í fjallgönguáföngunum sem kenndir eru fyrir utan stundatöflu.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða þar sem endað er á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Á vorönn þurfti að leggja prófið fyrir í Innu vegna samkomubanns og gekk það vel. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í íþróttakennslunni var engin ný kennslubók notuð á árinu en smám saman er efni af netinu og ýmis öpp að verða veigameiri sem kennslugögn. Dæmi um öpp sem við erum að nota eru t.d. hin ýmsu hlaupa- og gönguöpp og skyndihjálparappið.

Ýmis áhöld eru keypt jafnt og þétt fyrir þreksal og íþróttasal skólans. Á þessu kennsluári voru m.a. keypt þrjú ný þrekhjól og skíðatæki, ásamt því að endurnýja trissur og önnur minni tæki. Einnig var sett hurð inni í slökun úr þreksalnum sem stækkar rýmið og bíður uppá fleiri möguleika í kennslu. Allar þessar endurbætur nýtast vel í íþróttakennslunni og akademíuáföngum en einnig öðrum íþróttamönnum eftir að skóla er lokið. Þreksalurinn er nú afar vel tækjum búinn en eðlilega þarf þó að endurnýja ýmsa hluti jafnt og þétt.

Í áfanganum næringarfræði fyrir íþróttafólk er unnið mikið með efni af netinu og gögnum frá kennara þar sem engin eiginleg kennslubók er til.

Í heilbrigðisfræði er kennslubókin mjög komin til ára sinna og marga í henni sem á sér ekki stöð í raunveruleikanum í dag. Nemendur fá því mikið af kennsluefni frá kennara sem unnið er upp úr öðrum bókum og fengið af veraldarvefnum.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Okkar tillaga er að færa NÆRI2ÍP05 yfir á vorönn til að jafna út kennsluálagið milli anna, að okkar mati kæmi það betur út fyrir íþróttadeildina.

Annars hafa ýmsar breytingar verið gerðar á áföngum og skipulagi á síðustu árum, m.a. vegna styttingar náms til stúdentsprófs, sem hafa reynst vel. Við ætlum því að vera íhaldsöm, halda okkur við sama kerfi og á þessu skólaári en að sjálfsgöðu að nýta reynslu okkar og byggja ofan á það sem við höfum verið að gera.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Við erum sátt við stöðu mála enda aðstaða til íþróttakennslu mjög góð. Skólastjórnendur FSu og húsverðir lðu eiga hrós skilið fyrir liðlegheit og frábært samstarf.

Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Gunnar Rafn Borgþórsson

Magnús Tryggvason

Ragnheiður Eiríksdóttir

Sverrir Geir Ingibjartsson

2.2.2 Hestagreinar

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	HEST2GP05, REIM2GP05	LOKH3HB03, LEIH2HE04, HEST1GF05, REIM1GF05
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1GR05, REIM2GP05, REIM1SX02	REIM2KF05, REIM1GF05, REIM1SX02
Sissel Tveten	HEST1GR05, REIM1GR05, HEST3PG04, REIM3PG05	REIM3PK05, LOKH3HB03, HEST2KF04, REIM2KF05, FOHE1GR03
Rml, Sveinn Ólasson	FÓHE2FU05, FÓHE2HU03	FÓHE3AU03
Þórarinn Ragnarsson, Susanne Braun.	Gestakennarar REIM3PG05	Gestakennarar REIM3PK05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

-Samstarf við R.m.l. við kennslu í fóðrun og heilsa. Þetta var tilraun sem heppnaðist vel, og höldum við samstarfinu væntanlega áfram.

-Nýr gestakennari í reiðmennsku á 3. árið, Þórarinn Ragnarsson. Þórarinn kenndi reglulega á haustönn og kom meira að kennslu á vorönninni þegar nemendur voru að undirbúa sig fyrir keppni og sýningar í REIM. Fjarkennsla á vorönn var vissulega nýjung sem heppnaðist vel í bóklegum áföngum, en var meiri áskorun í verklegum. Þetta hefur samt ýtt undir það að nýta tæknina meira í kennslu.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

-Allir áfangar eru símatsáfangar, og teljum við það einu leiðina til þess að meta færni og virkni nemenda í verklegum áföngum. Okkur finnst símat einnig virka vel á bóklegu áfangana en höfum rætt möguleikann á að hafa lokapróf sem nemandi getur sleppt ef einkunn eftir önnina er yfir 8. Okkur finnst það hljóma eins og hvetjandi kerfi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

-Áslaug og Sissel fóru á knapamerkja dómara upprifjunarnámskeið í haust. Sissel og Áslaug voru skráðar á *feif* ráðstefnu fyrir reiðkennara og dómara en henni var aflýst vegna Covid19.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Knapamerki 5 og 6 voru endurútgefnar 2020, og nýtast okkur orðið töluvert betur sem kennsluefni á 3. þrepi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Við höfum rætt við skólameistara um kaup á skólahestum, þar sem skólin á einungis tvo hesta í dag og restin eru lánshestar. Skólahestarnir eru miklvægustu kennslutækin okkar, og það er mikilvægt að halda áfram að eiga kjarna af góðum hestum ásamt því að geta haldið áfram að nýta lánshesta sem standast kröfurnar um góðan kennsluhest. Þetta verður væntanlega tekið fyrir á fundi núna við skólalok.

2.2.3 Raungreinar

Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AE05	EFNA2AE05
	EFNA3BB05	NÆRI2AA05
	NÆRI2AA05	JARÐ2JÍ05

Ólafur Einarsson	LÍFF2EL05	LÍFF2EL05
	LÍFE2LN05	LÍFE2LN05
	FUND1UN01	LÍFF3DY05
		FUND1UN01
Aníta Ólöf Jónsdóttir	JARÐ2JÍ05	
	UMHV2UU05	
Ronald Guðnason	EÐLI2GR05	EÐLI3VB05
	EÐLI1MG03	STJÖ2AS05
	LAND2EL05	LAND2EL05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Rafræn kennslubók í líffræði, sjá: <https://vefbok.is/>. Útgáfa kennslubóka fyrir náttúrufræðigreinar hefur verið í skötulíki undanfarin ár. Það voru því nokkur tímamót að lðnú gaf út rafræna kennslubók. Nýja kennslubókin reyndist ágætlega að mati kennara en var of erfið fyrir nemendur þar sem grunnur flestra þeirra er of veikur úr grunnskóla. Efnistöð bókarnar eru líka ekki nógu góð og tenging við Ísland er lítil og því verður hún ekki notuð næstu önn. Rafrænir kennsluhættir voru á vorönn vegna lokunar skólans. Gekk það mjög vel, en ber að hafa í huga að Ólafur veiktist af veirunni – en sem betur fer endaði það vel.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á haustönn: lokapróf í efnafræðiáföngum (65%) og næringarfræði (55%).

Á vorönn: rafræn lokapróf í efnafræði (50%) og næringarfræði (50%), símat í jarðfræði.

Símat hjá Ólafi, enda erfiðar aðstæður til námsmats á vorönn vegna Covid-farsóttar. Ronald hafði af þeim orsökum einnig símat, jafnvel í eðlisfræði sem alltaf annars hefur verið lokapróf í.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ronald sótti Fablab námskeið sem var í boði skólans í desember, en einnig námskeið um jöklafræði á vegum raungreinafélagsins sumarið 2019. Ólafur sótti Líffræðiráðstefnuna 2019 í haustfríinu (<http://biologia.is/liffradistefnan-2019/>).

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Rafræn kennslubók í líffræði. Veruleg vinna í því fólgin að innleiða nýju kennslubókina og endurvinnna námsefni. Með kennslubókinni fylgdu gagnvirkar æfingar og ítarefni á formi myndskreiða, sem reyndar voru á dönsku þannig að þau nýttust því ekki nemendum.

Engin kennslubók er til á íslensku í LÍFF3DY05, lesefni er því útbúið af kennara og felst verulega vinna í því að halda úti þannig áfanga, meiri vinna en í þeim áföngum þar sem kennslubækur eru til staðar.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Prófatími eins og hann hefur verið er áætlaður er alltof stuttur, enn fremur er óæskilegt að sumir nemendur þurfi að fara í tvö próf sama dag.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Það er mikil vinna að byrja með nýja áfanga, nýja kennslubók eða hafa jafnvel engar kennslubækur í áföngum og það allt saman ætti vera tekið inn í vinnumat.

Í verklegri líffræði/lífeðlisfræði er hópum skipt upp ef hópastærð er yfir 12. Þá er annar hluti hóps í verklegu og hinn hlutinn í verkefnum. Við þær aðstæður næst ekki að sinna þeim sem eru í verkefnum, þar sem einungis er hægt að aðstoða og leiðbeina þeim sem eru í verklegu enda er það ærin starfi, hinir nemendurnir eru því afskiptir. Þetta leiðir einnig til þess að hægt er að fara yfir minna námsefni.

Annað

Aníta hætti störfum sl. áramót og þykir okkur það mikill missir. Það er spurning hvort eigi að ráða fjórða mann inn í deildina eða hvernig kennsluskipan eigi að vera háttað í framtíðinni.

Það þurfa að vera til 12 almennilegar smásjár og víðsjár, nú vantar upp á það. **Tólf er hámarksfjöldi nemenda í verklegu.** Einn kennari ræður ekki við fleiri nemendur ef verkleg kennsla á að vera með einhverju viti. Kaupa þarf eina smásjá og fimm víðsjár og ljós fyrir víðsjárnar.

ÓE hafði umsjón með umhverfisnefndinni (FUND1UN01) þetta skólaár eins og undanfarin ár. Þetta starf hefur verið ólaunað frá upphafi frá því að umhverfisnefndin var fyrst komið á fót undir merkjum Grænfánans haustið 2016. Starf kennara í umhverfisnefnd þyrfti að vera launað. Á vorönn 2020 var umhverfisnefndin sett inn í stundatöflu en fram að því voru fundir/vinnan í hádegismatartímanum, sem var óhagræði fyrir nemendur og kennara. Á vorönn byrjaði Ágústa Ragnarsdóttir myndlistarkennari í umhverfisnefndinni. Á þessum vetri voru fimm nemendur virkir allan veturinn í starfi umhverfisnefndar. Þema þessa árs og næsta eru loftslagsbreytingar/samgöngur og vistheimt (<https://landvernd.is/graenfaninn-themu/>). Starfið lagðist af þegar skólanum var lokað vegna Covid-farsóttar.

2.2.4 Sjúkraliðagreinar

Fagstjóri: Íris Þórðardóttir

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Íris Þórðardóttir	HJÚK1AG05	LÍOL2SS05
	LÍBE1HB01	HJÚK2HM05
	SASK2SS05	SJÚK2MS05
	HJVG1VG05	VINN2LS08

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Verið er að vinna með nýju hjúkrunarbókina áfram, verið að búa til verkefni og gera eitthvað skemmtilegt úr henni. Ætlaði í heimsókn á nokkra staði eftir ármót, en við frestum því til hausts. Ég var svo heppinn að nemendur mínir kláruðu veknámið á öldurnardeildum föstudaginn 13. mars og svo var öllu lokað 16.mars. Þannig að veknámið náðist

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Verklegt próf í VINN2LS08 og HJVG1VG05

Símat – SASK2SS05 og LÍBE1HB helgarnámskeið

Hinir áfangarnir eru með lokapróf, en vegna covid 19, varð bara próf í LÍOL2SS05 11. maí í lðu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ég fór á tvö seinnipartsnámskeið hér á sjúkrahúsinu: *Röðun í flokka í hópslysum/ uppsetning fjöldahjálpmiðstöðvar og Sálrænn stuðningur á slystað og 24 tíma á eftir.*

Ég hafði augastað á námskeiði í bænum um sálrænan stuðning, en það féll allt niður.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Nei

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Nei

Annað

Takk fyrir veturinn, hann var öðruvísi 😊

2.2.5 Stærðfræði

Kennslustjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Kennarar og áfangar

kennari:	áfangar haustönn 2019	áfangar vorönn 2020
Guðbjörg Helga Guðmundsd.	STÆR1AJ05 STÆR2TL05 STÆR2PT05	STÆR2RU05 STÆR2TL05 STÆR2PT05 STÆR3TL05
Ingvar Bjarnason	STÆR1RX05 STÆR2AF05	
Ingunn Helgadóttir		STÆR2AF05
Jón Grétar Hafsteinsson	stærðfræði á starfsbraut	STÆR1BB05
Kjartan Ólason	STÆR1AA05 STÆR1RX05 STÆR2RU05 STÆR2VF05	STÆR1AJ05 STÆR1RX05 STÆR2VF05
Kristjana Sigríður Skúladóttir	STÆR2AR05	STÆR2AF05 STÆR2RU05 STÆR2TL05
Magnús Másson	STÆR1AJ05 STÆR2AR05 STÆR2RU05	stærðfræði á starfsbraut STÆR2RU05
Ólafur Bjarnason	STÆR1AJ05 STÆR2TL05	stærðfræði á starfsbraut STÆR2TL05
Renata Liz	STÆR2HV05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3SG05	STÆR1BB05 STÆR3FD05 STÆR3HD05 STÆR3TD05
Ægir Sigurðsson	STÆR1AA05	STÆR2AF05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Gerð var tilraun með að bjóða stærðfræðinemendum á þriðja þrepi að aðstoða í kennslustundum hjá nemendum í AJ. Hugmyndin kom frá Kjartani og er að amerískri fyrirmynd. Verkefnið fór heldur seint í gang og erfitt reyndist að finna 3. þreps nemendur sem ekki voru þegar með pakkaða stundatöflu. Hugmyndin var að þau myndu vinna sér inn eina einingu sem *mentorar* í stærðfræði. Þá væri bæði hægt að bjóða þeim að vera inni í hópnum sem stuðningur við kennarann eða að taka fámennan hóp út og vinna með ákveðin námsmarkmið. Það síðarnefnda var prófað vikulega í fáar vikur þangað til verkefnið hætti vegna Covid-19. Það er full ástæða til að prófa þetta áfram og láta verkefnið hefjast að nýju við upphaf haustannar.

FSu tók í fyrsta sinn þátt í *Bebras* stærðfræðikeppni á þessu skólaári. ML hefur tekið þátt nokkur ár í röð en við ákváðum að vera með þeim í þessu núna. Við söfnuðum verðlaunum frá fyrirtækjum á svæðinu. Keppnin var auglýst innan skólans og einnig var farið með nokkra

hópa í tölvustofu til að taka þátt í keppninni. Það voru mjög fáir keppendur sem tóku þátt að heiman í eigin frítíma. Þeir nemendur sem tóku þátt töluðu sumir um að þetta væri skemmtileg stærðfræði. Það mætti auglýsa keppnina betur, með meiri fyrirvara, meðal nemenda og bjóða upp á spennandi verðlaun. Einni kennslustund er vel varið í slíka keppni. Gerð var tilraun með *teymiskennslu* stórra hópa í RU. Þá voru 2 kennarar með 45 manna hóp. Búin voru til tvö slík teymi þannig að allir nemendur RU voru í slíkum hópi á vorönn. Það er mikill kennslufræðilegur ávinningur að vera með tvo kennara sem í geta í samtali hjálpast að og þróað kennsluna. Einnig var gott samráð á milli teymanna tveggja. Búið var til skipulag yfir áfangann í EXCEL sem verður aðgengilegt á O-drifi fyrir þá sem kenna áfangann í framtíð. Gallinn við þetta tilraunaverkefni var helstur sá að hóparnir voru of stórir. Eins var kennslurýmið óheppilegt að lögun (lða 3-4), bauð upp á að þeir nemendur sem sækja í að sitja aftast gátu setið mun aftar en hentaði kennurunum.

Covid-19 kallaði heldur betur á breytta kennsluhætti þegar nemendum og kennurum var bannað að hittast í skólanum eftir 13.mars. Við funduðum vikulega í stærðfræðideildinni á Teams til að finna leiðir og hjálpast að í nýju aðstæðunum. Flestir völdu þá leið að „hitta“ nemendur á teams og jafnframt útbúa kennslumyndbönd til að koma efninu til skila, til viðbótar við hefðbundnar leiðir, útreikninga á Innu og annað slíkt. Sendir voru út vikupóstar og hringd símtöl. Þá var einnig mjög mikilvægt að skipulagið væri alveg skýrt, að nemendur fengju skýra verkáætlun og vissu öllum stundum til hvers væri ætlast af þeim og hvaða verkefni væru fyrirleggjandi. Nemendur sem vilja ekki láta ná í sig eiga auðveldara með það við þessar aðstæður en þegar mætingaskylda ríkir. Fyrir aðra nemendur hentaði þetta kerfi jafnvel betur en hið hefðbundna, þeir áttu auðveldara með að meðtaka skilaboðin og sáttir við að skipuleggja tíma sinn sjálfir. Það spilaði líka inn í að þeir voru ekki uppteknir í íþróttum eða öðru félagslegu atferli á meðan svo skólinn gat fengið meiri athygli en ella. Margir nemendur kvörtuðu yfir því að geta ekki hitt hópinn og fannst þetta einmannalegt fyrirkomulag.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Flestir stærðfræðiafangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotupófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn (oft um 6,5) úr lotunum eiga þá kost á að sleppa lokaprófi. Lokapróf hefur svo verið öryggisventill fyrir þá sem ekki náðu lágmarkinu, þeir eiga þá kost á að taka lokapróf sem gildir þá oftast um 70% af einkunn. Lotukerfið hefur reynst ákaflega vel til að halda nemendum virkum yfir önnina. Þeir hafa flestir mikinn áhuga á að vinna af sér lokaprófið.

Á vorönn var ljóst að námsmat áfanganna yrði ekki alveg hefðbundið vegna covid-19. Við funduðum um málið í deildinni og komust að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að draga úr kröfu um lokapróf. Í þeim áföngum sem voru með lotuskipulag og 6,5 sem lágmarkseinkunn til að sleppa lokaprófi var lágmarkseinkunnin sett niður í 4,5. Þetta gerði það að verkum að áfangarnir breyttust að mestu leyti í sí matsáfangar þar sem annareinkunn gildir sem lokaeinkunn. Þeir fáu nemendur sem ekki stóðust kröfurnar áttu kost á að taka

lokapróf. Eftir 13.mars fóru öll próf fram í gegnum INNU, annað hvort sem rafræn gagnvirk próf eða þannig að nemendur fengu pdf-skjal með prófi sem þau leysa svo á blað og skila mynd í INNU innan ákveðins tímaramma. Þetta fyrirkomulag gafst frekar vel þótt greina mætti líklega samvinnu nemenda umfram það sem til var ætlast í sumum tilvikum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GHG fór á sumarnámskeiðið Thinking Classroom með Peter Lilljendal í fararbroddi og Excel fyrir lengra komna hjá endurmenntun HÍ. Allir starfsmennskólans voru á námskeiði í Jákvæðri sálfræði en það rímar mjög vel við Gróskuhugarfarið sem við höfum nokkur unnið með og sótt námskeið hjá Jo Boler og Carol Dweck áður.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Bókalistinn hélt óbreyttur að flestu leyti nema gerð var tilraun með að nota 3000 bókina í STÆR3FD05 í stað MH-heftanna. Eftir vorönnina var ákveðið að fara aftur yfir í MH-heftið. Mikill áhugi er á að endurskoða námsefni í fornámsáföngunum STÆR1AA05 og STÆR1BB05, sérstaklega þeim síðarnefnda. Sá áfangi verður næst í boði vor 2021.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun ætti að vera að mestu óbreytt frá fyrra skólaári fyrir utan að bæta við nokkrum þáttum:

- Gott væri að í fyrsta tíma annarinnar hjá öllum stærðfræðiáföngum væri unnið með hugarfarið og hve miklu máli það skiptir fyrir námárangur að tileinka sér gróskuhugarfar.
- Á næsta skólaári má endilega vinna frekar með kennslumyndbönd sem nú er til mikill banki af.
- Teymiskennsla er líka mjög góð en hóparnir mega þá ekki vera mikið stærri en 34 nemendur(2x17).
- Mentorakerfi fyrir AJ áfanga má endilega prófa strax frá upphafi annar.
- Þjóða upp á vinnustofu fyrir kennara sem vilja efla sig í myndbandagerð (nota mannauðinn innanhúss).
- Nota eina kennslustund á haustönn fyrir Bebras og fara með nemendur í tölvustofu.
- Kasta á milli okkar hugmyndum að nýju námsefni í BB.
- Færa STÆR3TL05 yfir í lotukerfi með þéttara námsmati en var á vorönn.
- Ræða innan stærðfræðideildar hvaða tala er rétta viðmiðið til að sleppa lokaprófi og mögulega samræma þá tölu milli áfanga.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Í samkomubanninu voru kennarar að koma sér upp skrifstofuhúsnæði og fjarfundar-aðstöðu heima. Þá kom fram að mjög gott væri ef stærðfræðikennarar hefðu tölvu með *snertiskjá*. Tækni til að skrifa stærðfræðitexta auðveldlega í rauntíma eða til myndbandagerðar.

Annað

FSu tók þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og nýnemarnir, Daniel Świącicki og Sara Ægisdóttir, hlutu viðurkenningu vegna velgengni í keppninni. Alls tóku 306 nemendur úr 15 skólum þátt að þessu sinni. Daníel lenti í 8. sæti og Sara í 5. sæti. Þeim var svo boðið að taka þátt í keppni meðal þeirra bestu í vor sem þau gerðu. Sú keppni átti að gefa möguleika á á þátttöku í frekari keppnum sem fulltrúar Íslands í Norðurlandakeppni og Ólympíuleikum í Sankti Pétursborg. Við fréttum ekki fleira af þessu eftir að samkomubannið var sett á. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með frábæran árangur.

Ólafur Bjarnason samkennari okkar og kennslustjóri til langs tíma lætur af störfum við skólann þetta vorið ásamt því að fagna 70 ára afmæli þann 14. júní. Við í stærðfræðideildinni þökkum honum farsælt samstarf og hlýja nærveru öll árin hans við skólann.

2.2.6 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Tréiðngreinar

Nafn kennara:

Áfangi/ar

Áfangi/ar

haustönn

vorönn

Jón Sigursteinn Gunnarsson

HÚSA3HU09

HÚSA3ÞÚ09

EFRÆ1EF05

TRÉS1VT08

TRÉS2VÁ05

LOKA3HU08

Lárus Gestsson

GLUH2GH08

INRE2HH08

HÚSA3HU09

HÚSA3ÞÚ09

TRÉS1VA05

LOKA3HU08 50%

TRÉS1SXVA05

Óskar G Jónsson

TRÉS1SX05

INKK2HH05

GLUH2GH08

HÚSV3HU05

TRÉS1HV08

INRE2HH08

BRAG1SC01

Svanur Ingvarsson	TRÉS1SX05	GRTE1FA05
	GRTE1FA05	GRTE2FB05
	GRTE2FB05	TRST3HH05
	BRAG1SA01	BRAG1SB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

LG - Í gluggaáfanganum í haust voru gluggar og hurðir smíðaðar fyrir húsin sem eru í smíðum í áfanganum HÚSA3HU09. Allt efni var unnið í yfirfræðisáfanganum, það er í fyrsta skipti sem hann er notaður í raunhæfum verkefnum.

Mjög góð viðbót við kennslu áfangans þó námsviðmið áfangans verði að sjálfsögðu að halda sér.

SI – Ekki aðrar en þær sem Covid 19 stöpp krafðist. Var í tölvupóstsambandi við nemendur. Sendi nemendum nokkrar lausnir í GRT, annars studdust þeir við áætlun og leibeiningar í möppunni. Í tréstigum var ekki um kennslu að ræða í stoppinu. Heldur var, eins og í öðrum verklegum áföngum í Hamri, tekin törn frá 4. – 20. maí samkvæmt skipulagi.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

LG - Í verklegum áföngum hef ég skipt viðfangsefnum upp í verkefni eða mat sem ég set á Innu þrisvar á önn, verkefnin og matið eru skráð með einkunnareglu í Innu og einkunn gefin þar jafnóðum, símat sem virkað hefur mjög vel. Er með bókleg verkefni á sama hátt í gegnum Innu í verklegum áföngum sem hluta af símati.

Ég held því fram að símat sem er sýnilegt nemendum jafn óðum sé hvetjandi og styðji þá sem eiga erfitt með að halda einbeitingu út önnina.

SI – Símat í verklegu að venju. Prófaði símat í grunnteikningu í annað sinn. Er að þróa það hjá mér, finnst það heppilegt og mun nota það aftur.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

LG - Ég hef nýtt mikið af mínum tíma sem aflögu er til að læra á tölvustýrða yfirfræðisáfanganum

okkar. Mér finnst best að kenna sjálfum mér með rökhugsun og hugmyndafræði einfaldleikans, að sjálfsögðu leita ég mér upplýsinga, en þegar ég er búinn að finna út hvernig eitthvað virkar, þá getur verið árangursríkara að bæta við þekkingu á þeim tímapunkti. Hef ekki sótt formleg námskeið á síðasta skólaári nema skólaheimsóknina til Danmerkur í fyrra.

Lít reyndar svo á að maður sé alla daga á námskeiði ef maður sér tækifæri í að uppfæra sig á daglegri reynslu.

SI – Nám í blýantsteikningu við FSu í allan vetur,-hægferð. Áfangi: MYNL3TK05

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim.

LG - Hef notað talsvert efni af vefnum þar sem mér finnst framboð kennsluefnis á tölvutæku formi nánast ófáanlegt öðruvísi, þarna verður maður að fara varlega því höfundarréttur er alltaf það sem verður að hugsa út í. Öll bókleg verkefni hjá mér eru unnin í tölvu gegnum Innu þannig að ég hef ekkert þurft að prenta verkefni út á pappír til nemenda.

SI – Með tvöföldum hefilbekkja, tókum í gagnið 12 nýja hefilbekki í haust, varð bekksalurinn mun „öflugri“. Það var sem dæmi auðveldara að vera með tvo hópa í stofunni samtímis.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

LG - Reyna eins og mögulegt er að hafa t.d. húsaáfangann í eins mörgum samliggjandi tímum og mögulegt er. Þetta á reyndar við í öðrum verklegum áföngum líka en sérstakleg húsinu þar sem mikill tími getur farið í að koma sér af stað í útivinnu.

SI – Gera þetta allt með sama/svipuðu sniði. Nota sem mest af miðvikudagsfundunum til samráðs. Kennarar í Hamri eru sammála um að samráð allra deilda í Hamri sé mjög gott að hafa af og til.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

SI – Enn er eftir að kaupa eitthvað af vélum samkvæmt þarfagreiningu. Auk þess þarf einfaldlega alltaf að vera vakandi varðandi endurnýjun á tækjum og búnaði. Eðlilegt verður að teljast að eitthvað þurfi að gera/kaupa á hverju ári. Þegar færi gefst þarf að skipta út gömlu hefilbekkjum fyrir nýja.

Annað

LG - Í fyrra nefndi ég ókost við að henda út einkunnareglu til að geta skráð lokaeinkunn í Innu. Þessu hefur nú verið breytt og er ég mjög ánægður þá breytingu.

Einnig minntist ég á rafrænt námsefni, það er allavega komin ein rafbók síðan í fyrra sem við getum nýtt okkur í trédeildinni, það er mjög jákvæð þróun ef fleiri rafbækur eða aðgangur að rafrænu efni yrði aukið að mínu mati.

SI – Nefna má að gagngerar úrbætur á hljóðvist í trédeild í sumar heppnuðust vel. Það var í raun fyrst kennsluhæft í stofunum eftir þær.

Málmiðngreinar

Fagstjóri: Borgþór Helgason

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Borgþór Helgason	AVVI3VE07	EFNG3VE03
	GÆVA2GV02	STYT3VE03
	GÆVA2VE03	STÝR2GB05
	IÐNT2VE07	TTÖL3VE05
	LAGN3VA03	TÖVÉ2VE05
	RAFM1MG05	VETÆ2VE03
	STYT2VE03	VÉLF3VE03
	VÖKT2VE03	VÖKT3VA03
Ingvar Grétar Ingvarsson		MÁLM1SX05
		HGSU2VE03
Magnús Tryggvason	RENN2RB04	HVMÁ1MG05
	MÁLM1VA05	MÆLM1MG02
	MÁLM1SX05	PLVI2PA03
	RAFS2RA04	

Sigurþór Leifsson	AVVI2AB04	AVVI1MG03
	EFNG1MG03	AVVI3VF05
	KÆLT3VA03	EFNG2MG02
	PLVI1PA04	RENN1MG05
	RAFS2RA04	TTÖL2MG03
	VÉLF2VE03	VÉLF1MG03
Sigurður I Grímsson	LHRRSU	LHRRSU
	LOSU1LS03	
	HGSU1HS03	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

BH - Það var farið dýpra í námsefnið svo kom Covid 19 og þá breyttist bóklegi hlutinn út á netið.

SL - Nýjungar voru aðalega tengdar Covid19 sem fjarkennsla

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

BH - Ég notaði símat í mínum áföngum.

SL - Engar breytingar frá fyrra ári

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BH - Ég ætlaði á glussanámskeið í Bretlandi með Grím en því var frestað. Ég hef sjálfur verið að endurmennta mig í glussa vélaviðgerðum og cnc, í lokuninni var ég að æfa mig á cnc og ásamt því að sinna fjarnámi.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

BH - Það voru ekki nýjar bækur á árinu en það var farið aðeins lengra inn í kennsluefnið.

SL - Ný kennslubók í vélfræði á vorönn sú bók hefur ýmsa galla, er skrifuð of mikið út frá höfundu.

Ný kennslubók í rennismíði sem er góð

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BH - Með nýrri braut í vélvirkjun er nauðsynlegt að bæta inn 2 áföngum af rafbrautinni þ.e raf lagnir og raf mótórar. Það er mjög mikilvægt að nemendur í vélvirkjun fái betur innsýn inn í rafmagnið. Með nýju brautinni dattu út 3 rafmagnsfræði áfangar og það var mjög slæmt fyrir nemendur. En með þessum 2 áföngum væri hægt að bæta þeim það upp. Það er rými fyrir þessa áfanga í brautinni. Einnig væri gott að taka aftur upp heitið grunndeild bíliðna enda verða um sömu áfanga að ræða eins og í Borgarholti. (sjá slóði hér að neðan)

<https://www.bhs.is/namid/brautir/idn-og-starfsnam/grunndeild/>

SL - Þarf að útvega tæki fyrir áfangann í kælitækni og kennari þarf að fara á námskeið í þeim málum

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

BH - Það má fara skoða seinni fasann í vélakaupum það þarf að skipta út mig vélum og bæta við rafsuðuvélum.

SL - Klára að smíða yfir port við hlið trédeildar svo það sé skjól fyrir vélar og búnað sem ekki geta verið inni.

Annað

BH - Haldið var sveinspróf í vélvirkjun núna í febrúar og gekk það mjög vel. Bæði próf takar og próf haldarar voru ánægðir með aðstöðuna.

Rafiðngreinar

Fagstjóri: Grímur Lúðvíksson

Kennarar og áfangar

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Grímur Lúðvíksson	RAFM2GC05	RAFL1VA05
	RATÆ1MG03	RAFM2GB05
	TNTÆ1GA03	RATM2GB05
	TNTÆ3GC05	STÝR2GB05(2/4)
	VGRV1ML05	VGRV1RS03
	VGR2PR03	VGRV3TP03

Guðni Guðjónsson	RAFM1GA05 (3/4)	FRLA3RB05
	RAFL2GC03	RAFM3RF05
	STÝR3GC05 (2/4)	RAFL3RE04
		RAST2RB05
Tómas Jónsson	RAFL1GA03	RAFM3GD05
	RAFM1GA05 (1/4)	RÖKR1MG03
	STÝR1GA05 (2/4)	TNTÆ2GB05
Helgi Kristinsson	FRLA3RA05	RAFL1GB03
	LYST3RB05	RAFL3GD05
	RAFM3RE05	RRVV2RS05
	RLTK2RB05	RLTK3RB05
	STÝR3RD05	VSME2GR05
Borgþór Helgason		STÝR2GB05(2/4)

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Á haust misseri skiptu kennarar með sér stýringa áfanga og rafmagnsfræði, sami hópur.

Á vor misseri var FRLA3RB05 kennt af Rafmennt með aðkomu GG.(námskeið)

Verulegar breytingar vegna notkunar á fjarkennslubúnaði (teams) vegna samkomubanns og skólalokunar á vorönn

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Grímur: Lokapróf í RAFM2GC05 en annars allt með símati.

Guðni: Beitt var símati og leiðsögn í mati, einnig voru viðhafðar kannanir sem nemendur gátu notast við gögn. Gafst vel og leiðsagnarmatið gerði nemendum kleift að bæta sig í seinni skilum.

Tómas: Námsmat gekk almennt vel, í og eftir skólalokun. Enginn matsþáttur námsmats féll niður, en nokkrum matsþáttum lítillega breytt. Fjarnámsvirkni nemenda var almennt góð.

Símat, án lokaprófs, í öllum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðni: Kennari viðhélt færni sinni með vinnu í rafvirkjatengdum verkefnum í atvinnulífinu.

Grímur: Námskeið í notkun tölvufræsara og teikniforritinu Inkscape.

Tómas: Vor´20: Netöryggisnámskeið CCNA Cybersecurity Operations. Endurmenntunarskóli TS

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Guðni: ; Rafbók var notuð ásamt rafrænum aðgangi að stöðlum sem rafmennt býður nemendum aðgang að án endurgjalds.

Grímur: Notuð hermiforrit í rafmagnsfræði og rafeindatækni sem býr til verkefni og leggur fyrir nemendur og gefur einkunn. Notaður eru sýndarveruleiki við lausn verkefna.

Tómas: Engar nýjungar á skólaárinu

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Grímur: Kennarar deildarinnar hafa rýnt og metið sjálfa sig og leggja til kennsluskiptingu sem miðar að því að hæfileikar hvers kennara nýtast nemendum sem best. Það mun því verða einhverjar breytingar á hvað hver kennari kennir.

Vonast er til að Guðni Guðjónsson komi til fullra starfa í haust ásamt því að Tómas Jónsson verði áfram í ca. Hálfri stöðu. Þór Stefánsson kemur aftur eftir námsleyfið síðastliðið ár. Hann kemur ferskur aftur og hefur sótt sér viðbótarmenntun í HÍ og HR sem nýtist vel í kennslu sérstaklega í stýringum.

Guðni: Reikna með aukinni notkun á fjarkennslu búnaði og samskiptum í gegnum tölvu (teams)

Helgi: Vor 2021 þarf að endurskoða 2 áfanga sem heita VSME2GR05 og RAFL3GD05. Í RAFL3GD05 er of lítið kennt samkvæmt lýsingunni í kennsluáætlun og í VMSE2GR05 er allt of mikið efni sem á að fara yfir. Þessa áfanga ætti að útbúa þannig að þeir séu að fara yfir sama efni og er í þeim báðum en skipta því rétt á milli þeirra.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Guðni: Búnaði til heimakennslu kennara til að auka þjónustu við nemendur og gera þeim kleift að stunda nám sitt í einhverjum mæli að heiman, þegar veður eru válinn eða aðstæður bjóða.

Tómas: Mér finnst kennslubúnaður í STÝR1GA05 mjög takmarkaður, fyrir svo fjölmennan nemendahóp, sem var hjá mér (15 til 16 nemendur)

Annað

Helgi: Gott væri ef við fengjum stofu H-8 til þess að setja þar upp Bruna, öryggis og net kerfi. Þá væri stofan bara notuð sem verkleg stofa og einnig væri þá hægt að nota hana sem einskonar lager líka.

Grímur: Skiptar skoðanir um þessa bóklegu kennslustofu sem Helgi nefnir og þarf að skoða þetta vel og heildrænt. Hinsvegar er deildin að stækka ört og verða teknir inn 2 hópar í haust og því þörf á meiri kennsluáðstöðu með verklega kennslu. Vel mætti hugsa sér að bókleg kennsla mundi að einhverju leyti flytjast yfir í lðu.

Tómas: Kennslan í einstökum aðstæðum á vorönn, gekk mjög vel.

Háriðngreinar

Kennari: Elínborg Arna Árnadóttir

Áfangar haust 2019

HÁRG2GB02B

HLIT2GB01B

HKLI2GB03B

IÐNF2GB04B

HPEM2GB02B

ITEI1GB05B

HÁRG1VA03 (VAL) (1)

Áfangar vor 2020

HÁRG2GB03C

HLIT2GB01C

HKLI2GB03C

IÐNF2GB04C

VINS2GB03A

HÁRG1VA03 (VAL) (1)

HÁRG1VA03 (VAL) (2)

Námsmat. Haustönn, símat er í öllum áföngum og tekur nemandi samtals 41 próf á önn. Það á ekki við um valáfangann.

Vorönn, eins og þekkt er orðið fjarnám og svo lokapróf. Valáfanginn slapp við lokapróf

Námskeið: Eitt fagnámskeið: Pivot point **Teachers traning camp, Reykjavik 10.-13.ágúst**

Endurmenntun Háskóla Íslands.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu : Í undirbúningi er að hefja notkun á endurbættu Pivot point kennslukerfi sem ber heitið LAB. Ég hef verið að viðá að mér upplýsingum um það og reiknað er með að taka það í notkun haust 2020. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar þrjár annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Mig langar að leggja til að við í hárdeildinni fáum eitt salerni til afnota það yrði læst og bara fyrir deildina.

Það er bara ansi allt yndislegt í Hamrinum.

2.3 Svið: Sérnámsbraut

Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir

Ársskýrsla sérnámsbrautar 2019-20

Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir

Sérnámsbraut F.Su er nú að ljúka sínu tuttugasta og áttunda starfsári. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 60. Tveir nemendur skiluðu sér ekki inn í skólann og sex hættu námi á önninni. Tveir kennarar, báðir í fullri stöðu, bættust við kennarahópinn; Berglind Bergsveinsdóttir þroskaþjálfari og Eva Dögg Jafetsdóttir þroskaþjálfari sem starfar sem sérkennari. Karitas Tómasdóttir bættist við í hóp stuðningsfulltrúa í 84% starf.

Skráðir nemendur í upphafi vorannar voru 54 en fjórir hættu námi. Kynjahlutfall stúlkna hélst áfram í um 38% en það hefur hækkað á síðustu árum. Enginn nemandi útskrifaðist af sérnámsbraut um jól en fimm nemendur að vori; allir nema einn eftir fjögurra ára nám.

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nafn kennara:	Áfangaheiti	Áfangaheiti
Berglind Bergsveinsdóttir	FÉLA1XD04	FÉLA1XB04
	ÍSLE1XA05	FÉLA1XD04
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XB05
	LÍFS1XB04	ÍSLE1XD04
	STÆR1XA05	STÆR1XB05
Eva Dögg Jafetsdóttir		STÆR1XD04
	BRAG1SA01	ENSK1XB04
	ENSK1XA04	FÉLA1XB04
	ENSK1XC04	STAS1XA04
	ÍSLE1XA05	STÆR1XB05
Guðmundur Björgvin Gylfason	LÍFS1XB04	
	BRAG1SA01	ENSK1XB04

Hafdís Garðarsdóttir	ENSK1XA04	FÉLA1XB04
	ENSK1XC04	KVIK1SX02
	LÍFS1XB04	ÖKUN1SA02
	HEST1SX02	ÁLFA1XB02
	ÍSLE1XA05	FÉLA1XB04
	ÍSLE1XC05	ÍSLE1XB05
	LÍFS1XB04	STAS1XB02
Jóhanna Guðjónsdóttir	STÆR1XA05	STÆR1XB05
		STÆR1XD04
	ÍSLE1XA05	ÍSLE1XB05
	STÆR1XA05	STÆR1XB05
Linda Rut Larsen	ÍSLE1XA05	FÉLA1XB04
	KVIK1SX02	ÍSLE1XB04
	LÍFS1XB04	KVIK1SX02
	STÆR1SX05	STÆR1XB04
	STÆR1XA05	STÆR1XC04
Þorbjörg Vilhjálmisdóttir	ENSK1XA04	ENSK1XB04
	ENSK1XC04	ENSK1SX04
	ÍSLE1XA05	FÉLA1XB04
	LÍFS1XB04	HOME1XA02
	SPI1XA01	ÍSLE1XB05
		SPI1XA01
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND1SX02	MYND1SX02
	MYND1SX05	MYND1SX05
		NÝMI1XF02

		NÝMI1XM02
Ágústa Rúnarsdóttir		ENSK1RX05
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1BX02
		ÍPRÓ1PX02
Birna Sigurkarlsdóttir		DANS1XA04
Elísabet Helga Harðardóttir	MYND1SX02	MYND1SX05
	MYND1SX05	
Freyja Hilmarsdóttir	REIM1SX02	REIM1SX02
Guðbjörg Bergsveinsdóttir	FATN1SX05	FATN1SX05
Guðfinna Gunnarsdóttir		HÆFI1XA01
		LEIK1SX02
Guðríður Egilsdóttir	MATR1SX05	
Gunnar Rafn Borgþórsson	ÍPRÓ1PX02	ÍPRÓ1PX02
Helgi Hermannsson	FOPJ1XA05	
Ingunn Helgadóttir	ENSK1RX05	
Ingvar Bjarnason	STÆR1RX05	
	TTÖL1XA02	
Ingvar Grétar Ingvarsson		MÁLM1SX05
Jón Grétar Hafsteinsson	STÆR1SX05	
Jórunn Sigríður Birgisdóttir	MATR1SX05	BAKA1SX02
	SMÁR1SX02	MATR1SX05
Lárus Gestsson		TRÉS1SX05
Kjartan Ólason	STÆR1XA05	STÆR1RX05
Magnús Másson		STÆR1SX05
Magnús Tryggvason	ÍPRÓ1PX02	

	MÁLM1SX05	
Ólafur Bjarnason		STÆR1XB05
Óskar Guðbjörn Jónsson	TRÉS1SX05	
Ronald Guðnason	EÐLI1XA02	EÐLI1XB02
Rósa Marta Guðnadóttir	GODI1SX02	
Stefán Hannesson	ÍSLE1RX05	ÍSLE1FA05
		ÍSLE1RX05
Svanur Ingvarsson	TRÉS1SX05	
Sverrir Ingibjartsson	ÍPRÓ1GX02	ÍPRÓ1GX02
		ÍPRÓ1PX02
Þóra Valdís Hilmarsdóttir	HÁRG1SX02	HÁRG1SX02

Stuðningsfulltrúar á haustönn voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir, Karitas Tómasdóttir og Lovísa Bragadóttir. Allar í 84% starfshlutfalli á ársgrundvelli (100% hlutfall á starfstíma skóla). Á vorönn leysti Karitas Tómasdóttir Aðalbjörgu Kristínu af í leyfi hennar.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á haustönn var námsgreinin félagsfærni kennd í fyrsta sinn. Um var að ræða einstaklingstíma þar sem unnið var að því að auka félagsfærni og þar með lífsgæði nemenda innan skólans. Nemendur fengu t.d. þjálfun í athöfnum daglegs lífs sem nauðsynlegt er að kunna skil á sem framhaldsskólanemandi. Námsgreinin hélt áfram á vorönn og er að mati sviðsstjóra sérkennslu komin til að vera, þar sem slök félagsfærni er oft fylgífiskur þungra fötlunargreininga.

Á vorönn var boðið upp á dönsku, boltaíþróttir, ljósmyndun og fablab í fyrsta sinn. Áfanginn í boltaíþróttum reyndist erfiður þar sem of fáir nemendur voru í hópnum. Til að bjóða upp á áfangann að nýju þarf að byrja með að lágmarki 10 nemendur. Kennslan í dönsku gekk vel en leiðinlegt hve margir nemendur hættu í áfanganum. Kennsla í ljósmyndun og fablab verður í boði á ný á vorönn 2021.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat á haustönn var hefðbundið, þ.e. lokapróf var einungis í íslensku eins og löng hefð er fyrir. Vegna skólalokunar var símat í öllum námsgreinum á vorönn. Símat er langalgengasta námsmatsformið á sérnámsbraut.

Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt

Sérkennarar og þroskaþjálfar voru duglegir að stunda endurmenntun á skólaárinu.

- Tveir sérkennarar fóru á ráðstefnu Félags sérkennara á Íslandi þar sem *Tengslavandi barna* var til umfjöllunar þann 9. ágúst.
- Þrír sérkennarar fóru á námskeiðið *Stærðfræði fyrir alla – nemendur með stærðfræðierfiðleika á starfsbrautum framhaldsskóla* á vegum EHÍ þann 12. og 13. ágúst.
- Allir sérkennarar fóru á ráðstefnuna *Menntun til framtíðar* þann 20. september.
- Þrír sérkennarar fóru á námskeiðið *Tækni í lestri og ritun* þann 1. október á vegum Tölvumiðstöðvar.
- Sérkennari fór á *Menntakvikun*, ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands þann 4. október.
- Þroskaþjálfari fór á námskeiðið *Frí forrit og öpp* þann 15. okt. á vegum Tölvumiðstöðvar.
- Sérkennari sat málþing Málefis um málþroskaröskun *Samskipti eru mannréttindi* þann 18. október.
- Sérkennari sat ráðstefnuna *Starfsþróun kennara – hvar eru tækifærin* þann 6. nóvember.
- Þroskaþjálfari fór á námskeiðið *Að skrifa sig til læsis* þann 12. nóvember á vegum Tölvumiðstöðvar.
- Tveir kennarar tóku þátt í fræðsludegi Félags íslenskra sérkennara sem bar yfirskriftina *Nýjar tæknilausnir í skóla margbreytileikans* þann 25. nóvember.
- Fjórir kennarar og þrír stuðningsfulltrúar sátu FAB LAB námskeið í F.Su í desember.
- Fjórir sérkennarar sátu framhaldsnámskeið um *Tengslavanda barna* þann 16. janúar á vegum Félags sérkennara á Íslandi.
- Þroskaþjálfari sat Málþing Þroskaþjálfafélags Íslands 31. janúar.
- Þroskaþjálfari fór á námskeið um Tobii communicator þann 13. febrúar á vegum Öryggismiðstöðvar Íslands.
- Sérkennari tók þátt í rafrænum fræðslufundi um *Kvíða barna* á vegum Félags sérkennara á Íslandi þann 2. maí.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Samfélagsfræðikennarar héldu áfram að útbúa og þróa efni frá grunni í lífsleikni- og félagsfræðikennslu. Lögreglumenn komu í heimsókn í lífsleikni á haustönn og voru með innlegg um forvarnir sem varða ávana- og fíkniefni og umferðina. Kynheilbrigði, verkefnabók 1 var keypt fyrir lífsleiknikennsluna.

Í ensku og lífsleikni var forritið TOONTASTIC tekið upp. Nemendur sóttu forritið í símann sinn og unnu verkefni í því. Um er að ræða skemmtilegt forrit sem er auðvelt í notkun.

Íslenskukennarar útbjuggu nýtt kennsluefni í íslensku út frá bókunum *Ég elska mána* eftir Þorgrím Þráinsson og *Rottur* eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur.

Í stærðfræði hófu kennarar að nota ýmsar þrautir og fjárfestu t.d. í Tangram. Þá voru líka keypt Numicon talnaspjöld.

Sérkennarar og aðrir kennarar sérnámsbrautar ganga ekki að kennsluefni fyrir nemendur á brautinni heldur þurfa að útbúa efni, bæði fyrir fjölbreytta hópa og einstaklinga.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Starfsáætlun sérnámsbrautar er í vinnslu þegar þetta er skrifað. Nú liggur fyrir að 15 nýnemar hefji nám á brautinni á komandi haustönn sem er sögulegt lágmark í seinni tíð. Líklega munu 38 eldri nemendur halda áfram námi. Nemendafjöldi á sérnámsbraut næsta haust stefnir því í 53 sem er lægri kantinum og fækkun á milli ára.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Það fækkar í þeim nemendahópi sem hefur mestu sérþarfirnar, þó að von sé á tveimur nemendum í hópinn með umtalsverðum meiri sérþörfum en vant er. Einstaklingskennsla verður því fyrirferðarmeiri á næstu önn en áður hefur tíðkast. Nemendurnir tveir koma báðir úr Setrinu, sérdeild Suðurlands og hefur sviðsstjóri og þroskaþjálfari setið teymisfundi varðandi annan nemandann frá áramótum. Starfsmenn Setursins hafa komið í F.Su og tekið út búnað og kennsluaðstöðuna. Sviðsstjóri sérkennslu og þroskaþjálfari, auk stuðningsfulltrúa, hafa átt fundi og vettvangsathuganir í Setrinu til að afla sem bestu upplýsinga beint af vettvangi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sviðsstjóri er nú að undirbúa komu mjög fjölfatlaðs nýnema. Í undirbúningi eru t.d. kaup á tveimur seglyfturum með rafglennu á hjólastelli. Þá þarf að endurnýja stóla í stofu 316 þannig að þeir hæfi hávöxnum ungmennum. Handsturtutæki verður sett upp á sérútbúna klósettinu fyrir fatlaða á þriðju hæð Odda. Þá þarf að útbúa hvíldaraðstöðu í innra viðveruherberginu.

Annað

GoPro skjalakerfið hóf inngöngu sína á sérnámsbraut á haustönn. Það hafði þau áhrif að kennarar fóru að skrá fundargerðir á skilmerkari hátt. Þá var tekið í notkun eyðublað vegna upplýsts samþykkis þeirra nemenda sem hafa náð 18 ára aldri (eru lög- og sjálfráða). Upplýsingaflæði á brautinni var aukið en sviðsstjóri sérkennslu hóf að senda út tölvupóst sem átti við alla nemendur brautarinnar auk þess sem hann sendi líka tilkynningar á fésbókarhópinn *Sérnámsbraut Fsu foreldrahópur* sem var stofnaður af forráðamanni nýnema í byrjun haustannar.

Á haustönn bættist innra herbergið við viðveruherbergið á fyrstu hæð í austurenda Odda. Herbergin koma að mjög góðum notum þegar nemendur eru í svokölluðum götum og efla félagsleg tengsl nemenda.

Í október opnaði frístundaúrræðið Kópurinn fyrir nemendur á sérnámsbraut en það er samstarfsverkefni allra sveitarfélaganna sem standa að baki skólanum. Í upphafi nýttu aðeins 4 nemendur úrræðið en við skólalok í maí voru það að jafnaði 5-6 nemendur sem nýttu þjónustuna.

Í janúarlök hitti sviðsstjóri sérkennslukennara á unglingastigi í Sunnulækjarskóla þar sem hann kynnti mismuninn á sérnámsbraut og grunnmenntabré. Kynning var unnin í samstarfi við Bjarneyju Sif Ægisdóttur náms- og starfsráðgjafa sem veitir grunnmenntabré forstöðu.

Þann 3. febrúar var þrískólafundur haldinn hér í F.Su. Samstarfið er jákvætt að því leyti að það opnar á tengsl milli kennara og stuðningsfulltrúa og gefur starfsmönnum innsýn í starf annarra framhaldsskóla. Það er mikilvægt að kennarar geti rætt um kennsluna sína og miðlað sín á milli; slíkt eykur ávallt þekkingu kennara og stuðningsfulltrúa.

Þann 20. febrúar kynnti sviðsstjóri sérnámsbrautar starfsemi brautarinnar á skólanefndarfundum.

Sérkennarar lögðu í þriðja sinn fyrir nýnemakönnun á brautinni um leið og valdagur fór fram þann 11. mars. Helstu niðurstöður voru að 82% nýnema finnst mikilvægt að standa sig vel í skóla og 75% telja sig taka virkan þátt í kennslustundum. 94% nýnema eiga góða vini í skólanum og 82% hlakka oft til að hitta félag sína í skólanum. 82% nýnema líður vel í skólanum. Rúm 82% nýnema eru á þeirri námsbraut sem þeir vildu helst vera á. 88% nýnema telja kennara sína leggja sig fram um að nemendur nái árangri og 71% myndu leita til umsjónarkennara sinna ef þeir ættu í erfiðleikum vegna námsins. 77% nýnema finnst yfirleitt auðvelt að tala við kennara sína og rúm 76% þeirra reikna með að ljúka framhaldsskólanámi.

Vorönnin verður lengi í minnum höfð af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna tíðra óveðra og kennslufalli þeirra vegna og hins vegar vegna rúmrar 5 vikna skólalokunar vegna kórónaveirunnar sem sótti flest ríki þessa heims heim. Nokkru fyrir skólalokun hafði sérnámsbrautin gefið út að ekki væri hægt að sinna nemendum brautarinnar í gegnum fjarnám og að þeir yrðu ekki krafðir um heimanám kæmi til lokunar. Þegar lokunin varð að veruleika bárust óskir frá forráðamönnum um fjarnám og ljóst var að aðrar sérnámsbrautir ætluðu að bjóða fjarnám fyrir sérkennslunemendur. Í kjölfarið var ákvörðunin endurskoðuð og kennarar settu sig í samband við nemendur sína og buðu fjarnám í íslensku, heimilishaldi, ensku og stærðfræði. Þátttaka í fjarnáminu var misjöfn og helgaðist að miklu leyti af aðstöðu nemenda heima fyrir. Nemendur máttu afþakka þátttöku í fjarnámi og sumir gerðu það en það voru líka send út skylduverkefni. Kennarar sendu ýmiskonar námsefni heim, með pósti eða rafrænt, notuðu kennsluvefi, gagnvirk vefverkefni og slóðir á kennslumyndbönd. Sumir kennarar reyndu að hafa námsefnið þannig að nemendur gætu unnið sem mest sjálfstætt. Kennarar nýttu INNU, tölvupóst, símtöl, sms og messenger til að hafa samskipti við nemendur. Teams var ekki notað. Sumir kennarar gáfu nemendum upp ákveðin aðstoðartíma þar sem þeir voru til taks við tölvu eða síma. Aðrir voru tilbúnir að aðstoða óháð tíma eða degi. Kennarar settu sig í frekara samband við nemendur sem voru óvirkir og það hafði áhrif til virkni á suma nemendur, ekki alla. Nemendur höfðu rýmri tíma til að vinna verkefnin en þegar námið fór fram í skólanum. Þar sem nemendahópur sérnámsbrautar er mjög fjölbreyttur var ekki alltaf hægt að gera skilakröfu á verkefnin. Þeim nemendum sem var gert að skila verkefnum gekk misjafnlega að standa undir þeirri kröfu. Nemendur sem ekki sinntu fjarnámi í skólalokunni voru sumir í vinnu, sumir að hjálpa til heima t.d. við heimilisstörf eða að líta eftir yngri systkinum.

Þegar ljóst var að samkomubann yrði hækkað úr 20 manns í 50 þann 4. maí var ljóst að sviðsstjóra sérkennslu þótti brýnt að bjóða nemendum sérnámsbrautar að koma í skólann fyrstu vikuna í maí og ljúka önninni innan veggja skólans. Röksemdir opunarinnar voru:

- Sérnámsbraut hefur ávallt skipað sérstöðu innan skólans bæði hvað varðar kennslu- og prófayrirkomulag. Hún er eina námsbraut skólans sem sinnir einstaklingsmiðuðu námi í fámennum hópum.
- Nemendur með námserfiðleika eiga mun erfiðara með fjarnám og sjálfstæð vinnubrögð en aðrir nemendahópar. Það eru aðstæðurnar heima fyrir sem ráða mestu um virkni nemenda í fjarnáminu; tími foreldra og námssamband nemenda og foreldra. Í mörgum tilfellum gat fjarnám ekki átt sér stað nema með því einu að foreldrar færu sjálfir í kennarahlutverkið.
- Sérnámsbraut tók ekki upp Teamskennslu að lágmarki tvisvar í viku miðað við 5 einingaáfangar eins og skólameistari lagði til á kennarafundi þann 13. mars.
- Á sérnámsbraut voru sumir bóklegir áfangar lagðir alveg niður ólíkt öllum öðrum brautum skólans (féla, stas og kvik).

Sviðsstjóri hafði samband við alla ensku-, íslensku- og stærðfræðikennara brautarinnar auk stuðningsfulltrúa og var mikill meirihluti hlynntur opnun og margir fögnuðu henni heilshugar. Einnig var haft samband við samstarfsaðila brautarinnar; Skammtímaivistunina í Álfatarima, Frístundina Kópinn og félagsþjónustu Árneshvíls vegna skólaaksturs. Íþróttakennarar skólans höfðu óvænt samband við sviðsstjóra og óskuðu eftir aðkomu sinni ef af opnun yrði. Aðkoma íþróttakennara skipti sköpum seinni tvo dagana í maí þegar stærsti hluti nemenda var í skólanum. Sviðsstjóri hafði einnig samband við öll heimili nemenda og kannaði hvort opnunin væri studd af forráðamönnum/lögráða nemendum. Að mati sviðsstjóra var rangt að bjóða upp á opnun ef hún ylli togstreitu milli nemenda og forráðamanna þeirra. Í ljós kom að langstærstur hluti nemenda vildi þiggja kennsluna; 46 nemendur af 52. Forráðamenn voru mjög jákvæðir fyrir stuttri opnun og sumir töldu þetta tækifæri skipta sköpum fyrir andlega heilsu ungmenna sinna sem var orðin slök í apríllök. Þeim fannst mjög mikilvægt að fá ákveðna lokun á önninni innan skólans.

Eftir að skólameistari gaf út vilyrði fyrir opnun sérnámsbrautar í 4 daga alls þar sem hver nemandi kæmi í tvo daga frá 8:15 til 12:20 hófst mikil skipulagsvinna. Ekki var hægt að nýta stundatöflur nemenda þar sem kennslan varð að fara fram á afmörkuðu, lokuðu svæði á þriðju hæð til að fylgja fyrirmælum almannavarna. Kennsla í list- og verkgreinum var ekki í boði. Kennslugreinar þessara daga voru enska, félagsfræði, íslenska, stærðfræði og útivist og fengu nemendur nýjar stundatöflu fyrir tvo daga. Fyrri dagana tvo komu nemendur í svokölluðu litlu hópum og þá voru alls 12 til 18 manns á svæðinu. Seinni dagana tvo voru nemendur í stærri hópum og þá voru alls 31 til 42 manns á svæðinu. Aðeins átta nemendur af 52 komu ekki. Sumir vegna þess að þeir voru í áhættuhópi en aðrar ástæður voru oft mjög persónulegar. Verkfall Eflingar hafði slæm áhrif á þátttöku nemenda úr Þorlákshöfn en áður hafði félagsþjónusta Árneshvíls sýnt mikla lipurð og var tilbúin að veita akstursþjónustu þar sem þjónusta strætó var enginn úr Þorlákshöfn þessa daga. Almenn ánægja var meðal nemenda og kennara með maikennsludagana. Báðum hópum fannst gott að ljúka önninni með þessum formlega hætti innan veggja skólans.

Að þessu sinni átti Hæfileikakeppni starfsbrauta að vera haldin af F.Su þann 2. apríl. Vegna skólalokunar varð ekkert af keppninni en undirbúningur innan skólans var kominn af stað. Keppnin verður vonandi haldin í F.Su að ári, eða 25. mars 2021. Árleg útskriftarferð sérnámsbrautar á síðasta kennsludegi vorannar varð líka að lúta í lægra haldi vegna skólalokunarinnar.

Selfossi, 2. júní 2020,

Jóhanna Guðjónsdóttir

3 Aðrar skýrslur

3.1 Bókasafn

Forstöðumaður: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður var í 100% stöðu allt skólaárið og Ingveldur Jónsdóttir, bókaforstöður einnig í fullri stöðu en frá miðjum janúar til loka mars var hún í hálfri stöðu.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00-16:00, samtals 40 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 15:45, en á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:45.

Útlán:

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánabátt Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru skráð útlán á safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og er þar af leiðandi ekki hægt að lána í gegnum útlánabátt Gegnis. Tímarit eru alla jafna ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Skammtímalán innan skólans eru aðallega á útlán á kennsluefni og fartölvum sem er lánað út í eina kennslustund.

Útlán:	Haut 2019	Vor 2020	Samtals:
Í Gegni	841	881	1722
Í bók	82	41	123
Innan skólans	2247	1006	3253
Fartölvuútlán	884	468	1352
SAMTALS:	4054	2396	6450

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 103 á skólaárinu, þar af voru 53 safngögn fengin að láni frá Bókasafni Árborgar. Einnig var leitað til annarra almenningsbókasafna og til framhaldsskólasafna.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2019	Vorönn 2020	Samtals:
Bækur frá söfnum	44	20	64
Mynddiskar frá söfnum	17	12	29
SAMTALS:	61	32	93

Millisafnalán til:	Haustönn 2019	Vorönn 2020	Samtals:
Bækur til safna	2	7	9
Mynddiskar til safna		1	1
SAMTALS:	2	8	10

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 427.068 á árinu 2019 eða kr. 35.589 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn:

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2019 greiddi FSu fyrir landsaðganginn kr. 92.886. Framhaldsskólarnir auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka greiða hluta aðgangs að samsöfnum EBSCOhost Premier og ProQuest Central, aðgang að gagnasöfnum Encyclopedia Britannica og greinasafn Morgunblaðsins en í því síðast nefnda er þriggja ára birtingartöf.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru þær mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst heimaaðgangur að Snöru og nýta tæplega 40 manns hann.

Opið er inn á Greinasafn Morgunblaðsins á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn pappírseintak af blaðinu.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var 19. ágúst. Á bókasafnið komu átta hópar nýnema og fengu þeir örstutta kynningu á þjónustu safnsins og hvatningu til að nýta sér hana.

Í upphafi nýs skólaárs var byrjað að aðstoða nemendur við endurvirkjun lykilorða sem veita aðgang inn á tölvukerfi skólans og Office 365. Töluvert annríki var við þessa þjónustu fyrstu vikurnar á haustönn og svo aftur í upphafi vorannar.

Safnkynning var haldin fyrir nemendur í FÉLA1SA05. Safnkynningin er ein kennslustund (55 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á að kenna notkun Gagnis og hvernig er hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er kynning á heimasíðu bókasafnsins og vefnum timarit.is. Í lok tímans vinna nemendur tveir og tveir saman verkefni á bókasafni og fá ákveðna þjálfun í að finna heimildir á Gagnir.is. Einnig eiga þeir að finna út staðsetningu tiltekinna rita á safninu og afhenda þau starfsmönnum.

Nemendur í heimildaritun í íslensku, ÍSLE3HR05 fengu safnkynningu í upphafi hvorrar annar. Í þessum kynningum er yfirleitt farið meira í dýptina en í FÉLA1SA05. Mikil áhersla er lögð á notkun gagnir.is við heimildaleitir og að nemendur séu sjálfbjarga með að finna efni. Þeim eru kenndar ýmsar leitarorðir á vefnum: setja saman leitarorð, mínusa frá leitarorð (NOT), víkka út leitir (OR), nota stjörnuleit * þ.e. leita að öllum orðum sem byrja t.d. á stang*, gæsalappaleitir o.s.frv. Þetta eru svonefndar boolean-leitir sem nýtast vel þegar leitarviðið er orðið nokkuð afmarkað í heimildaleit. Einnig var vefurinn timarit.is kynntur fyrir þeim og Google Scholar. Fjallað var um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Mikið og gott samstarf hefur þróast hin síðustu ár við sögukennara. Í áfanganum SAGA2YA05 var unninn listi yfir viðfangsefni sem auðvelt er að finna heimildir um á bókasafni FSu. Nemendur vinna saman í hóp við að bera saman heimildir um ýmis atriði, svo sem síldveiðar, Kalda stríðið, ungmennafélög og skila greinargerð þar um til kennara.

Síðastliðinn vetur var hleypt af stokkunum nýju verkefni í SAGA3FM05 þar sem nemendur fengu í hendur heimildalista um efni eins og Púnverjastríðin, Ísrael til forna og landafundi Portúgala. Í heimildalistanum var ýmist vísað í heil rit eða bókarkafla og nemendur þurftu þá að finna tiltekna bók og nýta heimildir upp úr henni. Þetta fól í sér heilmikla undirbúningsvinnu á safninu, fyrst að útbúa nothæfan heimildalista og síðan að safna saman bókunum og setja þær í hillu í gryfju, nemendum til hægðarauka.

Í söguáföngum voru einnig tvö önnur verkefni sem gera ráð fyrir að nemendur noti bækur safnsins: einstaklingsverkefni um listmálara, aðallega erlenda og lestur ævisögu að eigin vali. Það skiptir miklu máli að safnkosturinn rykfalli ekki í hillum bókasafnsins heldur nýtist beint við verkefnavinnu. Galdurinn er að hafa ákveðið jafnvægi milli þess að nemendur venjist á að nota rafrænar heimildir og heimildir í bókum. Það tekst ekki nema með góðri samvinnu við kennara og vera vakandi fyrir nýjum hugmyndum í verkefnavinnu nemenda.

Á skólaárinu var töluvert um að fundið væri til efni fyrir verkefnavinnu og unnir heimildalistar upp úr safnkosti bókasafnsins yfir ýmis efnissvið, svo sem kvennabókmenntir í íslensku, listi yfir íslenskar skáldsögur útgefnar 2010-2019, listi yfir enskar bækur sem hafa verið kvikmyndaðar og kannað hvað var til á öðrum söfnum, heimildaverkefni í ÍSLE2BV05 (bókvit), listi yfir ljóðabækur eftir konur fæddar eftir 1980, teknar saman bækur fyrir yndislestur í ensku og dönsku, heimildalisti gerður yfir bækur í grískri og norrænni goðafræði og tekið saman efni fyrir verkefni í lífeðlisfræði. Á þessu sést að mikið samstarf er við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu, þó mismikið eftir námsgreinum eins og gengur. Það er æskilegt að vita með góðum fyrirvara af heimildaverkefnum sem lögð eru fyrir nemendur. Þá gefst tími til undirbúnings, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf eða fá að millisafnaláni og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til.

Í byrjun skólaársins var farið gaumgæfilega í gegnum 900 flokkinn, þ.e. landafræði, ævisögur og sagnfræði. Nokkuð af efninu var grisjað og annað geymsluskráð. Einnig var farið í gegnum uppsláttarrit í gryfju safnsins. Samkomubannið sem sett var á frá miðjum mars til 4. maí nýttist vel til ýmskonar tiltektar í geymslum safnsins, farið var í gegnum gamlar bókagjafir og bækur ýmist skráðar, grisjaðar eða gefnar áfram.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 27 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Alls voru 40 eldri tímarit afskrifuð á skólaárinu, mörg þeirra má finna á timarit.is og því ekki ástæða til að eiga pappírseintakið lengur. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Gjafir:

Á skólaárinu bárust safninu að gjöf alls 128 bækur, tvær hljóðbækur og sjö mynddiskar. Kennarar og nemendur, núverandi og fyrrverandi, auk velunnara skólans sýna gjarnan

gjafmildi sína í verki. Helga Jóhannesdóttir, textílkennari færði skólanum mikið safn af fjölbreyttum handavinnubókum sem munu koma að góðum notum í textíildeild. Edda Björg Jónsdóttir á Selfossi gaf töluvert af bútasaumsbókum sem einnig voru skráðar sem deildareintök í textíildeild. Einnig berast bókaþjafir í tengslum við erlend samskipti og skólaheimsóknir. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Aðföng og skráning 2019-2020:

Aðföng	Haustönn 2019	Vorönn 2020	Samtals
Bækur	219	174	393
Mynddiskar (DVD)	7	4	11
Hljóðbækur	2	1	3
Spil		8	8
Kort	2		2
SAMTALS	230	187	417

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2019	Afskrifað 2019- 2020	Aðföng 2019- 2020	Maí 2020
Bækur	17.031	106	393	17.318
Myndbönd	249	11		238
Mynddiskar (DVD)	568		11	579
Hljómplötur	130			130
Geisladiskar	137	6		131
Hljóðbækur	177		3	180
Snældur	1			1
Margmiðl.diskar	54	15		39

Skyggur	1			1
Forrit	5			5
Glærur	19			19
Leikjakassar/spil	83	1	8	90
Gagnasett	4			4
Kort	27		2	29
SAMTALS	18.486	139	417	18.764

Rekstrarkostnaður 2019:

Bækur	967.256
Tímarit og blöð	163.784
Myndefni	32.793
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	427.068
Landsaðgangur að gagnasöfnum	92.886
Snara, veforðabækur	130.000
Greinasafn Morgunblaðsins	72.227
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	5.000
Blek í litaprentara	37.299
Ritföng, skrifstofuvörur	13.387
Dagsetningastimpill	8.432
Hreinsivörur	1.949
Viðgerð á safnefni	2.332
Bókaplast	47.145
Leturborðar fyrir merkivél	24.595
Skrifari (tölvu)	5.946

Heyrnartól	19.457
Hjólasett undir bókaþagn	32.800
Opinber gjöld	458
Afskriftir á húsgögnum og innréttingum	46.831
Afskriftir á prenturum og ljósritunarvélum	<u>28.305</u>
	2.159.950
Seldur mynddiskur og innheimta v/tapaðrar bókar	<u>4.300</u>
	2.155.650

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru 10 borðtölvur, átta fartölvur, skanni, litaprentari (í afgreiðslu), laserprentari (nemendaprentari), skrifari fyrir CD og DVD er í tölvu í kjallara, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, fimm litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vifta og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert blað. Núorðið nota nemendur farsíma sína til að taka myndir af heimildum í bókum og ljósritun er orðin mjög fátíð.

Komin er tími á að endurnýja laserprentarann á bókasafninu. Hann bilaði í lok janúar og var sendur í viðgerð sem heppaðist ekki sem skyldi þar sem útprentuð blöð eru útötuð í prentsvertu.

Alls eru átta fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Þær eru allar af gerðinni DELL Latitude, þrjár með týpunúmer E7270, þrjár 7280 og tvær 7490. Útlán á þeim voru samtals 1352 á skólaárinu.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar og afgreiðsluborð. Tveir tölvubásar við miðrými voru fjarlægðir sumarið 2019. Með því skapaðist meira pláss fyrir hringekjuna þar sem nýjum bókum er stillt upp og fleiri þægindastólum bætt við.

Rauði veggurinn á bókasafninu var málaður í mars. Erfitt var að finna nákvæmlega rétta litinn en að lokum urðu allir mjög sáttir með útkomuna. Samkomubannið var einnig notað til að bóna safnið og nú er gólfíð spegilgljáandi líkt og höllu drottningar!

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða starfsmanna samanstandur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurými er litaprentari sem nemendur og starfsmenn

hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er við hringstigann. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða forstöðumanns til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar í hillum og hægt að hlaða þær milli útlána.

Vinnuaðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni er í minni geymslunni í kjallaranum. Þar er einnig sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar og til að skrifa mynd- og hljóðdiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni.

Stefnt er að því að taka í notkun nýtt bókasafnskerfi, Sierra frá Innovative, árið 2021. Elín sótti kynningarfund um kerfið sem haldinn var 23. október í Norræna húsinu og Ingveldur sótti kynningu á kerfinu 1. nóvember á hóteli Stracta á Hellu. Í byrjun árs bárust þær fregnir að Ex Libris, a Proquest Company hefði keypt Innovative Interfaces. Landskerfi bókasafna gerði samning við Innovative um Sierra, nýja bókasafnskerfið vorið 2019. Þessar hrókeringar munu raska og trúlega seinka innleiðingu nýs bókasafnskerfis því ákveðið var að hætta þróun á Inspire Discovery sem stefnt var að taka í notkun sem nýja leitargátt.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur vetrarins var í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 3. október, jólafundur var í Menntaskólanum í Reykjavík 17. desember, þar las Þórdís Gísladóttir upp úr ljóðabók sinni, "Mislæg gatnamót". Fyrsti fundur ársins 2020 var haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi 9. mars og fyrirhuguð er vorferð hópsins í Reykjavík 5. júní nk. sem verður með menningarlegu sniði. Elín er gjaldkeri hópsins. Undanfarin ár hafa framhaldsskólarnir styrkt faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 5.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing.

Þrískólafundur var haldinn í FSu 3. febrúar. Þetta er vettvangur þriggja framhaldsskóla sem hafa hist annað hvert ár og fundað um sameiginleg málefni. Skólarnir eru auk FSu, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Eins og fyrri ár var fundurinn einkar ánægjulegur og gagnlegur.

Hópur skjalastjóra sem vinna við skjalamál í framhaldsskólunum hittist nokkuð reglulega og hefur einnig mikil samskipti á póstlista. Fyrsti fundur á skólaárinu var haldinn í Verzlunarskóla Íslands 26. ágúst. Næsti fundur var í Menntaskólanum í Kópavogi 4. nóvember,

Þar var Njörður Sigurðsson frá Þjóðskjalasafni gestur fundarins og fjallaði um lögbundið hlutverk stofnana varðandi skjalavörslu. Á fundi í Þjóðskjalasafni þann 21. janúar var Árni Jóhannsson frá Þjóðskjalasafni aðalfyrirlesari og fræddi fundarmenn um grisjun skjala út frá lagaumhverfi, hvaða skjöl ber að varðveita og hvernig staðið skuli að grisjunarbeiðnum sem sendar eru til Þjóðskjalasafns. Einnig fjallaði hann um tegundir skjala í framhaldsskólunum og mikilvægi skjalavistunaráætlana. Elín sótti þessa fundi og hefur fylgst með umræðu á póstlistanum. Þessi samskipti eru gulls ígildi og geta oft á tíðum sparað umtalsverðan tíma og fjármuni.

Elín sótti fundi og námskeið sem í boði voru hjá Hugviti, rekstraraðila GoPro. Fundur var haldinn 10. september þar sem farið var yfir þau atriði sem gott er að hafa í huga við upphaf innleiðingar á GoPro og kynntar nýjungar í GoPro 19.1. Aftur bauð Hugvit til fundar 26. nóvember þar sem nánar var farið í útgáfu 19.1 en kerfið var uppfært í þá útgáfu hjá FSu í lok nóvember.

Námskeið í kerfisumsjón var haldið 11. september, mjög gagnlegt og gott námskeið sem veitti aðgang að kerfisstjórahlutum GoPro. Það gerði alla bakvinnu léttari þar sem ekki var lengur þörf á að leita til Hugvits með minnstu mál eins og notendastillingar og fleira.

Skjalamál

Vorið 2018 sömdu fjölmargir framhaldsskólar við fyrirtækið Hugvit um aðgang að skjalastjórnarkerfinu GoPro. Lokið var við gerð málalykils fyrir FSu haustið 2018 og hann sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar. Gildistími hans er frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2023.

Námskeið í GoPro var haldið hjá Hugviti fyrir skjalastjóra og stjórnendur skólans 8. maí 2019 og í framhaldinu var kerfið sett upp í tölvum starfsmanna en alls eru 13 starfsmenn með aðgang að GoPro. Þeir fengu kynningu og kennslu á kerfið í júní 2019.

Síðastliðið haust var hafist handa við að innleiða kerfið, aðstoða fólk við að stofna mál og setja skjöl og tölvupósta undir mál. Kennsla á kerfið hefur mestmegnis verið einstaklingskennsla. Á áttufundi þann 5. nóvember var tekið stöðumat á innleiðingu GoPro, auk þess sem fundarmenn fengu kennslu á kerfið. Mikilvægt er að bregðast skjótt við þegar vandamál koma upp hjá notendum við notkun á GoPro, sýna sveigjanleika og skilning á því að skáning mála tekur tíma, ekki síst í byrjun.

Á skólaárinu hefur áunnist að all flestar fundargerðir eru nú skráðar í GoPro. Í tengslum við jafnlaunavottun hafa skjöl tengd starfsmönnum eins og ráðningarsamningar, prófskírteini og leyfisbréf nú að mestu verið skráð inn í GoPro; aðeins skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri hafa aðgang að þessum málum.

En betur má ef duga skal, það er brýnt að haldið verði áfram að kortleggja hvaða mál eigi að færa inn í skjalakerfið. Skjöl skólans eru víða að finna í vinnurýmum; á pappír í möppum og skjalaskápum og á sameiginlegum tölvudrifum sem eru að hluta til aðgangsstýrð. Sömuleiðis er mikilvægt að veita meiri fræðslu og hvatningu til notenda kerfisins svo þeir sjái sér hag í notkun þess. Lagabókstafurinn kveður skýrt á um að framhaldsskólum líkt og öðrum ríkisstofnunum ber að viðhafa góð vinnubrögð í skjalastjórnun.

Kófið

Almennt gekk starfið á bókasafninu vel á skólaárinu og var með svipuðu sniði og fyrri ár. Nemendur voru duglegir að nota safnið. Samstarf við kennara var með ágætum og flestir láta vita fyrirfram af verkefnavinnu sem krefst heimildaleita og vinnu á safni. Leitað er eftir tillögum frá bæði kennurum og nemendum um efniskaup og reynt að koma til móts við þarfir þeirra. Safnið nýtur velvildar stjórnenda.

Síðustu vikur skólaársins voru mjög sérstakar. Með samkomubanni vegna COVID-19 veirunnar þann 13. mars hófst fordæmalaust tímabil þegar skólanum var lokað og kennurum gert að annast alla kennslu rafrænt heiman frá sér.

Hvað þjónustu bókasafnsins varðar í samkomubanninu, þá var skilaboðum komið til nemenda í gegnum Facebook síðu nemendafélagsins og tölvupósta kennara. Nemendur voru hvattir til að hafa samband við bókasafnið ef þá vantaði safnefni eða þjónustu. Nokkrir nemendur fengu aðstoð við útprentanir og var afhent útprentið við útidyr skólans í Odda. Heimaaðgangur að Snöru, veforðabókunum, var útbúinn og nemendur gátu skráð sig inn á hann með gestalykli (gestalykilorði). Einnig voru þó nokkrir snúningar við nemendur sem vantaði kjörbækur í ensku og dönsku. Ýmist sendu þeir tölvupóst eða hringdu, og komu á ákveðnum tíma á bílaplanið við Odda.

Þessu ástandi lauk þann 4. maí þegar skólinn opnaði að nýju. Að vísu var rafræn kennsla áfram að mestu fyrir utan verknámið í Hamri. Ágætlega gekk að innheimta safnefni hjá nemendum. Í varúðarskyni var farin sú leið að bíða í þrjá sólarhringa með að handfjatla bækur og taka þær úr útláni.

En að þessu öllu sögðu þá hefur þetta verið lærdómsríkur tími fyrir okkur öll, bæði sem manneskur og sem skólafolk. Líklegt er að breytingar verði gerðar á vinnuaðstæðum og kennsluháttum í framhaldsskólum og valkosturinn að bjóða upp á fjarnámi í bland við staðarnám er orðinn fýsilegri. Bókasafn FSu mun, eins og til þessa, styðja við nám og kennslu og kappkosta að veita góða þjónustu.

Selfossi 1. júní 2020

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands

3.2 Skýrsla félagslífs- og forvarnafulltrúa

Félagslífs- og forvarnafulltrúar: Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Áherslur skólaárið 2019-2020

Starfsárið 2019-2020 var viðburðarríkt í starfi NFSu. Nemendafélagið stóð fyrir fjölbreyttum upptákum þar sem nemendur mættu vel á flesta viðburði. Það sem setti strík í reikninginn voru veðurviðvaranir og heimsfaraldur á vorönn sem höfðu áhrif á viðburði sem og framkvæmd kosninga til nemendaráðs sem fram fór á Innu í apríl. Þetta fyrirkomulag kosninga reyndist þó afar vel og er vel þess virði að skoða að nýta tæknina áfram við framkvæmd kosninga í framtíðinni.

Stjórn NFSu 2019-2020 var skipuð:

Miðstjórn

Markaðs- og kynningarfulltrúi: Dagrún Inga Jónsdóttir

Formaður rit- og málfundafélags: Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir

Formaður skemmtinefndar: Jón Karl Sigurðsson

Formaður íþróttaráðs: Heiðar Óli Guðmundsson

Formaður nýnema: Kristín Ósk Guðmundsdóttir

Samskiptafulltrúi: Elísabet Auður Guðnadóttir

Aðalstjórn

Formaður: Sólmundur Magnús Sigurðarson

Varaformaður: Gígja Marín Þorsteinsdóttir

Gjaldkeri: Gústaf Sæland

Viðburðir:

Böll

Tvö böll voru haldin á þessu skólaári. Nýnemaballið var haldið 5. september í Hvíta húsinu á Selfossi. Ballið fór vel fram þrátt fyrir mikinn fjölda gesta en hátt í 550 gestir mættu á svæðið. Kennarar sem stóðu vaktina á þessu balli voru einróma sammála því að erfitt var að halda utan um allan þennan fjölda og sinna eftirlitsstarfi. Umræða skapaðist á skólaráðsfundi varðandi miðasölu við hurð og fyrirkomulag þess að bjóða nemendum annarra skóla aðgöngu að böllum NFSu. Ætlunin var að endurvekja þemaball seinni hluta nóvember en hverfa þurfti frá því vegna dræmrar þátttöku nemenda. Telja félagslífs- og forvarnafulltrúar fullreynt að halda þessi böll seinni hluta haustannar þar sem þau hafa ætíð verið illa sótt og rekin með miklu tapi. Ástæða þess að þau hafa verið illa sótt er sennilega vegna nálægðar við Söngkeppni og annarlök.

Árshátíð nemenda var haldin á Hótel Selfossi þann 6. febrúar 2020. Mikil aðsókn var á árshátíðina og voru t.a.m. tvöfalt fleiri sem mættu í matinn í ár heldur en árið á undan. Ball var haldið í kjölfar borðhaldsins og var ágætlega sótt. Ákveðið var að fá gæslu frá Kristjáni

Gunnarssyni (Kidda keðju) sem reyndist ákaflega vel. Gæslan var fagmannleg, náði að virkja nemendagæslu með sér og vann vel með fulltrúum skólans. Félagslífs- og forvarnarfulltrúar mæla með að þessi gæsla verði fengin aftur á næsta skólaári.

Nemendafélagið hafði gert áætlanir um að halda lokaball um mánaðarmótin apríl/maí en vegna samkomubanns og skólalokunar var ekki mögulegt að framkvæma þann viðburð.

Góðgerðavika



Góðgerðavika NFSu var haldin vikuna 30. september - 4. október og að þessu sinni var safnaður peningur fyrir SOS barnabæna til að byggja viðunandi klósettaðstæður fyrir stelpur í Eþjópíu. Fulltrúi frá SOS samtakanna kom í skólann í upphafi vikunnar og kynnti verkefnið sem ætlunin var að styðja. Söfnunin gekk vel, nemendur hétu á

hvort annað með ýmsum gjörningum og í lokin höfðu safnast 200.000 kr.

Söngkeppni

Söngkeppni NFSu fór fram í íþróttahúsinu lðu fimmtudaginn 24. Október 2019. Lagði stjórn nemendafélagsins mikinn kraft í að gera keppnina sem glæsilegasta sem tókst virkilega vel. Undirbúningur var góður en mikilvægt er þó að nemendafélagið virki fleiri nemendur við undirbúning og framkvæmd til að dreifa álaginu í framtíðinni. Utanumhald var gott, söngatriðin frábær, kynnarnir Gunni og Felix stóðu sig einstaklega vel og náðu til allra aldursópa, mætingin var til fyrirmyndar. Sigurvegari keppinnar var Íris Arna Elvarsdóttir. Þema keppinnar í ár var sveitapema og var lðu breytt í einskonar hlöðu. Nemendur voru mjög frumlegir í skreytingum og fengu þeir góða aðstoð frá Agnesi Ósk Snorradóttur námsráðgjafa sem var skreytingaráðgjafi þeirra. Fulltrúar nemendafélagsins fóru í flesta grunnskóla á upptökusvæði skólans og auglýstu söngkeppnina. Mikilvægt er að hafa í huga að söngkeppni NFSu lendir oft á svipuðum tíma og söngkeppni nemendafélags ML. Það getur valdið óþarfa spennu á milli skólanna og eru nemendafélögin að höfða til svipaðs hóps grunnskólanemenda.

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar ásamt nemendaráði telja breytingar á Söngkeppninni mikilvægar til þess að geta sinnt öðrum hliðum starfsins betur og munum við ræða það í loka kaflanum.

Leikrit

Í ár voru miklar umræður og vilji til að setja upp leiksýningu í einhverri mynd. Umræður voru komnar mjög nokkuð langt en vegna þess að stór hluti fjármagns fór í aðra viðburði sá nemendafélagið sér ekki fært að fara út í þetta stóra verkefni. Rætt verður meira um þetta í lokakaflanum.

Miðvikudagsgöt

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs, Heiðars Óla Guðmundssonar. Hann skipulagði fjölbreytta viðburði sem voru ekki kostnaðarsamir. Félagslífs- og forvarnarfulltrúar telja hægt sé að setja meiri kraft í miðvikudagsgötin ef fjármagn nemendaráðsins dreifist á fleiri viðburði en Söngkeppnina og böll. Þannig væri hægt að ná til víðari nemendahóps.

Morfís

Í ár náðist að setja saman lið sem að keppti í Morfís og var það lið undir stjórn Gunnhildar Hallgrímsdóttur. Komst liðið í átta liða úrslit þar sem það féll úr leik á móti Verslunarskóla Íslands.

Gettu betur

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðið skólaár. Stefán hafði sér til halds og traust gott þjálfarateymi sem saman stóð af kennurum og fyrrum nemendum skólans. Gettu betur lið skólans var eftirfarandi Ásthildur Ragnarsdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Guðný Von Jóhannesdóttir. Liðið féll út í fyrstu útvarpskeppninni þrátt fyrir góða frammistöðu. Mun liðið nýta reynsluna og koma sterkt inn að ári liðnu.

SKOH

Forvarnar- og félagslífsfulltrúar skipulögðu regnbogadaga ásamt öðrum meðlimum SKOH hópsins, þeim Guðbjörgu Grímsdóttur, Ægir Sigurðsson, Eyrún Björg Magnúsdóttir og fulltrúar NFSu. Haldinn var fovarnarmánuður í október þar sem komu nokkrir fyrirlestar t.a.m. Sólborg Guðbrandsdóttir frá Fávitum (skipulagt með bragastjóra), Þorsteinn V. Einarsson frá Karlmennskunni og síðan kom lögreglan í heimsókn í alla Ergóhópa sem vakti mikla lukku hjá nemendum.

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar fóru síðan í heimsókn í FS á Suðurnesjunum og fylgdust með forvarnardegi þeirra ásamt fulltrúum frá ML, FAS, lögreglu og slökkviliði á Suðurlandi með það fyrir augum að halda álíkan forvarnardag hér við skólann. Þessi forvarnardagur leggur áherslu á umferðaröryggi nýnema sem eru að fara út í umferðina.

Ekkert varð af regnbogadögum í ár vegna Covid 19.

Sjá skýrslu frá SKOH-hópnum

Flóafár

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fjögur lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir Sólveig Sigmarsdóttir, Óskar Guðbjörn Jónsson og Hafdís Garðarsdóttir og með þeim var íþróttaráð NFSu. Íþróttaráð byrjaði undirbúning fyrr en áður sem reyndist mjög vel enda var þátttakan mun betri í ár en árið áður.

Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd

Kátir dagar

Í Kátudaganefnd voru Kristjana Sigríður Skúladóttir og Stefán Hannesson ásamt skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull.

Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

Forvarnir

Forvarnarfulltrúarnir störfuðu með SKOH hópnum í tengslum við forvarnir. Skipulagðir voru fyrirlestrar á haustönn og fóru forvarnarfulltrúar á einstaka fundi í Ráðhúsi Árborgar með helstu aðilum sem koma að velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu. Fundirnir voru á óheppilegum tímum og röðuðust illa við stundaskrár forvarnarfulltrúanna. Sjá meira um starf forvarnarfulltrúa undir kaflanum um SKOH.

Lokaorð

Eftir þennan vetur höfum við öðlast meiri reynslu eftir að hafa starfað sem félagslífs- og forvarnarfulltrúar í tvö ár og með tveimur mismunandi nemendaráðum. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og er það mjög gefandi að fá að starfa með nemendum utan kennslu. Okkar markmið með þessu starfi var að vera til staðar, styðja við bakið á þeim án þess þó að skipta okkur of mikið af þeirra ákvörðunum og gjörningum. Samstarfið við nemendafélagið gekk að mestu leiti vel.

Við teljum að mikilvægt er fyrir nemendafélagið að reyna að höfða til sem flestra nemenda með starfsemi sinni. Liður í því væri að minnka umfang Söngkeppninnar sem og að fella út ball í lok haustannar svo hægt sé að efla miðvikudagsgötin, setja á stökk leikrit og efla félagslífið á skólatíma. Mikilvægt er fyrir nemendafélagið að leita til nemenda um hvað höfði til þeirra og væri áhugavert að leggja fyrir könnun til að athuga hvar áhugi nemenda liggur. Síðastliðin ár hefur stór hluti fjármuna nemendafélagsins farið í Söngkeppnina sem hefur komið niður á öðrum liðum starfsins. Að okkar mati er mikilvægt að nemendafélagið virkji fleiri nemendur utan nemendafélagsins í hin ýmsu störf sem falla til í starfinu því oft vill verða of mikið álag á sama fólkinu sem getur bitnað á námi þeirra.

Ingunn Helgadóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

3.3 SKOH - Skólinn í okkar höndum

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Selfossi, 27. maí 2020

SKOH - skýrsla fyrir skólaárið 2019 - 2020



Þeir sem voru í SKOH hópnum í vetur voru:

Eyrún Björg Magnúsdóttir, Jafnréttisfulltrúi

Guðbjörg Grímsdóttir, SKOH stjóri

Ingunn Helgadóttir, Félagslífs- og forvarnarfulltrúi

Tómas Davíð Ibsen Tómasson, Félagslífs- og forvarnarfulltrúi

Ægir Sigurðsson, Bragastjóri

Gústaf Sæland og Sólmundur fyrir hönd Nemendafélagsins

Það hefur margt verið rætt í vetur, horft til starfsmannahópsins, sýnileika og fleira. Fundir hafa verið nokkrir og spjallað á lokuðum hópi á Facebook þess á milli. Góður andi er í hópnum og það verður gaman að halda starfinu áfram í haust. Það er mikilvægt að það komi saman þeir aðilar sem koma að fræðslu, forvörnum, starfi með nemendum, nýnemum og fleira því þá skapast góður grundvöllur til að ræða saman og fá yfirsýn. Þetta er mikilvægur hópur í innra störfum FSu.

Heilsueflandi framhaldsskóli

FSu er hluti af verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Það hefur verið þannig að hvert skólaár hafi sitt þema sem unnið er eftir með gátlistum og fleirum. Nú hefur það breyst og í undirbúningi hefur verið vefsíða sem á að gefa verkefninu nýja stefnu og meira sjálfstæði hvers skóla. Vefsíðan fór í loftið í september og fór SKOH stjóri á fund þar sem farið var yfir þessu mál, hvernig standa ætti að þessu og útskýrt hvernig skólar ættu að vinna áfram.

Hugmyndin er sú að hver skóli skrái sig þarna inn og einungis einn tengiliður í hverjum skóla hefur aðgang að síðunni, sér um skráningar og fleira. Á bakvið þann einstakling er hópur sem kemur að umræðunni og allri vinnunni sem hér liggur að baki. Í FSu er það SKOH stjóri sem hefur aðgang að síðunni og SKOH hópurinn sem stendur þar að baki og kemur að allri

vinnunni sem tengist þessu verkefni. Hver skóli á að skrá sig inn, fylla út helstu upplýsingar um hópinn sem kemur að verkefninu og horfa síðan á gátlistana og fylla þá út. Það er heilmikil vinna en þegar því er lokið á hver skóli að velja sér hvaða atriði af gátlista eigi að vinna með næsta skólaár. Þannig er ekki ein stefna fyrir alla - heldur velja skólar hver fyrir sig. Fundir, upplýsingar, viðhengi og annað sem viðkemur stefnunni og vinnu hópsins er sett inn á þessa síðu. Í lok skólaárs tekur forritið þetta saman fyrir hópinn þannig að ákveðið utanumhald er fólgið í þessari vinnu. Það verður gaman að sjá hvernig gengur að nota síðuna og hvernig heilsustefnur verða áberandi í ólíkum skólum.

Markmiðið er einnig að á hverju skólaári séu vinnufundir þar sem fulltrúar hvers skóla koma saman og fara yfir málin, ræða breytingar og fleira. Þannig að til verður vinnuhópur þvert á alla framhaldsskóla sem vinna saman - en þó hver í sínu lagi að sinni stefnu. Áhugavert og spennandi verkefni.

Í byrjun urðu smá tækniörðugleikar, vantaði lykilorð og svoleiðis en þetta komst loks í gang og við gátum skráð okkur inn á síðuna. Þá tók við að skrá niður helstu upplýsingar um hópinn og fylla út alla gátlista. Það tók tímann sinn og var heilmikil vinna. Margt sem þurfti að athuga og annað sem við vissum hreinlega ekki og þurftum að leita eftir upplýsingum um. En þetta hafðist allt saman. Þá tók við að ákveða hvaða atriði við ætluðum að leggja áherslu á og vinna með sem okkar heilsustefnu í skólanum. Og þar vorum við stödd þegar samkomubann dundi yfir þjóðina og samfélagið lagðist á hliðina - og skólinn með kennara og nemendur innanborðs tókst á við nýjar áskoranir.

Það er ljóst að næsta vetur verður unið að fullu að heilsustefnu FSu og hún kynnt fyrir starfsfólki skólans.

Sýnileiki

SKOH stjóri var upptekinn af því að hópinn ætti að vera sýnilegur innan skólans. Með það í huga var eftirfarandi gert:

- **Rauði veggurinn** við Bollastaði var merktur SKOH hópnum. Þar birtist plakat með grunnupplýsingum um SKOH hópinn (hver væri í honum, hvað væri unið með og fleira). Gott að hugsa um að útbúa hann með einhverju varanlegu til að hengja upp, kennaratyggjó er afskaplega leiðinlegt í þessari vinnu.
- **Miðar** birust á ýmsum stöðum í skólanum, á klósettum, göngum og fleiri stöðum. Þetta voru miðar með skemmtilegum, fræðandi og hvetjandi skilaboðum til nemenda og kennara - og öllum sem áttu leið framhjá.
- **Mánudagspóstar** voru sendir til starfsfólks á mánudögum. Þetta voru stuttir pistlar með upplýsingum og hvetjandi/nærandi skilaboðum til starfsfólks.
- **Innlegg á kennarafundi.** SKOH hópurinn var með innlegg á kennarafundi, sýndi myndband varðandi raddbeitingu (það var í beinu framahaldi af fræðslu sem

kennarar höfðu fengið áður), sýndu kennurum einn kennsluleik og útskýrðu hvað SKOH væri að bralla.

Sýnileiki er mjög mikilvægur, sama með hvaða hætti hann er. Gott að halda áfram að senda mánudagspósta og minna á hópinn með einhverjum hætti. Það er erfitt að átta sig á því hvað angar SKOH teygja sig víða - og þá er gott að upplýsa um það.

Fræðsla og forvarnir

Fræðsla og forvarnir voru á sínum hefðbundnu stöðum. Sum atriði eru orðin að venju og gengið er að þeim og þau unnin af krafti. Önnur eru ný og þurfa meiri tíma og reynslu til að sanna sig.

Það sem var jákvætt að meira samstarf var á milli SKOH, NFSU og Braga með forvarnir og fræðslu. Venjulega er fræðsla í október sem beinist að öllum skólanum og er skipulögð af NFSU og félagslífs- og forvarnarfulltrúum en núna var Braginn dreginn inn í þetta og yfirmentorar voru með í skipulagi fræðslunnar. Þetta tókst vel og vert að skoða það áfram.

Á haustönninni voru:

- Góðgerðardagar.
- Fyrirlestrar í október, bæði í gegnum SKOH hópinn og Braga. Og eins og alltaf er innihald tengt því sem er efst á baugi hverju sinni.
 - Fávitar - Sólborg Guðbrandsdóttir fjallaði um kynferðisofbeldi á netinu.
 - Karlmennskan.is - Þorsteinn V. Einarsson meistaranemi í kynjafræði við HÍ fjallaði um karlmenskuna og birtingarmynd hennar.
 - Kahoot í Bragatíma.
- Lögreglan kom inn í Ergó hópana (nýnemar) reglulega yfir langan tíma. Var gert með þessum hætti í fyrsta skipti og reyndist vel. Lögreglan kom einnig inn á kennarafund og fóru yfir ýmis mál.
-

Á vorönninni voru:

- Andri Snær Magnason, rithöfundur, kom og heimsótti skólann með erindi um umhverfismál.
- Ástráður (læknanemar) og Hugrún (sálfræðinemar) komu og voru með fræðslu fyrirnýnema eins og venja er.
- Kátir dagar. Sjá sér skýrslu.
- Flóafár. Sjá sér skýrslu.
- Bragi .. hefði verið með lokahátíð og fleira en samkomubann kom í veg fyrir það. Braginn kom að nýnemaferð, fyrirlestrum, kvöldvöku, þrautakeppni og fleira.
- Regnbogadagar ... hefðu verið en samkomubann kom í veg fyrir þá.

Þetta eru allt góðir og gildir viðburðir sem er nauðsynlegt að halda í. Á næsta ári á að prófa að hafa Káta daga og Flóafár í sitt hvorum mánuðinum (hafa verið hvort á eftir öðru) og það verður fróðlegt að sjá reynsluna af því.

Síðan er alltaf gott að hugsa eitthvað nýtt og gott, það sem hefur gengið vel getur líka gengið sér til húðar og þá er nauðsynlegt að geta breytt til.

Hvað er á dagskránni í haust?

- Heilsustefna FSu. Rædd og kynnt.
- Sýnileiki í orðum og verki. Mánudagspóstar eru komnir til að vera.
- Hópefli fyrir starfsmenn og nemendur.
- Fræðsla og forvarnir halda áfram í samvinnu við Braga og NFSu.

Þetta er það sem verður sett á oddin næsta vetur. Haldið verður áfram með það góða starf í fræðslu og forvörnum sem talið hefur verið upp hér að ofan. Mikilvægt að halda í það sem gengur vel og gera það vel. Gott að vinna með braga og nemendafélaginu að fræðslu og forvörnum - gott að fá sem flestar hliðar og hópa að verkefnum.

SKOH stjóri sér fyrir sér að heilsustefnan verði meira áberandi næsta vetur og hún muni kalla á einhverjar aðgerðir af hendi hópsins. SKOH hópurinn er alltaf breytilegur og mismunandi hvaða þættir verða áberandi, það fer eftir þörfinni hverju sinni og hvað hópurinn ákveður að setja á oddinn. Betra að velja færri hluti og gera vel en að vera með of marga bolta á lofti. Þetta er spennandi hópur sem sinnir mikilvægu starfi sem gott er að halda á lofti og minna á reglulega. Mikilvægt að muna að SKOH hópurinn samanstendur af mörgum hlutverkum og yfirsýn verður því góð og upplýsingaflæði ætti að vera tryggt inn í marga hópa, bæði kennara, nemendur og starfsfólk.

Það er mikilvægt að hlutir séu ætíð í endurskoðun, bæði hlutverk sem innt eru af hendi, samsetning hópa, innra starf og fleira. SKOH hópurinn er þar ekki undanskilinn og mikilvægt er að þeir sem koma að honum séu sífellt meðvitaðir um gagnrýna hugsun og endurskoðun - ásamt því að hlúa að því sem vel gengur. Áfram SKOH!

Hlakka til áframhaldandi starfs næsta vetur.

Guðbjörg Grímsdóttir

3.4 Flóafár

Inngangur

Flóafár var haldið föstudaginn 21. febrúar í kjölfar 2ja Kátra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Hafdís Garðarsdóttir, Sólveig Sigmarsdóttir og Óskar G. Jónsson (sem var svo

óheppinn að vera veikur á Flóafársdeginum og daginn fyrir). Nemendur í íþróttaráði eru: Heiðar Óli Guðmundsson formaður, Íris Arna Elvarsdóttir, Kristina May Jones og Daníela Magnúsdóttir.

Liðin voru 5 talsins; **Game of Thrones:** Liðsstjórar Jón Karl Sigurðsson og Tryggvi Sigurberg Traustason, **Kengúrur:** Liðsstjórar Sólmundur Magnús Sigurðarson, Anthony Karl Flores og Karl Jóhann Einarsson, **Herkúles:** Liðsstjórar Gústaf Sæland og Kristín Ósk Guðmundsdóttir, **Löggur:** Liðsstjórar Jana Rún Hermannsdóttir og Birgitta Mekkín Þórisdóttir og **Grease:** Liðsstjórar Júlíana Hjaltadóttir, Elísabet Auður Guðnadóttir og Soffía Margrét Sölvadóttir. Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, hópmynd og skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulöggur meta) hljóta verðlaun.

Undirbúningur fyrir Flóafár 2020

Ákveðið var að hitta íþróttaráð fljótlega í byrjun janúar og var fyrsti fundurinn haldinn 14.janúar. Hálfum mánuði seinna var hist aftur og þá lá fyrir hversu mörg lið yrðu og hverjir væru liðstjórar.

Á fyrsta fundi með liðstjórum var dregið um svæði í húsinu. Þrír fundir voru síðan haldnir með liðstjórum auk mikilla samskipta á FB. Þetta skilaði góðum árangri hvað varðar allt skipulag og ut anumhald í kringum farið.

Kynningar á liðunum fóru fram í salnum 4.febrúar í Bragatíma, en allir nemendur voru boðaðir til kynningarinnar. Fyrir kynninguna voru liðstjórar allra liðanna búnir að senda 2 glærur þar sem fram kom; nafn liðsins, mynd sem tengdist þemanu, nöfn liðstjórans og heiti á FB síðunni. Liðstjórnarnir komu síðan upp og kynntu hugmyndir sínar. Liðstjórar prentuðu einnig út auglýsingu á A4 blaði þar sem allar upplýsingarnar komu fram og voru auglýsingarnar hengdar upp á hverja hæð skólans. Þetta gerði Flóafárið sýnilegra fyrir alla nemendur skólans.

Ákveðið var í samræmi við liðstjórans að takmarka fjölda í liðunum í byrjun þ.e. að hámarksfjöldinn mátti ekki fara yfir 80. Eftir að öll liðin voru komin með svipaðann fjölda var þeim frjálst að bæta í af vild. Þetta gerði það að verkum að frekar jafnt var í liðunum.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni vonandi eftir annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitsemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað

er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2020

- Dagurinn byrjaði með því að nemendur áttu að mæta til umsjónarkennara til að láta merkja við sig á stöðum sem umsjónarkennarar áttu að vera búnir að láta nemendur sína vita af fyrirfram.
- Fjögur svæði voru á fyrstu hæð og eitt svæði á svölum austanmegin á annari hæð og þurftu liðin að vera búnar að undirbúa svæðin fyrir kl. 21 á fimmtudagskvöldinu. Gekk það vel. Öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott.
- Íþróttaráð skipti á milli sín að taka hópmyndir af liðunum um morguninn áður en keppnin hófst og gekk það vel.
- Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stigann vestan megin og inn í sal. Það kom vel út og myndaði góða stemmningu.
- Formaður íþróttaráðs sá um að kalla liðin niður. Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin.
- Formaður íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar.
- Í ár var stigagjöf breytt. Vægi þrauta var tvöfalt hærra en áður þannig, það að leggja sig fram við þrautir og að ljúka þeim hafði hlutfallslega meira vægi en að koma fyrstur í mark. 20 mínusstig voru gefin fyrir að sleppa þraut, svo það borgaði sig ekki að sleppa neinni þraut.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og þau lið sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður á þykkann pappír en ákveðið var að sleppa því að plasta þau af umhverfissjónarmiðum.
- Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði, það gekk vel.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um stigagjöf. Þau stóðu sig með stakri þryði.
- Vel gekk að ná stigamiðum úr stofum og Hamri, hjálpuðust nefndin og íþróttaráð að.
- Liðin máttu safnast inni í sal þegar leið á þrautina en hins vegar ekki fara að kalla heróp og hvatningaróp fyrr en fánaberi var kominn í mark.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.
- Skemmtiatriði (sem í ár voru dansar hjá öllum liðum) voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.
- Kústar, moppur og ruslálát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Frágangur eftir Flóafárið gekk mjög vel. Öllu var lokið um kl.14:30.

- Formaður íþróttaráðs sá um að panta 25 pitsur og kostnaður við þær var 34.420 kr. sem Haraldur fjármálastjóri lét gjaldkera nemendaráðsins hafa peninga fyrir.
- Grease sigraði Flóafársþrautina. Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlutu Íris Þórðardóttir og Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir.
- Mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Olga Lís og Tóti völdu besta skemmtiatriðið, íþróttaráð valdi besta herópið, Flóafársnefnd valdi besta svæðið og Guðríður Egilsdóttir og Berglind Bergsveinsdóttir völdu bestu borðaskreytinguna en þemað var „Rómverjatímabilið“ og þemalitirnir voru gull, svart og hvítt.
- Kennarar sem höfðu fengið öll lið í þraut skiluðu þrautamiðum til stigavarða.
- Námsráðgjafar voru saman með þraut sem hefur reynst vel því þá getur einn þeirra stökkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemanda líður illa þennan dag.
- Nefndin klæddist 80s fatnaði að þessu sinni.

Atriði til að hafa í huga næst:

- Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Tóta og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut.
- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til Flóafársnefndar.
- Það er mikilvægt að það séu komnir liðstjórar a.m.k. **þremur vikum fyrir Flóafár** og endanleg lið liggi fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið. Eftir það ætti ekki að vera hægt að hætta með lið.
- Brýna fyrir liðstjórum að skila inn „Tískulögguspjöldunum“ og kútsköftum. Merkja við hvaða lið eru búin að skila.
- Hafa reglu að ekki megi færa sig á milli liða eftir að Kátu dagarnir hefjast.
- Eitt lið þurfti að vera á annari hæð sem var ekki vinsælt. Spurning hvort hægt sé að koma 5 liðum fyrir á fyrstu hæð.
- Þeim nemendum sem ekki skráðu sig í lið var ekki raðað í lið, hinsvegar var FB síða Nemendafélagsins töluvert notuð til að minna nemendur á að skrá sig í lið.

Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2020.

*Fyrir hönd Flóafársnefndar
Sólveig Sigmarisdóttir og Hafdís Garðarsdóttir*

3.5 Kátir dagar

Umsjón: Kristjana Sigríður Skúladóttir og Stefán Hannesson

Kátir dagar voru haldnir miðvikudaginn 19. og fimmtudaginn 20. febrúar 2020. Við í nefndinni erum sammála um að þeir hafi heppnast stórvel (með ákveðnum hnökrum þó)!

Þátttaka nemenda var góð! Dagskráin stóðst öll og allir dagskrárliðir fóru fram samkvæmt áætlun. Fyrirlestrar voru vel sóttir sem og fjölbreyttir viðburðir og vinnustofur.

Utanaðkomandi aðilar sáu um fræðslu og kynningar á kírópraktík, Samtökunum '78, vegan lífsstíl, neyslu orkudrykkja, spunaleik, kynfræðslu, sjúkrabjálfun, brjóstsykursgerð, fjármálum, lýðháskóla, háskólanámi, Crossfit, Zumba og Kebab vefjum. Innanhúss var margt í boði: manntafl, ljósmyndakeppni, borðspil (Dungeons and dragons, Skip-bo og félagsvist), blóðþrýstingsmælingar, vetrarleikar á hestabraut, bingó, jóga, hnútanámskeið, gangsetning rússajappa, stimpilþrykk í textíl, hárgreiðslustofa, kynning á kjarasamningum, vídjó-marapön, tölvuleikjamót, opin myndlistarstofa, körfuboltamót og fótboltamót.



Áberandi var mikill áhugi á fótbolta- og körfuboltamótinu í Iðu og nemendafjöldinn þar, lið og áhorfendur, yfirleitt í kringum 150, fór upp í 200 á köflum. Þátttakendur í bingóinu voru í kringum 100 og iðulega fullt í „opnum stofum“ eins og vídjómarapöni og myndlistarstofu. Báða dagana voru bílastæðin fullnýtt hér við skólann sem segir heilmikið um hversu margir nemendur voru á svæðinu og tóku þátt í dagskránni.

Á hestabrautinni voru Vetrarleikar í miðvikudeginum og var þátttaka góð og tókst mótið vel. Þannig er að 1. árs nemar voru að halda mótið og fór allur dagurinn í það og voru nemendur að klára mótið rétt fyrir kl. 16:00 en svo þurfti að ganga frá og sumir að koma hestum sínum heim. Nafnalisti var sendur frá hestabrautinni með viðveruskráningu þeirra sem þar voru, á mótinu, tóku virkan þátt í að halda mótið og voru einnig að keppa.

Morgunmaturinn tókst vel til og nemendur í Kátudaganefnd og nemendaráði eiga hrós skilið fyrir að vanda til verka þar. Nauðsynlegt er að hafa uppsetninguna á morgunverðarborðinu a.m.k. tvöfalda þannig að hægt sé að mynda a.m.k. tvær raðir til að koma að borðinu. Það þarf að vera alveg skýrt í byrjun hvernig á að stilla upp röðunum svo allt gangi hratt og vel fyrir sig.

Nemendur tóku langflestir vegabréfin alvarlega og voru samviskusamir í því að fá viðveruskráningar í þau og skila þeim svo í lok hátíðar. Þess vegna er mikilvægt að grafa ekki undan vægi þeirra.



Það er nauðsynlegt að kennarar sendi þau skilaboð til nemenda að það sé mætingarskylda þessa daga, að dagskráin sé fjölbreytt og að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Okkur langar að þakka öllum fyrir samvinnuna á Kátum dögum – þeim sem voru með stöðvar, tóku vel í hvers kyns beiðnir frá okkur og aðstoðuðu, t.d. á bókasafni, í mötuneyti og matreiðslustofu.

Tékklisti fyrir framkvæmd Kátra daga er mjög ítarlegur í ársskýrslu 2018 – við mælum með honum til hliðsjónar þegar Kátir dagar eru skipulagðir.

Tillögur að úrbótum:

- Nauðsynlegt er að setja dagskrána saman með góðum fyrirvara – fá mögulegar tímasetningar hjá fyrirlesurum mjög tímanlega þannig að hægt sé að raða saman dagskrárliðum með sem minnstri skörun á „líkum“ viðburðum.
- Velja frambærilega nemendur í hópum (í gegnum nemendaráð og t.d. ergó og/eða braga – 1. og 3. önn) strax í upphafi haustannar – setja saman nefnd sem hefur metnað fyrir að vinna að flottum Kátum dögum. Nefnd sem samanstendur af nemendum sem hafa frumkvæði, eru færir um að sýna ábyrgð og hafa framkróka til að vinna hugmyndavinnuna, skipuleggja hvað þarf að gera, fylgja því eftir og bera svo ábyrgð á að hlutirnir séu tímanlega unnir og staðfestir.
- Mjög mikilvægt að hafa einhvern ábyrgan fyrir míkrófóni sem auglýsir alla viðburði tímanlega á meðan dagskránni stendur, hefur góða yfirsýn yfir hvað er í gangi á hverjum stað fyrir sig og hvað er framundan.
- Mjög mikilvægt er að það sé alveg skýrt að ábyrgðaraðili sé skilgreindur fyrir hvern einasta viðburð og hann sjái um hann frá a til ö. Að sá aðili sé ábyrgur fyrir samskiptum, og staðfestingu tímasetninga, að hann taki á móti utanaðkomandi aðilum, sjái til þess að tækjabúnaður sé til staðar og rýmið klárt fyrir fram, gangi frá greiðsluupplýsingum ef þarf, þakki svo fyrir og kveðji í lokin.
- Nauðsynlegt er að skipa ákveðna einstaklinga í skreytingarnefnd sem sjá um að undirbúa manntaflíð og skreyta skólann fyrirfram.
- Mikilvægt er að gjaldkeri sé með í ráðum frá upphafi og hafi á hreinu hvernig peningamálum sé háttað.
- Gagnlegt er að vera búin að smala í lið nemenda og kennara fyrir manntaflíð í upphafi Kátra daga fyrir fram! Mikilvægt að það byrji á réttum tíma og ekki sé verið að bíða eftir fólki.
- Tala tímanlega við Ágústu um að hanna vegabréf, prenta og skera tímanlega.

Mögulegar breytingar:

- Setja saman tveggja eininga áfanga í viðburðastjórnun þar sem nemendur fá tilsögn og kennslu. Verkefni áfangans er að halda utan um framkvæmd Kátra daga.

- Setja 3 kennara í Kátudaganefnd sem bera þá ábyrgð á dagskránni án aðkomu nemenda, að öðru leyti en því að leggja til hugmyndir t.d. í gegnum braga, ergó, hugmyndakassa í miðrými.
- Skipta upp Kátum dögum og Flóafári svo viðburðirnir fái að njóta sín óháð hinum. Mikið bar á því núna að aðilar í Kátudaganefnd voru líka liðsstjórar í Flóafársliðum og alfarið með hugann við það.

Að lokum:

Kátir dagar 2020 gengu vel – að lokum – dagskráin gekk upp – var bæði fjölbreytt og skemmtileg og vel sótt. Aftur á móti gengu þeir ekki þrautalaust fyrir sig. Nemendur þurftu mjög mikla tilsögn og hvatningu í skipulagsferlinu og áttu að nokkru leyti erfitt með að sýna frumkvæði og taka ábyrgð á skipulagningunni, þrátt fyrir ítarlegar leiðbeiningar, tékklista og samráðsfundi – sem voru oftast en ekki illa sóttir. Þrátt fyrir að verkefnum væri skipt niður gekk nemendum oft illa að fylgja þeim eftir milli funda og dagskráin því ekki sett saman fyrr en á allra síðustu stundu. Það er alls ekki til eftirbreytni og skapar mikið álag! Þess vegna kviknar sú spurning um að hvort jafnvel ætti að leggja niður Káta daga í þessari mynd? Að minnsta kosti gengur það ekki upp að skipuleggja þessa daga með hópi af nemendum sem hafa hvorki áhuga né metnað fyrir verkefninu. Nemendaráði þarf að vera alveg ljóst að ef ekki finnast nemendur sem hægt er að treysta til að sitja í nefndinni OG sýna sjálfstæð vinnubrögð, þá verður þessi hátíð ekki haldin. Annar möguleiki, sem við veltum fyrir okkur, er að Kátudaganefnd verði eingöngu skipuð kennurum. Í þessu sambandi viljum við benda á að Flóafársnefnd er skipuð þremur kennurum, þrátt fyrir mun meiri þátttöku nemenda í skipulagningu þeirra. Þetta er auðvitað ekki æskilegur kostur en gæti verið hugsanleg lausn.

Útgangspunkturinn okkar er því þessi: Meira og minna öll vinnan lenti á okkur tveimur. Á næsta ári þarf að gæta þess að Kátudaganefnd verði eingöngu skipuð nemendum sem hafa metnað fyrir verkefninu. Kátir daga skipa gríðarstóran sess í félagslífi FSu og eru þar að auki hluti af sögu hans og arfleið. Það er undir okkur öllum komið að viðhalda þessari mikilvægu hefð.

Kristjana Sigríður Skúladóttir
Stefán Hannesson

Kátir dagar 2020					
Dagskrá					
Miðvikudagur	Klukkan	Staður	Fjöldi þeirra	Allur dagurinn	Staður
Hefðbundin kennsla fyrstu tvo tíma miðvikudags (ekki dagskrárliður)	8:15-10:10	FSu	sem mættu:	Marabon - vaktirnar - 10:30-16:00	202
Vegabréf afhent í miðrými - Stefán og Kristjana	10:15	Miðrými		Opið í myndlistarstofu	301/302
Manntafl hjá Lalla Braga	10:25	Miðrými	Nem. vs. Ken.	FSu-mótið í Call of Duty	203 (204)
Workshop - dönsk barnabók	10:30-13:30	211	Stöðugur straumur	Körfuboltamót 10:30 - 13:00	lða
Ljósmyndakeppni - kynning - Helgi Hermanns.	11:00	208	5 lið		
Almenn heilsa og stoðkerfi líkamans - Matthías Arnarson, kiropraktor	11:00	Salur	50		
Dungeons and dragons - role play borðspil - kynning, kennsla og spil	11:00	207	Stöðugur straumur		
Samtökin '78	13:00	Salur	35		
Blóðþrýstingsmæling - sjúkraliðanemar	12:20-13:00	205	Stöðugur straumur		
Brjóstsykursgerð í matreiðslustofu	13:00-15:00	102	15		
Vetrarleikar FSu á Brávöllum, félagssvæði Sleipnis	13:00	Brávellir	23		
Vegan lífsstíll - kynning og fróðleikur með Emblu	13:00	209	35		
Neysla orkudrykkja og mikilvægi vítamína - Berglind Soffía, næringarfræðingur	13:30	206	8		
Bingó	13:30	Mötuneyti	100		
Líkamsstaða og hreyfing - Sjúkraþjálfaranemar HÍ kynna	14:00	210	8		
Improv Ísland - námskeið í spunaleik	14:00	201	13		
Sigga Dögg kynfræðingur	14:30	Salur	80		
Fimmtudagur	Klukkan	Staður		Allur dagur	Staður
Morgunmatar í boði Kátudaganeftdar	08:30	Miðrými	Löng röð!	Marabon - vaktirnar - 9:00-12:00	202
Workshop - dönsk barnabók	9:00-12:00	211	Stöðugur straumur	Opið í myndlistarstofu	301/302
Skip-bo með Lindu og Ölmú	9:00-10:30	205	20	FSu mótið í SmashBros	203 (204)
Jóga með Ragnheiði	09:00	201	12	Fótboltamót	lða
Fjármálavit	9:00-10:00	Salur	35		
Hnútar með Sverri og Svani	09:30	207	15		
Bílabrall - gangsetning á rússenskum fornminjum - 6 pláss í boði	09:30	Hamar	10		
Stimpilþrykk með Guðbjörgu Bergsveins.	10:00-12:00	305	Góð mæting		
Lýðháskóli - Svandís Viðisdóttir kynnir	10:00	206	30		
Hárgreiðslustofa	10:00-12:00	Miðrými	Alltaf fullt!		
Félagsvist - Guðbjörg Helga, Eyrún, Ingunn, Guðmundur Björgvin	10:00-12:00	201	20		
Keilir - kynning á háskólanámi	10:00	Salur	40		
Ljósmyndakeppni - skil á myndum	10:00	208			
Crossfit Hengill	11:00	Miðrými			
Kynning á kjarasamningum frá Rafiðnaðarsambandinu - Helgi Kristinsson	11:00	H7	3		
Zumba með Ísabellu	11:30-12:00	Salur	30		
No sleep	11:50	lða			
Lokahnykkur í lðu - íþróttakeppni milli nemenda og kennara - úrslit úr ljósmyndakeppni	12:00	lða			
Skil á vegabréfum - í lðu - Kristjana og Stefán - eða á skrifstofu í Odda	12:30	lða			

3.6 Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi: Eyrún Björg Magnúsdóttir

Á skólaárinu voru tvö viðfangsefni jafnréttisfulltrúa fyrirferðarmest, yfirferð og uppfærsla á jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Suðurlands m.a. í tengslum við jafnlaunavottun.

Jafnlaunastefna

Í jafnlaunastefnu FSu segir að ... “Markmið skólans er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.” Vinna við jafnlaunavottun hefur gefið tækifæri til að fara vel yfir launamál og greina þau í samræmi við Jafnlaunastaðal: ÍST 85. Einnig hefur greiningarvinna fyrrum jafnréttisfulltrúa hjálpað við að skoða launamál út frá kyni. Hægt er að lesa um þá vinnu í Ársskýrslu FSu 2019.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin var yfirfarin og uppfærð í samræmi við jafnréttislög nr. 10 frá 2008. Það sem ber helst að nefna úr uppfærðri jafnréttisáætlun er að nú stendur til að skipa jafnréttisnefnd innan skólans í stað þess að áður hefur einungis einn jafnréttisfulltrúi verið starfandi; “Skólameistari skipar jafnréttisnefnd í samræmi við 15. grein jafnréttislaga. Hlutverk nefndarinnar er að koma fram með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem stuðla að auknu jafnrétti í skólanum ásamt því að fylgja hugmyndunum eftir í framkvæmd og meta árangur. Nefndin skal skipuð 2 kennurum og 1 úr röðum annarra starfsmanna og er formaður nefndarinnar jafnframt jafnréttisfulltrúi skólans.”

Einnig var töluverð vinna lögð í að taka saman jafnréttisvísa til að hafa samanburð á stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunarstöðum. Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Árið 2018 stóðst stjórn starfsmannafélagsins ekki þessi viðmið en árið 2020 var staðan í samræmi við þau. Jafnréttisvísar skulu vera unnir í lok hvers skólaárs áfram.

	30.05.2018	22.01.2020
Yfirstjórn (Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, áfangastjóri)	KK. (3) 75% KVK. (1). 25%	KK. (3) 75% KVK. (1) 25%
Sviðsstjórar	KK (1) 33,3% KVK. (2) 66,7%	KK. (1) 33,3% KVK. (2) 66,7%
Kennslustjórar	KK (4) 50% KVK (4) 50%	KK. (3) 33,3% KVK. (6) 66,7%
Fagstjórar	KK (3) 42% KVK (4) 58%	KK. (4) 50% KVK. (4) 50%
Skólaráð	KK. (8) 80% KVK. (2) 20%	KK. (6) 60% KVK. (4) 40%
Skólanefnd	KK. (7) 50% KVK. (7) 50%	KK. (7) 50% KVK. (7) 50%
Nemendaráð	KK. (7) 58,3% KVK. (5) 41,7%	KK. (4) 44,4% KVK. (5) 55,6%
Dagskólanemendur 708	KK. (365) 51,5% KVK. (343) 48,5%	KK. (398) 53,2% KVK. (349) 46,8%
Fjarnámsnemendur	KK. (4) 26,6% KVK. (11) 73,4%	KK. (5) 17,2% KVK. (24) 82,8%
Nemendur á Litla Hrauni/Sogni	KK. (35) 94,5% KVK. (2) 5,5%	KK. (44) 100%
Starfsmannafélag – stjórn	KK (1) 20% KVK (4) 80%	KK. (2) 40% KVK. (3) 60%
Starfsmenn	KK (42) 37% KVK (73) 63%	KK (46) 39% KVK (71) 61%

3.7 Skólastarf í fangelsum

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

Skólastarf í fangelsunum, eins og annað skólastarf í landinu, varð fyrir miklu höggi síðvetrar þegar fangelsunum var lokað með öllu fyrir heimsóknum utanaðkomandi. Allt starf „skóla-fólks“, kennara, námsráðgjafa og kennslustjóra, féll niður frá miðjum mars fram til 4. maí þegar

kennslustjóri og námsráðgjafi fengu aftur heimild til að mæta til starfa. Engir kennarar fengu að mæta og því lauk kennslu í raun um miðjan mars. Síðustu tvær vikurnar gat kennslustjóri aðstoðað nokkra nemendur við að ljúka áföngum sem þeir voru komnir langt með og náðust þannig 185 einingar.

Námsframboðið er svipað ár eftir ár og gengur hægt að auka fjölbreytnina. Miður er að þær nýjungar sem boðið hafði verið upp á síðustu tvö skólaár, kennsla í teikningu og grunnnámi bifvélavirkjunar, féllu niður í vetur. Vonandi er það tímabundið ástand, og að innan ekki of langrar framtíðar verði boðið upp á verklegt nám í tré- og rafiðnum, eins og vonir hafa staðið til um hríð.

Eins og endranær er allt samstarf með ágætum í skólanum á Litla-Hrauni og Sogni, milli kennara kennslustjóra og námsráðgjafa, milli skólafólks og starfsmanna fangelsanna og starfsfólks og stjórnenda.

Haustönn 2019

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Ágústa Ragnarsdóttir, myndlistarkennari LH (staðnám)
Guðni Guðjónsson, rafiðngreinakennari Sogni (fjarnám)
Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)
Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)
Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH, Sogni og Hólmsheiði
Ingvar Bjarnason, stærðfræðikennari Sogni (staðnám)
Jón Özur Snorrason, kennslustjóri og íslenskukennari
Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði
Kristín Runólfssdóttir, enskukennari LH (fjarnám)
Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH (fjarnám)
Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari LH (fjarnám)
Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari LH (staðnám)
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám)
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám)
Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari Sogni (fjarnám)
Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

Samantekt um skólahaldið

Jón Özur Snorrason sinnti kennslustjórn í fangelsunum á haustönn 2019 í veikindaleyfi Gylfa Þorkelssonar frá miðjum september. Naut hann þar afar góðrar samvinnu og reynslu Klöru Guðbrandsdóttur námsráðgjafa sem er í fullu starfi að Litla Hrauni, Sogni, á Hólmsheiði og sinnir ráðgjöf við fanga að Kvíabryggju og á Akureyri í gegnum síma. Allir fangar hafa aðgang

að námsráðgjafa og geta mætt í viðtalstíma. Kennarar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og fanga-verðir aðstoða fanga við að koma í ráðgjöf.

Alls 15 kennarar Fjölbrautaskóla Suðurlands koma að kennslu fanga ýmist í staðbundnu námi, sérkennslu eða fjarnámi. Á þessari önn stunduðu fangar nám í íslensku, ensku, stærðfræði, dönsku, myndlist, heimspeki, sögu, íþróttum, rafsuðu og plötuvinnu.

42 fangar voru skráðir á mætingalista Litla Hrauns í byrjun annar og 12 að Sogni. Auk þess sem námsráðgjafi sinnir föngum sem stunda fjarnám við aðra skóla. Staðbundin kennsla fer fram 5 daga í viku að Litla Hrauni og 4 daga að Sogni.

23 af þessum föngum luku námi í einhverri grein eða greinum. Sá sem afkastaði mestu á þessari önn kláraði 8 námsgreinar en um helmingur fanganna náði aðeins að ljúka einum áfanga á önninni.

Mikilvægi skólastarfs í lífi fanga felst ekki síst í hinu félagslega starfi sem þar fer fram og byggir á jákværði samveru þar sem athyglinni er beint frá nóturlegum aðstæðum þeirra og að uppbyggilegu og menntandi viðfangsefni. Staðnar einingar eru því ekki eini mælikvarðinn á betrun fanga.

Náms- og starfsráðgjafi sótti, ásamt sérkennara, í lok nóvember fund vinnuhóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um mótun heildstæðrar ráðgjafarstefnu í fangelsum Norðurlandanna. Fundurinn fór að þessu sinni fram í Osló.

Vorönn 2020

Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Guðni Guðjónsson, rafiðngreinakennari LH (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Helgi Kristinsson, rafiðngreinakennari LH (fjarnám)

Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)

Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH, Sogni og Hólmsheiði (staðnám)

Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir, sálfræðikennari Sogni (fjarnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði

Lárus Ágúst Bragason, sögukennari LH (fjarnám)

Ragnheiður Eiríksdóttir, heimspekikennari Sogni (fjarnám)

Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari LH (staðnám)

Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám) og Hólmsheiði (fjarnám)

Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám) og Sogni (fjarnám)

Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari Sogni (fjarnám)

Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

Samantekt um skólahaldið

Alls komu 66 nemendur við sögu skólahalds FSu í fangelsunum á vorönn 2020; 51 á Litla-Hrauni, 12 í Sogni og 3 nemendur á Hólmsheiði voru skráðir í áfanga við FSu, auk þess sem nokkur hópur þar naut aðstoðar námsráðgjafa og sérkennara. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni og þrír eru skráðir í sumarskóla við FÁ.

Skólahald hófst mánudaginn 6. janúar með skráningu nemenda. Kennsla hófst þriðjudaginn 7. janúar á Litla-Hrauni og miðvikudaginn 8. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litla-Hrauni en þrjá daga í Sogni.

Um miðjan mars var skólanum á Litlahrauni og Sogni lokað vegna Covid19 og var ekki opnaður aftur, þó kennslustjóri og námsráðgjafi fengju heimild til að hefja störf þar mánudaginn 4. maí. Ekki er aðstaða til fjarnáms nema fyrir fáa nemendur, þeir ekki með eigin tölvur og netaðgengi svo námi var sjálfhætt. Á rúmum tveim vikum, frá 4.-18. maí tókst þó að aðstoða þá nemendur sem voru langt komnir í námi í einstökum áföngum við að ljúka þeim. Á þessum tíma luku 24 nemendur samtals 185 einingum, flestir einum áfanga en 3 nemendur kláruðu þrjá og 7 luku tveimur áföngum.

Þrír kennarar frá FSu sinntu staðbundinni kennslu í Sogni auk þess sem kennslustjóri, náms- og starfsráðgjafi og sérkennari komu þangað einu sinni í viku, sinn daginn hver. Á Litla-Hrauni sinntu 5 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum, stærðfræði og málmiðngreinum, en þar hafa kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi einnig fasta viðveru og starfsaðstöðu. Sérkennari var með fasta viðveru tvisvar í viku á Litla-Hrauni. Bæði sérkennari og náms- og starfsráðgjafi þjónustuðu nemendur á Hólmsheiði reglulega, námsráðgjafi tvisvar í viku og sérkennari einu sinni.

Auk þessa voru 6 FSu-kennarar með 5 fjarnámsnemendur á Litla-Hrauni, Sogni og Kvía-bryggju sem luku 8 mismunandi áföngum, samtals 40 einingum.

Þann 23. janúar heimsóttu kennarar og ráðgjafar úr norska fangelsiskerfinu skólann á Litla-Hrauni. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi tóku á móti þeim og kynntu fyrir þeim skólastarfið og aðstæður.

Dagana 25.-27. febrúar sóttu kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi lokafund vinnuhóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um mótun heildstæðrar ráðgjafarstefnu í fangelsum Norðurlandanna. Fundurinn fór fram í Kaupmannahöfn. Hópurinn lauk vinnu sinni með sameiginlegum texta sem settur yrði upp á plakat. Í framhaldinu þýddu og staðfærðu fulltrúar hvers lands textann og við annarlök var annað plakatið tilbúið og hitt í vinnslu hjá grafískum hönnuði.

Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fyrr greinir varð vorönnin endaslepp. Þrátt fyrir það luku 24 nemendur alls 185 feiningum, sem er vel gert í ljósi ástandsins, en á vorönn fyrir ári síðan skiluðu sér til samanburðar 210 feiningar.

Alls voru gefnar 38 einkunnir, allar „fullnægjandi“. Ekki var skráð fall á nemendur sem gert var að hætta námi vegna Corona-veirunnar.

Einkunnadreifing V20

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
Fjöldi	2	13	6	11	5	1	0	0	0	0	0	0
/38	5,3%	34%	15,8%	28,9%	13,2%	2,6%	0%	0%	0%	0%	0%	

Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

Eftir all-hefðbundna haustönn með 54 skráningum í upphafi og 23 nemendum sem luku einingum, allt frá einum námsáfanga upp í heila átta, tók við vorönn sem varð endaslepp vegna veirufaraldurs sem herjaði á heimsbyggðina og lokaði fyrir nánast allt eðlilegt mannlíf. Fyrir vikið er önnin á engan hátt marktæk í samanburði hvað varðar námsárangur eða skólastarf yfirleitt. Hér verður því ekki sett á langa greinargerð um nám og kennslu í einstökum greinum, því skólastarf í fangelsunum varð verr fyrir barðinu á lokunum en annað skólastarf. Fangelsin voru alfarið lokað kennurum frá miðjum mars og út skólaárið. Einungis kennslustjóra og náms- og starfsráðgjafa var heimiluð heimsókn síðustu tvær kennsluvikurnar og náðu þá að hvetja þá nemendur sem voru langt komnir með námsefni einstakra áfanga til að ljúka þeim. Sú hvatning bar ríkulegan ávöxt. Fangar hafa ekki sínar tölvur til að ræða við kennara í „Teams“ eða öðrum forritum inni á klefum. Þeir hafa almennt ekki aðgang að tölvuveri til að stunda fjarnám. Einungis 4 nettengdar tölvur eru í boði á Litla-Hrauni og eru uppteknar meira og minna allan vinnudaginn af nemendum sem stunda fullt fjarnám við aðra skóla. Að lokum skortir þennan nemendahóp í flestum tilvikum þá færni og námstækni sem nauðsynleg er til að stunda fjarnám.

Athyglisvert er þó að bera saman haust og vorönn. Á haustönn luku 23 nemendur 210 feiningum en á vorönn luku 24 nemendur 185 einingum, þrátt fyrir endasleppt skólastarf. Er þetta e.t.v. vísbending um að þeir nemendur fangelsanna sem ná að einbeita sér að námi á annað borð eru færir um ýmislegt. Þá ber að geta þess að kennslutími og tímasókn í fangelsunum er mun minni en almennt í dagskólanum.

Náms- og starfsráðgjöf

Eins og verið hefur undanfarin misseri starfar náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi við fangelsin á Litla-Hrauni, Sogni, Hólmsheiði og á Akureyri. Undir venjulegum kringumstæðum er náms- og starfsráðgjafi 3x í viku á Litla-Hrauni, 2x í viku á Hólmsheiði og 1x í viku á Sogni. Allri

þjónustu við fanga á Akureyri hefur verið sinnt í gegnum síma. Í samkomubanni frá 15. mars varð öll ráðgjöf fjarráðgjöf.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Þau helstu eru viðtöl við nemendur, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, prófseta og eftirfylgni. Einnig fræðsla um náms- og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækni. Mikið og gott samstarf er við kennslustjóra, kennara, starfsfólk fangelsis og samskipti góð við stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsum eru skráðir í.

Töluverð skipulagsvinna fylgir verkferlum og stefnumótun og náms- og starfsráðgjafi tók þátt í Norrænu samstarfi við stefnumótun um störf náms- og starfsráðgjafa í fangelsum fyrir norrænu ráðherranefndina. Gerðar voru athugasemdir við þingsályktunartillögu um betrun fanga. Samskipti voru við Umboðsmann Alþingis vegna skólamála. Náms- og starfsráðgjafi tók einnig þátt í vinnustofu á vegum geðsviðs Landsspítalans um afeitrunarmeðferð ólöggráða ungmenna

Í fangelsinu á Litla-Hrauni og á Sogni er rekinn skóli eins og margtítt hefur verið um en í fangelsinu á Hólmsheiði er enn lágmarksaðstaða til náms. Frá upphafi var ekki var gert ráð fyrir hefðbundnu skólanámi þar eins og er á Litla-Hrauni. En unnið er að því að fá 50% stöðu kennsluráðgjafa á Hólmsheiði sem myndi tengja námið þar við námið á Litla-Hrauni, þá gæti myndast samfella í námi hjá langtíma föngum sem fara frá Hólmsheiði á Litla-Hraun. Að mati náms- og starfsráðgjafa hentar núverandi fjarnámsfyrirkomulag illa þar sem stór hluti nemenda eru brottfallsnemendur, nemendur með námsörðuleika, greiningar, litla trú á eigin getu o.fl. sem gerir þeim oft erfitt um vik að stunda fjarnám í þeirri mynd sem boðið er uppá. Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk Hólmsheiði sem og við tengilið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla til að gera námið sem bærilegast fyrir nemendur. Eðli málsins samkvæmt þá flytja fangar á milli fangelsa og þá fylgir náms- og starfsráðgjafi þeim eftir í námi.

Á haustönn 2019 voru alls 22 nemendur skráðir í fjarnám við Fjölbrautarskólann við Ármúla. Þar af þrettán sem voru skráðir í fangelsinu á Hólmsheiði, fimm í fangelsinu á Sogni og fjórir voru skráðir í fangelsinu á Akureyri. Fjórir nemendur í fangelsinu á Hólmsheiði voru í námi hjá Keili. Alls voru nemendur skráðir í 245 feiningar.

	FÁ (fjöldi nem)	Keilir (fjöldi nem)	Fjöldi eininga
Hólmsheiði	13	4	150
Sogn	5		55
Akureyri	4		40
Alls	22	4	245

Á vorönn 2020 var alls 21 nemandi skráður í fjarnám við Fjölbrautarskólann við Ármúla. Þar af tólf sem voru skráðir í fangelsinu á Hólmsheiði, einn í fangelsinu á Sogni, fjórir voru skráðir í fangelsinu á Akureyri og fjórir í fangelsinu á Litla-Hrauni. Tveir nemendur í fangelsinu á Hólmsheiði voru í námi hjá Keili og tveir nemendur voru í Skrifstofuskólanum hjá Prómennt. Alls voru nemendur skráðir í 195 feiningar.

	FÁ (fjöldi nem)	Keilir (fjöldi nem)	Skrifstofuskóli Prómennt (fjöldi nem)	Fjöldi eininga
Hólmsheiði	12	2	2	145
Sogn	1			15
Akureyri	4			
Litla-Hraun	4			35
Alls	21	2	2	195

Einn nemandi í fangelsi lauk stúdentsprófi á vorönn 2020.

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

Lokaorð

Skólaárið 2019-2020 verður lengi í minnum haft. Eftir heðbundna haustönn brast á fár. Mikill fjöldi nemenda sýndi skólanum og námi áhuga með því að skrá sig, og þó námsárangur sé í mörgum tilvikum undir meðaltalsviðmiðum ráðuneyta um loknar einingar þá er það jákvætt í sjálfu sér, og alls ekki sjálfgefið, hve margir fangar líta á það sem möguleika að sækja skóla og stunda nám.

Kennslu á vorönn lauk um miðjan mars og hófst ekki aftur, vegna heimsóknatakmarkana í fangelsin, skorti á aðstöðu, færni og námstækni, og takmörkunum á aðgengi nemendanna að tækjabúnaði til fjarnáms. Verður að segja að þær 185 einingar sem tókst að hvetja nemendur til að ljúka um vorið sé hreint afbragð miðað við aðstæður.

Ekki er þó svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Dagskólakennarar urðu í hasti að læra á og tileinka sér nýja tækni til að geta sinnt nemendum sínum, frjálsum í samfélaginu, eins og kostur var. Þessi tæknivæðing gefur vonir um að héðan í frá verði mögulegt að auka verulega námsframboð í fangelsum með fjarkennslu til þeirra sem lengra eru komnir í námi og hafa tileinkað sér þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er í fjarnámi.

Selfossi, 25. maí 2020.

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri.

3.8 Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið

Skólaárið 2019- 2020 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli, Anna Fríða Bjarnadóttir í 100% stöðuhlutfalli og Bjarney Sif Ægisdóttir í 50% starfshlutfalli. Auk þess var Bjarney í störfum við kennslu og umsjón grunnmenntabráar.

Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Námsráðgjafar fóru á ráðstefnuna *Menntun til framtíðar- ráðstefna um rannsóknir og nýbreyttni í framhaldsskólum* sem haldin var í FB í september.

Námsráðgjafar fóru á kynningu í Háskóla Íslands í október þar sem rektor bauð öllum námsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum til kynningar á námi og þjónustu í skólanum. Um var að ræða heilan vinnudag.

Agnes fór á ráðstefnu Félags og barnamálaráðherra sem haldin var í samvinnu við Landsnefnd ungmennafélaga.

Anna Fríða tók að sér að vera tengiliður námsráðgjafanna vegna málefna flóttafólks? Anna Fríða fundaði vegna stöðumats nemenda með annað móðurmál en íslensku sem verið er að innleiða í sveitarfélaginu Árborg.

Anna Fríða fór á fund í Reykjanesbæ ásamt Björgvini og Hrefnu vegna stöðumats fyrir nýkomna nemendur.

Námsráðgjafar funduðu 3x á skólaárinu vegna GoPro með Elínu skjalastjóra skólans.

Námsráðgjafar sóttu fund til Reykjavíkur þar sem námsráðgjafar voru boðaðir til samráðsfundar vegna skimunar um námsumhverfi og líðan í ljósi nýju persónuverndarlaganna.

Námsráðgjafar funduðu með Ragnari persónuverndarfulltrúa vegna áhættumat og endurmátu áhættumat fyrir námsráðgjöfina.

Námsráðgjafar funduðu með áttunni um málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Agnes og Bjarney fóru á Dag náms og starfsráðgjafa í nóvember.

Agnes og Bjarney fóru á námsskeið í endurmenntun HÍ í maí sem bar heitið: Skipulag og hönnun- sálfræðileg áhrif umhverfis og bygginga á líðan fólks.

Allir námsráðgjafar fóru á námskeið í júní á vegum FF. Námskeiðið fjallaði um núvitund og jákvæða sálfræði.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í maí var bréf sent til allra skólastjóra og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum á Suðurlandi. Þar var óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjir nemendur og forráðamenn þeirra þurfi á innritunarviðtali með túlk að halda. Þeir nemendur verða boðaðir áður en kennsla hefst í haust. Enginn móttökuviðtöl voru pöntuð að þessu sinni.

Áhugasviðskannanir

Á skólaárinu voru tveir nemendur sem óskuðu eftir að taka áhugasviðskönnunina Í leit að starfi. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár sem skýrir að hluta hvers vegna eftirspurnin er ef til vill ekki meiri. Fimm nemendur tóku áhugasviðskönnunina IDEAS. Margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og framtíðarhugmyndum um vali á námi og störfum.

Nýjungar

Námsráðgjafar stofnuðu Instagram reikning í haust. Instagram-aðgangurinn hefur það markmið að auka aðgengi nemenda að upplýsingum frá námsráðgjöfum, svo sem námstækni, mikilvægum dagsetningum, hvatningu og fleiru.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var góð en yfir 170 foreldrar mættu. skólanum. Námsráðgjafar voru ekki með kynningu á sal en voru með opnar skrifstofur og nokkrir foreldrar komu upp og spjölluðu, athyglisvert var að foreldrar nýnema sem búa langt í burtu komu og nýttu tækifærið til að hitta námsráðgjafa í leiðinni.

Íslenskir háskólar

Háskóladagurinn fór ekki fram í FSu í ár. Háskóladagurinn fækkaði heimsóknnum sínum í kringum landið og var FSu einn áfangastaðurinn sem var skorinn niður. Við lýstum yfir óánægju okkar með þessa ákvörðun, fannst þetta mikil afturför. Keilir óskaði eftir að kynna nám sitt og mætti hann með kynningu á Káta daga.

Erlendir skólar

SDU (Syddansk Universitet) óskaði eftir að kynna námsframboð sitt fyrir nemendum FSu. Sú beiðni fór í gengum kennara í Hamri og raungreinakennara.

Kynningar fyrir grunnskóla

Náms- og starfsráðgjafar fóru í heimsókn í flesta grunnskóla á Suðurlandi (13/15) og kynntu skólann og námsframboð hans með nýju og uppfærðu kynningaefni. Kynningarnar tókust vel og skemmtilegt var að hafa nemendur með í för.

Opið hús

Í mars var opið hús í FSu. Opið hús er ætlað sérstaklega fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkinga. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað hann býður uppá. Líkt og áður var opið hús tengt áfangamessu skólans sem haldinn er í salnum daginn eftir. Á Opnu húsi gafst gestum því færi á að hitta fleiri kennara en áður og kynna sér áfanga og námsgreinar. Flestir eru sammála um að þetta fyrirkomulag reyndist vel. Mæting var mjög góð og greinilegt að þetta fyrirkomulag er komið til að vera.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 139 á haustönn en 123 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu og Excel ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem

skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu. Við ákváðum að gera tilraun með að flokka ástæður fyrir opnu vottorði. Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Í töflunni hér að neðan eru ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:

Haustið 2019 var mætingarreglum breytt í skólanum. Af þeim ástæðum fækkaði opnum vottorðum talsvert eða úr 74 haust 2018 í 37 haust 2019. Megin breytingin sem tengist þessu er að nú áttu nemendur að klára hámark leyfilegra fjarvista vegna veikinda áður en þeir gátu skilað vottorði, en áður skiluðu nemendur vottorði í upphafi annar eða þegar veikindin komu upp. Venjulega eru vottorðin fleiri á vorönn en vegna covid og lokun skólans voru opin vottorð færri á vorönn en haustönn. Algengara er að stúlkur leggi fram opin vottorð vegna veikinda. Hlutfallið var 27/10 á haustönn og 28/12 á vorönn.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Barnahús

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Barnavernd

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Heilsugæslan

Sálfræðingar

Sjónarhóll

Vinnumálastofnun

Prestur

Lögreglan

Kannanir

Þegar skólinn opnaði aftur eftir lokun, ákváðu námsráðgjafar að leggja könnun fyrir nemendur. Könnunin bar heitið Nám og líðan í skólalokun. Könnunin var opin 14.-22. Maí. 312 nemendur svöruðu könnuninni í gegnum INNU eða 43.5% af nemendafjöldanum. Svarhlutfall var ekki hátt og niðurstöður skoðaðar með því hugafari að þær getu gefið okkur einhverjar hugmyndir um nám og líðan nemenda í skólalokun. Hér koma fram nokkrar niðurstöður:

Hvernig gekk þér að stunda námið í FSu í fjarkennslu í vor?

- | | |
|---------------------------|-----|
| 1. Námið gekk vel | 37% |
| 2. Námið gekk frekar vel | 45% |
| 3. Námið gekk frekar illa | 11% |
| 4. Námið gekk illa | 5% |
| 5. Annað | 1% |
- 82%

Hvað fannst þér erfiðast við fjarnámið?

- | | |
|--------------------------------|-----|
| 1. Skipuleggja tímann | 27% |
| 2. Einbeita mér að náminu | 31% |
| 3. Fá útskýringar frá kennurum | 21% |
| 4. Taka þátt í Teams fundum | 15% |
| 5. Annað | 6% |

Hvað fannst þér um álagið í fjarnáminu?

- | | |
|------------------------------------|-----|
| 1. Of mikið álag | 20% |
| 2. Passlega mikið álag | 42% |
| 3. Of lítið álag | 0% |
| 4. Misjafnt álag eftir námsgreinum | 37% |
| 5. Annað | 1% |

Hvernig gekk að skila verkefnum á réttum tíma í INNU?

- | | |
|--------------|---------------|
| 1. Mjög vel | 36% (112/315) |
| 2. Vel | 35% (110/315) |
| 3. Sæmilega | 21% (67/315) |
| 4. Mjög illa | 8% (24/315) |
| 5. Annað | 1% (2/315) |
- 71%

Hvernig fannst þér aðgengi að kennurum vera í skólalokuninni?

- | | |
|----------------|-----|
| 1. Mjög gott | 27% |
| 2. Allt í lagi | 61% |
| 3. Lélegt | 8% |
| 4. Mjög lélegt | 3% |
| 5. Annað | 1% |
- 88%

Hvernig fannst þér aðgengi að námsráðgjöfum vera í skólalokuninni?

- | | |
|----------------|-----|
| 1. Mjög gott | 37% |
| 2. Allt í lagi | 40% |
| 3. Lélegt | 3% |
| 4. Mjög lélegt | 2% |
| 5. Annað | 19% |
- 77%

Hvernig gekk að skila verkefnum á réttum tíma í INNU?

- | | |
|--------------|---------------|
| 1. Mjög vel | 36% (112/315) |
| 2. Vel | 35% (110/315) |
| 3. Sæmilega | 21% (67/315) |
| 4. Mjög illa | 8% (24/315) |
| 5. Annað | 1% (2/315) |
- 71%

Hvernig leið þér í skólalokuninni?

- | | |
|--------------|-----|
| 1. Mjög vel | 31% |
| 2. Vel | 34% |
| 3. Sæmilega | 27% |
| 4. Mjög illa | 7% |
| 5. Annað | 0% |
- 65%

Hvaða áhrif hafði skólalokunin á líðan þína?

- | | |
|-----------------------------------|-----|
| 1. Líðan batnaði | 23% |
| 2. Hafði engin áhrif á líðan mína | 52% |
| 3. Líðan versnaði | 19% |
| 4. Annað | 7% |

Ef þú mættir velja, hvort myndir þú velja:

- | | |
|--|-----|
| 1. Hefðbundið nám | 27% |
| 2. Nám eins og í skólalokuninni/fjarnám | 16% |
| 3. Blöndu af hefðbundnu námi og fjarnámi | 55% |
| 4. Annað | 2% |

Samskipti mín við félagana í gengum netið í skólalokun voru:

- | | |
|---------------------------------------|-----|
| 1. Meiri en fyrir skólalokun | 21% |
| 2. Voru jafnmikil og fyrir skólalokun | 48% |
| 3. Voru minni en fyrir skólalokun | 32% |

Í skólalokuninni:

- | | |
|---|-----|
| 1. Hitti ég fleirri félaga en áður | 9% |
| 2. Hitti ég svipaðan hóp félaga og fyrir skólalokun | 35% |
| 3. Hitti ég færri félaga en áður, en alltaf sömu félagana | 56% |

Í könnuninni voru nemendur beðnir um að svara einni opinni spurningu: „Hverjir eru helstu kostir og gallar við að skólinn var lokaður og þú þurftir að vinna sjálfstætt heima?“ Svörin við þessari spurningu voru greind í nokkur eftirfarandi þemu:

Tímastjórnun: Það kom fram hjá nokkrum nemendum að þeim fannst þeir geta nýtt tímann sinn betur, minni tími fór í akstur.

Verkefnaskil: Nemendur töluðu um að skilafrestur hafi mátt vera lengri þar sem þeir gátu ekki sótt kennslustundir og hitt kennarann. Það kom einnig fram að nemendur söknuðu samræmis í skilátíma verkefna og að það hafi verið óþægilegt þegar of mörg verkefni/próf voru á sama degi.

Aðstoð frá kennaranum: Það kom skýrt fram hjá nemendum að þeir söknuðu þess að hitta kennarana og fá aðstoð frá þeim.

Líðan: Sumir nemendur upplifðu minni kvíða þar sem þeir gátu unnið heima og skipulagt tímann sinn sjálf. Aðrir nemendur fengu meiri kvíða vegna ástandsins í samfélaginu. Nemendur töluðu líka um að þeir hafi verið einmanna.

Sjálfstæð vinnubrögð: Það var misjafnt hvernig nemendur upplifðu það að vinna meira sjálfstætt en áður. Sumir nefndu það að þeir yrði metnaðargjarnari og skipulagðari á meðan öðrum fannst erfitt að vera sjálfstæðir.

Heimilið og fjölskyldan: Það kom fram í svörum nemenda að þeim fannst gott að læra heima, þar er meiri friður. Nemendur töluðu líka um kosti þess að vera meira með fjölskyldunni.

Teams: Teams fundir trufluðu suma nemendur sem fannst þeir óþægilegir. Sumir nefndu það að missa af Teams-fundum og að þeir hafi ekki fengið eins góðar leiðbeiningar frá kennurum í gengum þá eins og að mæta sjálfir í skólann.

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði. Náms- og starfsráðgjafar:

- Uppfærðu og viðhéldu framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- uppfærðu facebook og instagram síður fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist.

- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgerfla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu.
- voru í stundatöflubreytingum.
- breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa á haustönn.
- Agnes er í áfallateymi skólans fyrir hönd náms-og starfsráðgjafar.
- Unnu að áhættumati í kjölfar nýju persónuverndarlaganna og í samvinnu við persónuverndarfulltrúa skólans.
- Framundan er frekari vinna við innleiðingu GoPro skjalastjórnunarkerfið í samvinnu við Elínu sem umsjónaraðili þess hér innan skólans.
- Agnes var nemendum til aðstoðar við framkvæmd söngkeppninnar.
- Könnun um nám og líðan í skólalokun.

Umræður og lokaorð

Í síðustu ársskýrslum hefur okkur verið tíðrætt um aðstöðu náms- og starfsráðgjafa í skólanum. Við höfum núna tvær skrifstofur á þriðju hæð og eina skrifstofu út í Hamri. Skrifstofunni út í Hamri deilum við með sálfræðingunum. Með því leysist vandinn ekki að fullu þar sem við höfum að sjálfsögðu ekki aðgang að skrifstofunni þegar sálfræðingarnir eru að nýta hana. Við erum þá að hluta til enn í þeim sporum að hafa ekki aðstöðu þegar við erum í undirbúning eða þegar við höfum ekki aðgang að skrifstofu þegar námsráðgjafastofurnar eru í notkun.

Við fögnum því að við séum komin í samstarf við HSu um sálfræðipjónustu. Verklag á þeirri þjónustu er enn í mótun og talsvert hefur verið um mannabreytingar hjá HSu hvað varðar sálfræðipjónustuna. Sálfræðingar tala um erfitt sé að einsetja sér 3-5 viðtala vinnureglu, skoða þurfi hvert mál fyrir sig. Mikilvægt er að veita sálfræðinni meira svigrúm til viðtala. Í dag er staða sálfræðings um 20% við FSu. Við teljum mikilvægt að nemendur skólans hafi betri aðgang að sálfræðipjónustu og hægt sé að grípa fyrr inn í vanda nemenda. Fyrirséð er aukin á þörf þar sem áhrif COV19 eiga eftir að minna vel á sig, miðað við umræðuna í þjóðfélaginu. Við leggjum til að stöðuhlutfallið sé aukið áður en holskeflan skellur á.

Við teljum mikilvægt að koma á frekari stuðningsúræðum fyrir nemendur skólans. Við höfum skoðað hvað aðrir framhaldsskólar bjóða uppá í þeim efnum. Flestir framhaldsskólar eru með eitthvað úrræði til þess að styðja við nemendur í námi. Það sem við myndum vilja sá

er einhverskonar námsver sem er opið til dæmis hálfan daginn 2-3x í viku þar sem nemendur geta mætt og fengið námsaðstoð frá kennurum og einnig úrræði í formi jafningjafræðslu. Í tilraunastarfi mætti skoða að hafa námsaðstoð fyrir kjarnagreinar þar sem stærðfræði, ensku, dönsku og íslenskukennari séu til aðstoðar.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjón. Í skimun á námsumhverfi og líðan framhaldsskólanemenda sem hefur verið lögð fyrir nýnema á haustin (þó ekki síðastliðin tvö skólaár) þar sem kannaðir eru áhættuþættir fyrir brotthvarf nemenda frá námi skora okkar nemendur ávallt lægst á þættinum námserfiðleikar, það er að samanborið við aðra nýnema á landsvísu telja nemendur okkar að námserfiðleikar sé þeirra veikleiki. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa. Námsver gæti einnig gagnast þessum hópi vel, þar sem þeir gætu fengið auka stuðning við nám sitt.

Nemendur með annað móðurmál eru okkur ofarlega í huga í þessari árskýrslu eins og áður. Okkur finnst að það vanti markvissari stefnu í þeim málum. Okkur finnst ekki góðar heimtur á upplýsingum frá grunnskólum, þrátt fyrir að við óskum eftir þeim. Tungumálaörðugleikar nemenda með annað móðurmál en íslensku geta valdið því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi, til dæmis varðandi ritgerðarvinnu og verkefnaskil. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum og skilgreina þarf hlutverk starfsfólks betur. Lykilatriði er að leggja meiri áherslu á aukna íslenskukennslu með áherslu á samskipti, kennsluumhverfið þarf að bjóða upp á það auk þess sem nemendur þurfa aukna aðstoð við heimanám, yfirlestur á verkefnum og fleira. Námsver með áherslu á þennan málaflokk, líkt og t.d. finna má í MH væri framfaraskref. Einnig vantar frekari stuðning við félagslega aðlögun, til dæmis með mentora hlutverki eða liðveislu jafningja.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing,

fjölmenningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

Við viljum nota tækifærið og þakka samstarfsfólki fyrir samstarfið á skólaárinu. Sérstaklega ber að þakka Þórarni Ingólfssyni fráfarandi aðstoðarskólameistara fyrir gott samstarf.

Starf náms-og starfsráðgjafa í skólalokun v/Covid-19

16.mars-4.maí 2020

Þegar það lá fyrir að skólanum yrði lokað vegna farsóttarinnar gerðu náms-og starfsráðgjafar verkferil til þess að styðjast við í lokuninni.

Verkferill náms-og starfsráðgjafa FSu ef til þess kemur að skólanum verði lokað vegna COV19

- Það er mikilvægt að reyna að halda sérstaklega vel utan um nemendur sem eru í brottfallshættu.
 - Námsráðgjafar hafa samband við nemendur sem eru í föstum viðtölum og fara yfir möguleika á frekari ráðgjöf á meðan lokun stendur
 - Námsráðgjafar hafa af fyrra bragði samband við nemendur sem vitað er að standa e.t.v. höllum fæti, nemendur sem hafa áður verið hjá okkur í föstum viðtölum o.s.frv.
 - Námsráðgjafar geta notað ýmsar leiðir til þess að eiga í samskiptum við nemendur, t.d. í gegnum tölvupóst, messenger, skilaboð í Innu, SMS eða Teams forritið.
- Náms-og starfsráðgjafar (eða stjórnendur) senda póst á alla nemendur (og forráðamenn u. 18) til að minna á þjónustu okkar þrátt fyrir lokun skólans og hvetja nemendur til að hafa samband við okkur í gegnum tölvupóst namsradgjof@fsu.is , teams, facebook eða í símatíma hjá námsráðgjafa.
- Náms-og starfsráðgjafar bjóða uppá símatíma daglega á virkum dögum frá kl.10-12:00 og 13:00-15:00. Þeir munu auglýsa það nánar (ef til lokunnar kemur) hvaða námsráðgjafi er hvaða dag og símanúmerin.

- Námsráðgjafar senda tölvupóst á kennara og hvetja þá til að hafa samband við námsráðgjafa ef þeir hafa áhyggjur af stöðu nemanda eða sjá að nemandi er að missa dampinn.
- Námsráðgjafar skipta á milli sín að vakta facebookið, teams og sameiginlega tölvupóstinn.
- Námsráðgjafar verða vel tengdir t.d í gegnum messenger, síma eða teams. Ef einhver veikist verða hinar að taka við keflinu.
- Námsráðgjafar verða öflugir í að setja efni á fb síðu og Instagram. Efni til stuðnings og hvatningar nemendum.

Eftir skólalokun sáum við að verkferillinn virkaði vel og var ágætt stuðningsplagg á meðan lokun stóð.

Tölfræði

Náms-og starfsráðgjafar áætla að símtöl hafi verið um 240 talsins. Símtölin voru af ýmsum toga við nemendur, foreldra, kennara og umsækjendur um nám. Þá er bæði verið að tala um símtöl sem við hringdum og svöruðum.

Tölvupóstar voru um 5-10 á dag hjá hverjum námsráðgjafar. Inni þessum tölum eru bæði móttekinn og sendur tölvupóstur. Tölvusamskiptin voru við nemendur, stjórnendur, kennara, foreldra. Einnig voru samskipti um innritunarmál, við sálfræðing skólans, námsráðgjafa í öðrum skólum og við aðra sérfræðinga og stofnanir.

Námsráðgjafar tóku nokkur myndsamtöl og spjall í gegnum Temas.

Námsráðgjafar funduðu 1-2 sinnum í viku í gegnum Teams og tóku þátt í tveimur kennarafundum og tveimur Teamsfundum sem námsráðgjafar í framhaldsskólum héldu.

Námsráðgjafar sendu reglulega póst á kennara til þess að minna á sig. Fyrir páskafrí var talsvert um það að kennarar hefðu samband vegna nemenda sem höfðu verið litið virkir eða nemendur sem kennarar náðu ekki í. Námsráðgjafar hringdu í þessa nemendur.

Námsráðgjafar sendu tvisvar sinnum tölvupóst á alla nemendur skólans. Í seinna skiptið fylgdi hlekkur á myndband þar sem námsráðgjafi í FÁ var í viðtali við Rúv0 og fór yfir skipulag náms í skólalokun.

Könnun

Eftir að skólinn opnaði aftur 4. maí, mættu námsráðgjafar aftur í vinnu út í skóla. Okkur fannst mikilvægt að fylgja eftir könnun sem lögð var fyrir nemendur í skólalokabyrjun. Þann 13. maí var send út könnun til nemenda sem við kölluðum Könnun um nám og líðan í skólalokun. Könnunin var að einhverju leiti byggð á fyrri könnun en með viðbótum frá námsráðgjöfum.

Helstu niðurstöður könnunar má sjá í ársskýrslu náms-og starfsráðgjafar fyrir árið 2019-2020.

Í lok annarinnar sendum við út könnun til kennara sem var að sumu leyti sambærileg við könnunina sem nemendur tóku. Þátttaka kennara var ekki mikil en samt sem áður komu fram áhugaverðir punktar sem geta gagnast við að þróa kennsluhætti frekar í framtíðinni.

Punktar sendir til skólameistara:

Síðasta dag fyrir páskafrí tóku námsráðgjafar saman nokkra punkta og sendu á skólameistara:

1. Spurning um að senda nýja könnun í innu um líðan og gengi nemenda fjarnámi. Það auðveldar okkur að fá yfirsýn yfir stöðuna og sjá hvað er vel gert og hvað má betur fara. Líka forvitnilegar upplýsingar til að skoða og bera saman þegar allt þetta er yfirstaðið.
2. Fá bragakennara og umsjónarkennara til að hringja í sína nemendur og kanna virkni og líðan. Þeir þyrftu e.t.v. ekki að hringja í alla nemendur, væri líka hægt að fá þá til að senda spurningar sem nemendur svari skriflega og þeir sem ekki svara – og þeir sem segjast vera í vandræðum þarf að hringja í.
3. Hvetja nemendur og kennara til að taka sér hvíld frá námi í páskafríinu en koma svo aftur af fullum krafti eftir páska. Hætta á að við töpum einhverjum út í fríinu.
4. Kennarar aðstoði nemendur sem eru á eftir áætlun að forgangsraða verkefnum eftir gildi þeirra. Kennarar hringi í nemendur sem þeir sjá að hafa ekki verið virkir og aðstoði þá með að koma sér af stað og forgangsöröðun. Nemendur eru margir hjálparlausir í þessum aðstæðum og þótt að verkefnislýsingar séu skýrar þá þurfa þeir oft munnlega útskýringu og persónulega hvatningu. Sumir nemendur hafa ekki frumkvæðið sjálfir til þess að biðja um aðstoð þrátt fyrir að búið sé að bjóða hana.

5. Kennari sendi skammstafanir nemenda, áfanga og hópanúmer á námsráðgjafa ef kennari nær ekki í nemandann.
6. Minna kennara á að sýna sveigjanleika á skilafresti á verkefnum (sumir gera það nú þegar en einhverjir þurfa meiri hvatningu)
7. Minna á nauðsyn þess að hafa nógu langan tíma á heimaprófum vegna lesblindu-, ADHD og kvíðakrakkanna.
8. Minna kennara aftur á að setja ekki fyrir verkefni inn í páskafríið. Gefa þeim nem sem þess þurfa leyfi til að vinna upp það sem er ólokið.
9. Mikilvægt að ísla kennarar hafi samband við sína nemendur persónulega.
10. Nokkrir nemendur hafa tjáð sig um það að þeir treysti sér ekki í Teams tíma. Er hægt að finna annað úrræði fyrir þá þ.e. þeir skili verkefnum alfarið í gegnum Innu?
11. Það gæti skipt máli að það komi fram að skólinn borgi símareikning umfram venjulega notkun.

Umræður

Það er ljóst að aðstæður til námsráðgjafar breyttust mikið í lokuninni. Námsráðgjafar unnu allir heiman frá sér og þurftu að aðlaga starf sitt að breyttum aðstæðum. Okkur fannst muna mest um það að geta ekki hitt nemendur auglitis til auglitis. Við gátum ekki lengur verið með „opna hurð“ og tekið við þeim nemendum sem litu í gættina til okkar til að ræða málin. Það er áskorun að ræða við nemendur einungis í síma þar sem ekki er t.d. hægt að lesa í líkamstjáningu eða svipbrigði. Stundum þurfti að reyna nokkrum sinnum áður en náðist í nemanda hvort sem það væri símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Það sem okkur fannst kannski óvænt og gleðilegt var hversu nemendur tóku vel í símatal frá okkur og voru þakklátir fyrir það að við hefðum samband.

Agnes, Anna Fríða og Bjarney

3.9 Grunnmenntabré

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

Inngangur

Grunnmenntabré (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í fjögur skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á

vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram að einhverju leiti, en stöðugildi umsjónarmanns (sem í upphafi voru tveir) hefur verið minnkað ár frá ári.

Markmið grunnmenntabráar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabrá. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfsstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram 2x í viku og 2x í viku eru nemendur í heimanámsaðstoð, þar sem þeir fá sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabráar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

Brautarstjórn og sérstaða brautar

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabráar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabrá er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.

Umsjónaraðili með grunnmenntabrá skólaárið 2019-20 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar og nemendur sem eru nýir á grunnmenntabrá, en koma af sérnámsbraut skólans voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp, líkt og síðasta skólaár. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabrá, en það eru nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Námsframvinda nemenda haustönn 2019

Haustið 2019 hófu 27 nemendur nám á grunnmenntabrá. Nemendahópurinn sem var í sérstöku utanumhaldi í áfanganum NÁSS1GA05 samanstóð af 25 nýnemum og tveim eldri nemendum sem að höfðu stundað nám á sérnámsbraut en voru að færa sig yfir í almennt nám. Vegna fjölda nemenda voru tveir hópar í NÁSS áfanganum. Fjórir nemendur hættu námi á önnunni. Ástæða þess að þessir fjórir nemendur hættu má tengja til ýmissa persónulegra- og félagslegra erfiðleika auk veikinda.

Þessir 23 nemendur sem að luku námi á haustönn 2019 voru samtals skráðir í 669 einingar og luku 520 einingum eða 77% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.

Námsframvinda nemenda vorönn 2020

Á milli anna hætti einn nemandi námi vegna flutninga. Fjórir nemenendur bættust við nemendahópinn á grunnmenntabré, á vorönn. Tveir nemendur sem höfðu tekið sér hlé frá námi eina önn eftir lok grunnskóla, einn nemandi sem var að hefja nám eftir árs hlé og einn sem að hafði hætt á haustönninni og vildi byrja aftur.

Við upphaf vorannar voru því 26 nemendur í sérstöku utanumhaldi í NÁSS1GB05 áfanganum. Tveir af þessum nemendahópi hættu í skólanum á vorönninni, einn vegna áhugaleysis og annar vegna fjölpætts vanda. Einn nemandi til viðbótar valdi að hætta í NÁSS áfanganum og sérstöku utanumhaldi. Það voru því 23 nemendur sem voru í sérstöku utanumhaldi alla önnina og kláruðu vorönn 2020.

Nemendurnir 23 voru skráðir í 676 einingar í upphafi annar og stóðust 546 einingar við annarlok, eða 80% af þeim einingum sem lagt var upp með. Það er gaman að vekja athygli á því að 11 nemendur náðu öllum sínum einingum og 5 nemendur til viðbótar náðu öllum sínum einingum nema einum áfanga. 17 nemendur ná að uppfylla inntökuskilyrði inn á aðrar brautir eftir önnina og þar með ljúka námi á grunnmenntabré við lok vorannar 2020.

Þegar horft er fram á næsta skólaár, þá eru 4 nemendur sem að stefna á að halda áfram námi á grunnmenntabré og styrkja færni sína í kjarnagreinum. Átta nemendur stefna á stúdentsbraut, bóknaðsleið. Þar af er einn nemandi sem ætlar að undirbúa sig undir búfræði. Einn nemandi stefnir á stúdenstpróf, listalínu. Einn nemandi sækir um í grunnnám ferða- og matvælagreina. Tveir nemendur sækja um í rafvirkjun, tveir í grunnnámi háriðna, einn á íþróttabraut, einn í vélvirkjun. Tveir ætla að taka hlé frá námi og einn ætlar að skipta um skóla, þar sem sú námsbraut sem viðkomandi stefnir á er ekki kennd í FSu.

Umræður og framtíðarsýn

Skólaárið 2019-20 stunduðu svipað margir nemendur nám á grunnmenntabré og skólaárið áður þegar tveir umsjónarmenn voru við brautina. Það var mikið álag á umsjónaraðila brautarinnar í haust, enda hafði umfangið nánast tvöfaldast frá því skólaárinu áður þegar umsjónaraðilar voru tveir og stöðugildi því helmingi meira. Mikill tími fór í fjölda viðtala við forráðamenn sem áður höfðu dreifst á tvo umsjónaraðila. Það er mat umsjónaraðila að þegar nemendafjöldi fer yfir 10-15 nemendur sé mikilvægt að umsjónaraðilar séu tveir, til þess að dreifa bæði álagi og tíma, en einnig til þess að geta rætt og þróað úrræðið betur áfram.

Nemendahópurinn í ár var mjög fjölbreyttur að venju, en það var nýtt hve margir nemendur innrituðust á brautina sem eiga sögu um skólaforðun og hafa lítið stundað nám í efstu tveimur bekkjum grunnskólans. Staða þess nemendahóps er töluvert önnur en nemenda

sem hafa lokið námi í 10. bekk og hafa mætt vel og sinnt námi. Vandí þessa nemendahóps er oft á tíðum fjölþættur, þar sem félagslegir og persónulegir erfiðleikar, ásamt greiningum um námserfiðleika koma yfirleitt við sögu. Það er mat umsjónaraðila grunnmenntabráar að huga þurfi vel að þessum nemendahóp sem virðist fara stækkandi og skoða þurfi hvort þróa þurfi námsúrræði sem hentar þessum nemendahóp enn frekar.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er annar nemendahópur sem huga þarf sérstaklega að á grunnmenntabrá. Þar erum við einnig með fjölbreyttan hóp nemenda, sem sumir hafa fæðst og búið alla ævi á Íslandi en aðrir hafa búið styttra á landinu. Þessir nemendahópur á það sameiginlegt á grunnmenntabránni að uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Það er mikilvægt að huga að íslenskukennslu þess nemendahóps. Í ljós kom í vetur að sumir þessara nemenda ráða ekki við fornámsefnið í íslensku en eru of sterkir í talmáli fyrir 1. þreps ÍSAN áfanga að mati kennara þess áfanga. Brýnt er að bjóða þessum nemendahóp sem einnig virðist fara stækkandi upp á einstaklingsmiðaða íslenskukennslu (ÍSAN) og þróa áfram stuðning við nám þeirra eftir að námi á grunnmenntabrá lýkur.

Langflestir nemendur ljúka námi á grunnmenntabrá eftir einn vetur. Þá innritast nemendur inn á aðrar brautir eftir áhugasviði. Á þessu fyrsta ári hafa nemendur fengið mikið aðhald og stuðning meðan þeir eru að venjast nýjum aðstæðum og ná upp námshæfni um leið og þeir taka framhaldsskólaáfanga eins og félagsfræði, umhverfisfræði og íþróttافرæði. Því má segja að flestir nemendur á grunnmenntabrá fái frekar mjúka byrjun á framhaldsskólagöngunni. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendunum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabrá, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfanga í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert. Það væri mikið framfaraskref ef þessir nemendur, líkt og aðrir nemendur skólans, hefðu aðgang að námsveri þar sem þeir gætu fengið aðstoð með verkefni og heimanám í töflugötum. Slíkt námsver myndi einnig nýtast nemendum með annað móðurmál en íslensku vel og væri mikilvægur þáttur í að styðja við nám þess nemendahóps.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabrá. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnmenntabrá, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemandans, aðstoða hann við að byggja

upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Vorönnin var óhefðbundin þar sem samkomubann skall á um miðjan mars vegna Covid-19 og skólinn lokaði. Þar með breyttist vissulega allt nám nemenda. Umsjónaraðili grunnmenntabráar sendi nemendum og forráðamönnum vikulega skilaboð og nemendur unnu verkefni í fjarnámi. Þá hringdi umsjónaraðili amk einu sinni í alla nemendur á grunnmenntabrá, en sumir nemendur fengu símtal um það bil einu sinni í viku. Einn nemandi þáði heimanámsaðstoð í gegnum Teams, og sú aðstoð fór fram u.þ.b. tvisvar sinnum í viku í klukkustund í senn. Það fyrirkomulag gekk mjög vel og væri hægt að þróa áfram. Nemendurnir stóðu sig heilt yfir vel í skólalokuninni, en vissulega reyndi þessi breyting meira á suma nemendur en aðra um leið og fyrirkomulagið hentaði öðrum betur en hefðbundið nám.

Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnmenntabrána og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnmenntabrá sem námsleið að loknum grunnskóla. Þegar námsleiðin fór af stað fyrir fjórum árum þá höfðu langflestir nemendur sótt um á öðrum brautum, ekki uppfyllt inntökuskilyrðin og því lent á grunnmenntabrá og voru ósáttir við það. Þá tók tíma fyrir nemendur að sætta sig við að vera á námsbrautinni, en nú koma flestir nemendur inn á brautina eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, þeir eru því sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið ákvörðun um að hefja nám á brautinni. Margir þessara nemenda koma í viðtal til námsráðgjafa og umsjónaraðila brautarinnar við lok vorannar áður en þeir hefja nám í skólanum og hefur það reynst vel.

Í lokin vill umsjónaraðili grunnmenntabráar þakka þeim kennurum sem að komu að heimanámstímunum í vetur á brautinni, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfangana í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍPRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnmenntabrá fyrir gott samstarf í vetur.

3.10 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Kerfisstjóri: Ragnar Geir Brynjólfsson

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að vinnsla upplýsinga í FSu sé örugg og skilvirk og komi ávallt til móts við þær kröfur sem gerðar eru.

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Á þessu skólaári voru verkferlar sem fengu háa áhættutölu úr áhættumati UT-verkferla fyrra skólaárs endurmetnir. Enn fremur var unnið að gerð upplýsingaöryggisstefnu. Við þá vinnu var horft til áhættumats fyrra skólaárs og einnig til staðalsins ÍST EN ISO/27002:2017 sem

fyrirmyndar um góðar starfsvenjur. Undirbúningur að innleiðingu öryggisstefnunnar er hafinn þó stefnan sé ekki fullkláruð og byrjað er að breyta verklagi í samræmi við það sem koma skal. Vinnu við stefnuna seinkaði aðallega vegna ófyrirséðs álags á þráðlausu netið en einnig vegna samkomubannsins.

Leyfamál

Gengið var inn í nýjan samning Ríkiskaupa við Microsoft.

Kennslukerfi

Moodle kerfinu var endanlega lokað í byrjun ágúst 2019 og hefur INNA því tekið alfarið við hlutverki kennslukerfis skólans.

Staða tækjakosts

Stöðugt er unnið að því verkefni að halda búnaði uppfærðum svo hann standist væntingar. Þrátt fyrir það reyndist álag á þráðlausu netið vera mun meira en gert hafði verið ráð fyrir við upphaf haustannar 2019 og strax þá var ljóst að búnaðurinn stóð ekki undir væntingum. Þetta gerðist þrátt fyrir að margir þráðlausir sendar hafi verið hafi verið endurnýjaðir í júní 2019. Mikill tími fór í að halda í horfinu, endurnýja búnað og styrkja netið þar sem þess þurfti alla haustönn og fram á vorönn og raunar allt þar til skólinn lokaði vegna samkomubanns. Þetta var gert með því að bæta við nýjum sendum af gerðinni UniFi nanoHD Compact 802.11ac Wave2 MU-MIMO og þegar þetta er skrifað bendir flest til að þeir muni anna álaginu.

Í eftirfarandi töflum má sjá kaupár og einingafjölda búnaðar í notkun:

Netþjónar

Kaupár	Fjöldi
2011	1
2014	1
2015	1
2016	1
2017	2
Samtals	6

Þráðlausir sendar

Kaupár	Fjöldi
2016	16
2017	7
2018	18
2019	32
2020	13
Samtals	86

Nettengieiningar (svissar)

Kaupár	Fjöldi
2014	2
2016	2
2017	7
2018	2
2019	4
2020	2
Samtals	19

Borðtölvur

Kaupár	Fjöldi
2011	2
2012	3
2013	2
2015	8
2016	22
2017	26
2019	10
Samtals	73

Endurmenntun, ráðstefnur, námskeið og kynningar

Kerfisstjóri sat námskeiðin “Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – Nokkur álitaefni”, sem fram fór 26. September 2019 (hálfur dagur). Námskeiðið var haldið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og kennari var Kjartan Bjarni

Björgvinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og námskeiðið “Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001”. Lykilatriði, uppbygging og notkun sem haldið var af Staðlaráði Íslands 5. desember 2019. Kennari var Marinó G. Njálsson, tölvunarfræðingur og sérfræðingur í stjórnun upplýsingaöryggis.

Neyðaráætlun v. Covid-19

6. mars var búin til neyðaráætlun v. Covid-19 lokunar til að tryggja uppitíma þjónustu og var unnið eftir henni í samkomubanninu. Samkvæmt áætluninni skyldi INNA nýtt til skipulagningar náms, fyrirlagnar, dreifingar á og yfirferðar efnis. Office365 kerfið skyldi notað til samskipta (Outlook), síma- og myndfunda (Teams). Þjónustusímanúmer FSu voru áframsend á GSM síma ákveðinna starfsmanna. Tölvuþjónustan bauð upp á fjaraðstoð.

Skýrsla aðstoðarkerfisstjóra: Helgi Hermannsson

Yfirlit:

Tölvuþjónusta

Aðstaða tölvuþjónustu

Heimasíða FSu

Fartölvur og vagnar

Viðhald fartölva

Fartölvukaup á árinu

Skjávarpar og önnur tæki

Endurmenntun, ráðstefnur

Námskeið og kynningar

Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu

Tölvuþjónusta

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 8 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stökk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu aðstoðarkerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Kennarar leita eftir ýmiskonar aðstoð bæði er varða kerfismál, notkun hugbúnaðar, gagnavistun, Innu notkun, uppsetningu á hugbúnaði og vegna bilana og vírusa í fartölvum. Smávægileg vandamál með fartölvur kennara eru yfirleitt leyst samdægurs og jafnvel stærri vandamál, eins og kerfisuppsetning yfirleitt leyst eins fljótt og auðið er.

Aðstaða tölvuþjónustu

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað.

Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur.

Suð frá tækjum/viftum í stofu 306B er nokkuð og þyrfti að bæta úr því. Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdir tveir fartölvuvagnar sem kennarar nýta í tímum.

Heimasíða FSu

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar en fréttaritstjóri er Guðfinna Gunnarsdóttir. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu.

Fartölvur og vagnar

Lítill eftirspurn hefur verið eftir tölvum á fartölvuvögnum nema á starfsbraut. Einnig eru 8 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. Tölvur hafa ekki verið endurnýjaðar nema í fartölvuvagni í Hamri og á starfsbraut. Í Hamri er vagn með öflugum ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016.

Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017 og einnig 4 Thinkpad SL520 fartölvum.

Viðhald fartölva

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva.

Fartölvukaup á skólaárinu

Keyptar 15 Dell 5490 tölvur til endurnýjunar hjá kennurum, sem og 1 stykki Dell 7490 til að bæta við á bókasafn

Skjavarpar og önnur tæki

Keyptir voru 5 EPSON skjávarpar og gerðar tilraunir með Microsoft wireless display adapter sem þráðlausan tengimöguleika. Það er ódýrari leið en að kaupa þráðlausa skjávarpa er en því miður ekki 100% áreiðanlegur frekar en þráðlausu skjávarparnir.

Námskeið og kynningar

Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar og einnig í byrjun vorannar.

3.11 Prófstjórn

Prófstjóri: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Haustannarpróf 2019

Aðstoðarskólameistari skipuleggur uppröðun prófa og sendi kennurum drög að próftöflu haustannar þann 1. nóvember 2019, þá óskaði hann einnig eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöfluna. Endanleg próftafla var svo gefin út 7. nóvember (sjá töflu). Prófatími stóð nú yfir frá mánudeginum 9. desember til mánudagsins 16. desember en þann dag voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum í nóvember upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá uppleið próf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi spannaði tæpar tvær vikur, frá mánudeginum 18. nóvember til föstudagsins 29. nóvember. Þá fengu allir nemendur upplýsingapóst um fyrirkomulag prófa, prófreglur, aðgengi að eldri prófum og fleira þann 3. desember.

Próftafla í dagskóla 2019 haust

	9. des. mánud.	10. des. þriðjud.	11. des. miðvikud.	12. des. fimmtud.	13. des. föstud.	14. - 15. des., lau. sun.	16. des. mánud.
kl. 8:30	ÍSLE1SX05	LÍFF2EL05	EDLI2GR05	SPÆN1AA05	EFNA3BB05		Sjúkrapróf
	ÍSLE1XA05	NÆRI2AA05	ÍSLE2BV05	SPÆN1BB05	ENSK2HB05		
	ÍSLE1XC05	RAFM2GC05	ÍSLE2OS05	SPÆN1CC05	HBFR1HH05		
	STÆR1AJ05			ÞÝSK1AA05			
	STÆR2AR05			ÞÝSK1BB05			
	STÆR2HV05			ÞÝSK1CC05			
	STÆR2RU05						
	STÆR2TL05						
	Munnleg próf í tungumálum						
kl. 11:30	ÍSLE1SX05	EFNA2AE05	HJÚK1AG05	FRAN1AA05			
	ÍSLE1XA05	ÍÞRF2BJ05	LAND2EL05	FRAN1CC05			
	ÍSLE1XC05	ÍÞRF3LL05	LÍFE2LN05	LÍOL2IL05			
	STÆR2AF05		RATM2GA05				
	STÆR2VF05						
	STÆR2ÞT05						
	STÆR3FD05						
	STÆR3HD05						
	STÆR3SG05						
	Munnleg próf í tungumálum						

Munnleg próf í tungumálum fara fram mánudaginn 9. des. Nánar auglýst af viðkomandi kennurum.

Sjúkrapróf verða mánudaginn 16. desember kl. 8:30. Krafist er læknisvottorða vegna veikinda í prófum.

Prófsýning fer fram þriðjudaginn 17. desember kl. 12:30 - 14:00.

Brautskráning fer fram föstudaginn 20. desember kl. 14:00

Yfirsetutafla kennara var send út föstudaginn 6. desember að teknu tilliti til séróska. Hún var unnin út frá fjölda nemenda sem komu til með að taka próf í áföngum, en oft berast þær fjöldatölur ekki fyrr en í blálok annarinnar. Þá er hægt að raða nemendum í stofur og sjá hversu mikil þörf er fyrir yfirsetu. Yfirsetutaflan var hengd upp í Odda við kaffistofu kennara, á upplýsingartöflur í Hamri og lðu ásamt því að vera send kennurum í tölvupósti. Flestir kennarar voru einu sinni í yfirsetu, sumir tvisvar. Próftíminn var yfirleitt klukkutími, en honum til viðbótar fá allir nemendur 45 mínútur til að ljúka við úrlausn. Því er ekki lengur þörf fyrir að sækja sérstaklega um lengri próftíma. Í mörgum áföngum er sá háttur hafður á að nemendur þurfa ekki að þreyta lokapróf hafi þeir staðist námsmat annarinnar með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrappróf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna eða staðið sig illa í.

Á haustönn 2019 voru 42 áfangar með próf í próftöflu. Af þeim voru sex lokapróf á sérnámsbraut. Að auki fóru fram munnleg próf í tungumálum. Að þessu sinni fóru flest lokapróf fram í stærðfræði, tungumálum og raungreinum. Alls var 621 nemandi skráður í lokapróf en um 516 prófskráningarmiðar voru útfylltir. Alls voru 58 umsóknir um sérúrræði í

prófi samþykktar en algengast var að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá prófin upplesin, fá að taka þau í tölvu, fá stærra letur eða dyslexiuletur. Þá voru nokkrir nemendur sem lentu í prófaklemmu sem var leyst með sjúkraprófi. Aðstoðarkerfisstjóri hefur umsjón með upptökum á lokaprófi en einnig aðstoðar bókavörður kennara við upptök. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

Vegna mjög slæmrar veðurspár fyrir miðvikudagsmorguninn 11. desember var tekin sú ákvörðun að færa til miðvikudagsprófin. 8:30 próftíminn færðist í heild til 11:30 á fimmtudegi en 11:30 próftíminn var færður aftur til 14:00 á miðvikudeginum.

Upplýsingarpóstur þess efnis, með breyttri próftöflu, var sendur kennurum og nemendum á þriðjudagsmorgni kl. 9:30. Í samræmi við þetta breyttist einnig yfirseta kennara. Þetta gaf góða raun, enginn misskilningur skapaðist og prófin fóru öll fram samkvæmt áætlun breyttrar próftöflu.

Breytt próftafla í dagskóla 2019 haust

	9. des. mánud.	10. des. þriðjud.	11. des. miðvikud.	12. des. fimmtud.	13. des. föstud.	14. - 15. des., lau. sun.	16. des. mánud.
kl. 8:30	ÍSLE1SX05	LÍFF2EL05		SP/EN1AA05	EFNA3BB05		Sjúkrapróf
	ÍSLE1XA05	N/ERI2AA05	Sjá 12.des.kl.11:30	SP/EN1BB05	ENSK2HB05		
	ÍSLE1XC05	RAFM2GC05		SP/EN1CC05	HBFR1HH05		
	ST/ER1AJ05			DÝSK1AA05			
	ST/ER2AR05			DÝSK1BB05			
	ST/ER2HV05			DÝSK1CC05			
	ST/ER2RU05						
	ST/ER2TL05						
	Munnleg próf í tungumálum						
kl. 11:30	ÍSLE1SX05	EFNA2AE05		FRAN1AA05			
	ÍSLE1XA05	ÍBRF2PJ05		FRAN1CC05			
	ÍSLE1XC05	ÍBRF3LL05		LÍOL2IL05			
	ST/ER2AF05						
	ST/ER2VF05			Fært frá 11.des			
	ST/ER2PT05			EDLI2GR05			
	ST/ER3FD05			ÍSLE2BV05			
	ST/ER3HD05			ÍSLE2OS05			
	ST/ER3SG05		Klukkan 14:00				
			HJÜK1AG05				
	Munnleg próf í tungumálum		LAND2EL05				
			RATM2GA05				
							
Munnleg próf í tungumálum fara fram mánudaginn 9. des. Nánar auglýst af viðkomandi kennurum.							
Sjúkrapróf verða mánudaginn 16. desember kl. 8:30. Krafist er læknisvottorða vegna veikinda í prófum.							
Prófsýning fer fram þriðjudaginn 17. desember kl. 12:30 - 14:00.							
Brautskráning fer fram föstudaginn 20. desember kl. 14:00							

Sjúkrapróf fóru svo fram mánudaginn 16. desember, en 17 nemendur voru skráðir í sjúkrapróf í 14 áföngum. Kennarar bera sjálfir ábyrgð á prófagerð og útprentun sjúkraprófa en gert er ráð fyrir að próf séu tilbúin daginn fyrir sjúkrapróf.

Vorannarpróf 2010

Vegna Covid19 farsóttar fóru ekki fram eiginleg lokapróf í Fjölbrautaskóla Suðurlands vorið 2020. Í langflestum áföngum aðlöguðu kennarar námsmatið að þeim takmörkunum sem skólalokunin hafði í för með sér. Frá og með 16. mars til og með 3. maí var skólahúsnæðið lokað nemendum og kennurum og því fór námsmat í áföngum að mestu leyti fram á rafrænu formi. Kennarar lögðu fyrir ýmis verkefni og rafræn próf, áttu samtál við nemendur í gegnum fjarfundarbúnað eða síma, ýmist einslega eða í hópum. Þegar samkomubannsreglur Almannafræðisins voru rýmkaðar 4. maí og fjöldi þeirra sem mátti koma saman var hækkaður úr 20 manns í 50, að teknu tilliti til tveggja metra fjarlægðarreglu, gengu verknáms- og sérnámsbrautarnemendur fyrir í aðgengi að húsnæði og kennurum til að ljúka sinni önn. Aðrir kennarar sem þurftu nauðsynlega að kalla inn nemendur til námsmats skiluðu inn fjöldatölum til aðstoðarskólameistara sem sá svo um að raða kennurum niður á tíma, svæði og inngang að skólahúsnæðinu svo að reglur Almannafræðisins um fjöldatakmarkanir væru aldrei brotnar. Þann 22. apríl 2020 voru kennurum sendir eftirfarandi minnispointar til að styðjast við sem náms- og starfsráðgjafar tóku saman ásamt prófstjóra.

Minnispointar vegna óhefðbundinna aðstæðna kennara og nemenda við annarlök 2020

Mikilvægt er að kennarar:

- Taki saman sem fyrst upplýsingar um hvort þeir þurfa að fá **nemendur í hús** eftir 4. maí. Áætla fjölda nemenda og tíma – senda þessar upplýsingar á Tóta. Eins hvort óskað er eftir **tíma í rafrænni próftöflu** fyrir lokapróf – kennslu- og fagstjórar taki saman og sendi Tóta.
- **Gefi nemendum skýr skilaboð um hvernig námsmati, þ.m.t. lokamati, áfangans er/verður háttað.** Um leið og kennarar hafa ákveðið, í samráði við deildir ef við á, hvernig áfanganum lýkur þurfa nemendur að fá **skýr skilaboð** um það.
- **Að nemandi viti hvar hann stendur og til hvers er ætlast af honum.**
- **Að skýrt sé hvaða verkefni eru fyrirbyggjandi, hvort próf (lotu-, skrap- eða lokapróf) eru framundan og með hvaða hætti þau verða lögð fyrir.**

1. Ef próf er fyrirhugað:

1. Úr hvaða áfanga verður prófað.
2. **Tímasetning og tímalengd (liggur fyrir þegar allt er komið til Tóta).**
3. Hvaða gögn er gott að hafa við hendina- **bækur, glósur, vasareikni** o.s.frv.
4. **Úr hvaða köflum/þáttum er prófað** (helstu áhersluatriði prófsins).
5. Að fara yfir „**Heimapróf**“ á instagram og facebook síðu námsráðgjafa, þar eru góðar ráðleggingar.

- Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir getur nemandi metið hvort hann ætlar að sækja um **sérúrræði í prófi** og verður þá að vera **sem fyrst** í sambandi við kennarann varðandi það.
- Sérúrræði sem nemendur geta óskað eftir getur t.d. verið **lesblinduletur, stærra letur, upplestur eða annað slíkt**. Nemendur hafi beint samband við kennara og óska eftir slíku ef þörf er á.
- Kennari þarf þá að útbúa próf skv. óskum. Varðandi upplestur þá gæti verið valkostur fyrir kennara að taka nemanda í munnlegt próf í gegnum Teams eða annan fjarfunda búnað.
- **Tímarammi**– prófverkefni eru að hámarki 45 mín auk 45 mínútna aukalega fyrir nemendur til að fara yfir og skila (það er aukaálag að taka rafrænt próf og skila á rafrænu formi, taka mynd af lausn, vista og skila í skilahólf).
- Náms- og starfsráðgjafarnir eru búnir að dreifa **gagnlegum námstækkniráðum** til nemenda á instagram, facebook og í Innu sem hægt er að benda nemendum á.
- Munum eftir persónuvernd í meðferð gagna – gott að kíkja á tölvupóst frá Ragnari frá 17. apríl sl.

3.12 Fjarnám grunnskólanema

Umsjón: Kristjana Sigríður Skúladóttir

Fjölbrautaskóli Suðurlands býður nemendum 10. bekkja grunnskóla á Suðurlandi upp á fjarnám í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Fjarnámið stendur þeim til boða sem lokið hafa námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi grein með hæfnieinkunnina B+ eða A.

Áfangar sem stóðu til boða á haustönn 2019 voru: ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05. Einungis náðist í nægilega stóra hópa til að kenna áfanga í ensku og dönsku.

Áfangar sem stóðu til boða á vorönn 2020, voru framhaldsáfangar í yndislestri í ensku og dönsku, ENSK2YL05 og DANS2YL05, og aftur var boðið upp á grunnáfangana ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05. Ekki voru nægilega margir nemendur skráðir til að kenna þá, en áfangarnir í ensku og dönsku voru báðir kenndir.

Á haustönn 2019 byrjuðu í fjarnámi 40 nemendur frá 7 grunnskólum á Suðurlandi. Tveir nemendur hófu nám í tveimur áföngum, en annar þeirra hætti í öðrum áfanganum í upphafi annar. Í ensku byrjaði 21 nemandi, 19 luku áfanganum, einn hætti og einn fell. Í dönsku byrjuðu 19 nemendur, 18 luku áfanganum með fullnægjandi einkunn, einn féll.

Á vorönn 2020 hófu 27 nemendur frá 6 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í ensku og dönsku. Þrír nemendur voru í tveimur áföngum, einn nemandi hætti á miðri önn, allir aðrir stóðust sína áfanga. 19 nemendur hófu nám í ensku, einn nemandi hætti en 18 luku áfanganum. Í dönsku hófu 11 nemendur fjarnám og stóðust allir áfangann.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Að auki krefst námið sjálfsstæðra vinnubragða, sjálfsaga og skipulagshæfni og einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur eiga erindi í fjarnámið. Þá er nauðsynlegt að nemendur hafi góðan stuðning í grunnskólunum og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins í FSu. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokaprófum er prófað í grunnskólum viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda tengiliðum grunnskóla prófin sem þeir leggja svo fyrir. Þetta getur líka átt við um stöðu-/lotupróf. Úrlausn nemanda er svo send kennara FSu sem sér um námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Fjarnámið skólaárið 2019/2020 gekk alla jafna vel, kennarar FSu voru að mestu leyti ánægðir með nemendahópana sína og tengiliðum í grunnskólum þótti samstarfið og samskiptin ganga vel, skipulagið skýrt og skilvirkt. Þeim fannst gott að hafa aðgengi að áfanganum í Innu og geta þá fylgst með framvindu námsins, fyrirliggjandi verkefnum og skipulagi, en fannst að sama skapi vanta aðgang að yfirliti yfir námsgengi sinna nemenda jafnt og þétt yfir önnina. Þá reyndist afar vel að kalla nemendur á fund í FSu í upphafi annarinnar, eins og gert var í dönskunni, og einnig fór dönskukennarinn í heimsókn í þeirra skóla í tengslum við fyrsta munnlega verkefnið sem gaf góða raun.

Samráðsfundir FSu með grunnskólakennurum af Suðurlandi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði voru fyrirhugaðir á vorönn 2020. Vegna Covid19 þurfti að fella þá niður en vonir standa til að hægt verði að boða til þeirra að nýju, fljótlega á nýju skólaári.

Næsta haust verður sama fyrirkomulag haft á fjarnámi frá FSu. Grunnáfangarnir ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05 og STÆR2AR05 standa þeim nemendum til boða sem lokið hafa hæfnimarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Tölvupóstur þess efnis verður sendur grunnskólum nú í vor.

Hugleiðing frá enskukennara fjarnámsins:

„Kenndir voru ENSK2OL05 á haustönn 2019 og ENSK2YL05

Þátttaka í fjarnámi í ensku var venju fremur góð og hafa hóparnir stækkað ef eitthvað er.

Námsmat og námsefni var með hefðbundnu sniði, sömu námsbækur notaðar á haustönn og í sambærilegum áfanga í dagskóla. Það var áhugavert á haustönn að þá var GG að kenna sama áfangann í dagskóla og fjarnámi. Það bauð upp á ígrundun og breytingar varðandi fyrirkomulag kennslu í ljósi samanburðar.

Einn féll á haustönn, það er mjög óalgengt og nokkrir fengu einkunnina 6 sem er ekki eðlilegt miðað við það sem ég veit eftir að hafa kennt þetta fjarnám um nokkurt skeið. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að við tökum ekki inn nemendur nema þeir bæði séu með B+ eða A úr grunnskóla og að það sé alveg tryggt að þau hafi sannarlega lokið efni tíunda bekkjar við lok þess níunda með þessa einkunn. Nokkir nemendur voru með skráða einkunnina B sem er ekki fullnægjandi og verður þess valdandi að þau mörg hver ekki tilbúin í þessa tegund náms.

Einnig þar aftur og enn að ítreka við grunnskólann að íhuga vandlega hvort nemendur séu tilbúnir í þessa tegund náms, þetta hentar alls ekki öllum.

Enginn féll á vorönn, enda er eðlismunur á yndislestri og OL. Sú nýbreytni kom inn að nemendur sóttust eftir að koma til mín í munnlegt próf í stað þess að nota skype eða facetime. Það var mjög skemmtilegt fyrir mig og þau sem komu og raungerði námið fyrir þau að þurfa að koma inn í skólahúsið og hitta mig. Þetta féll svo auðvitað um sjálft sig þegar að lokun kom.

Einnig er gott að hugsa upphaf hverjar annar þannig að nám hefjist ekki fyrr en viku til 10 dögum eftir að FSu byrjar. Það tekur alltaf dálítinn tíma að koma öllum inn í kerfið og fá staðfestan nemendahóp.

Að lokum vill ég bara bæta við að sviðsstjóri hefur staðið sig einkar vel í utanumhaldi og stutt vel við kennara.

Svo saknaði ég ógurlega þess að fá að hitta grunnskólakennara til að rabba um fjarnámið.

Vonandi verður fundur fljótlega á næsta skólaári ☺

Takk fyrir mig!“

3.13 Sjálfsmat

Sjálfsmatsnefnd: Kristjana Sigríður Skúladóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson, Þórarinn Ingólfsson.

Inngangur

Því má halda fram að aðdraganda að stofnun Fjölbrautaskóla Suðurlands megi rekja allt aftur til 1880 en á því ári var farið að ræða um stofnun ungmennaskóla sýslufélaga á Suðurlandi. Menn gátu ekki á þeim tíma komið sér saman um staðarval og því varð ekkert af stofnun þess skóla. Árnesingar, Rangæingar og Vestur – Skaftfellingar komu sér saman um rekstur lðnskóla á Selfossi tæpri öld síðar og á grunni þess skóla var Fjölbrautaskóli Suðurlands stofnaður 1981. Skólinn var fyrst settur 13. september og voru það ríkisvaldið og

Selfosskaupstaður sem stóðu að stofnun hans í upphafi en sýslurnar komu inn sem eignaraðilar 1983.



Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur allt frá stofnun verið einn af stærstu vinnustöðunum á Suðurlandi og hefur haft mikil áhrif í samfélaginu. Segja má að skólinn hafi verið ákveðið sameiningartákn ungmenna á Suðurlandsundirlendi. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreytt nám og engum umsækjanda um nám sem hefur tilskyldar forsendur

hefur verið hafnað. Stöðugt er unnið að endurbótum og endurmati á námsframboði og kennslu. Minnt skal á að kjörorð skólans eru fjölbreytni – sköpun – upplýsing og má segja að þessi orð hafi verið leiðandi í starfseminni allt frá upphafi.

Nemendafjöldi er orðinn nokkuð stöðugur en þeim fækkaði eftir að nám til stúdentsprófs var stytt um eitt ár. Í dag þurfa nemendur 200 framhaldsskólaeiningar til þess að ljúka stúdentsprófi og ljúka flestir þeim einingum á þremur árum. Nemendafjöldi á haustönn 2019 voru 797 og á vorönn 2020 voru þeir 733. Þetta er fjöldi nemenda sem stundar nám í dagskóla en síðan er einnig kennsla í gangi í fangelsunum á Litla Hrauni, í Sogni og á Hólmsheiði. Kennarar frá FSu fara á Litla Hraun og í Sogn en fjarkennsla er í gangi á Hólmsheiði. Nokkrir kennarar sinna einnig fjarkennslu nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Þeim nemendum hefur verið boðið upp á kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku.

Hvert er stefnt í FSu kemur fram í markmiðum skólans. Hægt er að nálgast þau markmið með því að fara inn á heimasíðu skólans <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid> Með því að setja þessi markmið er verið að búa sér til leið sem skólinn vill fylgja til þess að ná sem bestum árangri. Markmiðin eru byggð upp á þann hátt að lögð er áhersla á að ná yfir alla þætti starfsins og í raun verið að segja hvað við viljum sjá að gerist eftir að unnið hefur verið með nemendum að ákveðnum þáttum. Varðandi markmiðin þá eru þau endurskoðuð og metin með ákveðnu millibili af starfsmönnum skólans. Þegar þau hafa verið metin er brugðist við og markmiðin uppfærð eins og við á í hvert skipti. Þegar markmiðin eru klár eru þau metin reglulega og reynt að gera sér grein fyrir hvort þau séu raunhæf og hvort skólasamfélagið sé að ná þeim. Matsfundir sem haldnir eru gefa okkur ákveðna niðurstöðu og er brugðist við eins og við á í hvert skipti.

Sjálfsmatshópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku í 55 mínútur í senn. Í upphafi haustannar voru línur lagðar og ákveðið hvað ætti að gera á skólaárinu. Ákvörðun var tekin um að meta mennskuna á haustönninni þar sem leitast yrði við að fá starfsfólk til að skoða markmiðin og einnig var stefnan að leggja áherslu á að nemendur kæmu að því mati. Þegar líða tók á önnina var ákveðið að leggja fyrir könnun sem tengdist viðtalstímum kennara. Könnunin var hugsuð til þess að reyna að gera sér grein fyrir hvernig nýtingin væri á viðtalstímunum og hvernig kennarar litu á viðtalstímana. Á vorönn var stefnt á að meta starfsumhverfið með starfsmönnum og einnig að fá nemendur til þess að taka þátt í því mati. Síðar á þeirri önn eða í mars yrðu síðan kennarar metnir með GNOK (gæðum náms og kennslu) könnuninni. Stefnt var að því að reyna að fá betri svörun en síðast þannig að nemendur verði duglegri við að gefa upplýsingar um hvernig þeim líki kennslan í einstökum áföngum sem kenndir eru við skólann.

Vorannarskipulagið gekk ekki alveg eftir þar sem skólanum var lokað frá 16. mars og var hann lokaður allt til 4. maí þegar hægt var að taka inn takmarkaðan fjölda nemenda í einu inn í skólann. Ástæða þess að skólanum var lokað voru fyrirmæli frá ráðuneyti vegna heimsfaraldurs kórónaveiru og var öllum framhaldsskólum og háskólum lokað vegna þessa.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatinu þetta árið var stýrt af hópi sem í sátu þrír einstaklingar. Hópin skipuðu Kristjana Sigríður Skúladóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Markmið sjálfsmatsins er að rýna til gagns þannig að öll starfsemi skólans sé skoðuð með ákveðnu millibili og leitað sé leiða til úrbóta í framhaldi af rýninni. Vinna sjálfsmatshópsins byggir einmitt á því að stýra vinnunni og leggja fyrir verkefni til að meta, undirbúa fundi og gera síðan aðgerðaáætlanir í framhaldi af matinu. Auk þess hefur hópurinn reynt að sjá hvar skóinn kreppir í einstökum málum og þá skoðað þau mál með aðstoð frá starfsfólki skólans. Almennt má segja að starfsfólk komi jákvætt til þeirra funda sem haldnir eru vegna matsins og gleðjast yfir því að fá að hafa áhrif á stefnu stofnunarinnar í ýmsum málum.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Sjálfsmatið hefur á þessu skólaári verið framkvæmt með því að boða til funda þar sem ákveðnar fullyrðingar eru metnar af starfsfólki og nemendum. Einnig hefur verið stuðst við kannanir sem sendar hafa verið út á ákveðna hópa.



Skoska sjálfsmatskerfið „How good is our school“ (HGIOS) hefur verið notað þegar hópar koma saman og eru þá metnar fullyrðingar sem tengjast markmiðum skólans. Á fundunum er starfsfólki og nemendum skipt í hópa og meta þessir hópar ákveðnar fullyrðingar sem þeim er úthlutað og gefa þeim einkunn. Mikilvægt er í hópunum að þeir komist að sameiginlegri

niðurstöðu. Þegar hópurinn hefur gefið ákveðnu markmiði einkunn er sú einkunn skráð og stýrihópurinn tekur við einkunnum frá öllum hópunum og vinnur úr þeim. Ef einkunnir eru ekki góðar þá er leitað leiða til þess að bæta það sem við á í hverju skipti fyrir sig. Það getur þurft að fá hóp til þess að vinna að ákveðnum málum eða að stýrihópur kemur með ákveðnar tillögur um úrbætur. Því miður kemur stundum upp sú staða að ekki er hægt að bregðast við eins og best væri en þá er leitað annarra leiða. Það er á ábyrgð sjálfsmatshópsins að hrinda í framkvæmd aðgerðum til úrbóta. Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki þar sem HGIOS var notað. Einn fundur var á haustönn og annar á vorönn.

Ein rafræn könnun var lögð fyrir í gegnum kennsluumhverfi Innu. Sú könnun var um viðtalstíma kennara. Stefnt var að því að leggja könnun fyrir foreldra og forráðamenn nemenda og var sú vinna langt komin á vorönn þegar stöðva varð hana vegna lokunar skólans. Væntanlega verður sú könnun lögð fyrir á haustönn 2020.

Starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu.

Stýrihópurinn um sjálfsmat fundaði alls 23 sinnum á skólaárinu. Það voru alls 13 fundir á haustönn og 10 á vorönn. Miðað var við að fundirnir rúmuðust innan 55 mínútna í hvert skipti en ekki var laust við að það teygðist stundum svolítið úr þeim 55 mínútum. Fundað var á miðvikudögum á haustönn kl. 09:15 og á vorönn var fundað á fimmtudögum kl. 09:15.

Byrjað var á því á haustdögum að yfirfara áætlun vegna sjálfsmatsins og setja inn dagsetningar á fyrirhuguðum fundum með starfsfólki á önninni. Ákveðið var að meta mennskuna 27. september og gekk sú dagsetning eftir á haustönninni. Eftir að matinu lauk var unnið úr því af stýrihópnum og niðurstöður teknar saman. Aðgerðaáætlun var sett upp í

framhaldi af því. Eins og áður kom fram var einnig lögð könnun fyrir kennara á haustönninni varðandi viðtalstíma og var einnig unnið úr henni. Tímabil könnunarinnar var 24. september til 8. október þ.e. sá tími sem könnunin var opin. Undir lok annar var niðurstaða sjálfsmatsins kynnt fyrir starfsfólki á síðasta kennarafundi haustannar.

Í upphafi vorannar var sett niður dagsetningin 14. febrúar þar sem meta átti starfsumhverfið. Sú dagsetning gekk ekki eftir þar sem óveður varð til þess að allt skólahald var fellt niður. Í staðinn var 28. febrúar valinn og urðu engin vandræði með þann tíma. Eftir að lokið var við matið tók stýrihópurinn niðurstöðurnar og vann úr þeim og gerði í framhaldinu aðgerðaáætlun um úrbætur. Tekið skal fram að lokið var að vinna úr þessu eftir að skóla var lokað vegna Covid – 19. Auk þessa var stefnt á könnun fyrir foreldra og forráðamenn sem og GNOK (gæði náms og kennslu) könnun. Hvorug þeirra gekk eftir þar sem verið var að glíma við breyttar aðstæður vegna veirusýkingarinnar.

Niðurstöður matsins

Ýmislegt má segja varðandi matið á haustönninni og niðurstöður þess. Hér koma nokkur atriði sem tengjast mati á **Mennskunni**.

1. Mælt er með því að stutt sé betur við nemendur sem eru með greiningar og þá sem hafa ítrekað fallið í áföngum.

Aðgerð: Málinu beint til náms- og starfsrágjafa og þær beðnar um að koma með tillögur til úrbóta.

Lausn: Náms- og starfsráðgjafar fóru yfir málið og bentu á ýmislegt sem betur má fara og hægt er að lesa um í „aðgerðaáætlun eftir hópavinnu 27. september 2019“.

2. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.

Aðgerð: Sendar upplýsingar til kennarafélags og minna þau á að senda til kennara hvatningu til þess að efla gagnrýna hugsun.

Lausn: Kennarafélagar tóku vel í þessa málaleitan.

3. Áhersla á að aðstoða nemendur við val á framhaldsnámi.

Aðgerð: Beina því til Braga stjóra að skoða hvernig koma meg þessu að í áfanganum.

Lausn: Braga stjóri hefur fengið þessa ábendingu og er farinn að vinna að henni.

Á þennan hátt var farið í gegnum hvern þátt í matinu alls 25 atriði og er hægt að sjá nákvæma niðurstöðu í skjali með heitinu „aðgerðaáætlun eftir hópavinnu 27. september 2019“.



Viðtalstímakönnunin sem lögð var fyrir í lok september og byrjun október kom ágætlega út. Hún var lögð fyrir 76 kennara og barst svörun frá 52 þeirra. Fróðlegt var að skoða niðurstöðurnar og voru þær kynntar fyrir kennurum.

Starfsumhverfið sem var metið á vorönn fékk samskonar meðferð og Menntaáætlun þannig að gerð var aðgerðaáætlun eftir að búið var að fara yfir alla þættina og vega og meta.

Almennt má segja um matið að það gefi til kynna að við séum á réttri leið við stofnunina og kemur það vel í ljós þegar stigagjöf einstakra liða er skoðuð. Ekki er hægt að komast hjá því að það komi fram einhverjar athugasemdir og því er mikilvægt að fara í matið til þess að fá þessar athugasemdir fram og bregðast síðan við þeim. Aðgerðaáætlun nær aldrei yfir alla þætti en hún kemur málum af stað og veldur því að fólk fær upplýsingar um það sem leggja þarf sérstaka áherslu á að lagfæra. Þegar kemur að næsta mati ætti að hafa orðið breyting til batnaðar og er mikilvægt að það gangi eftir.

Samantekt og ábendingar

Að loknu skólaárinu er vert að horfa yfir farinn veg og velta fyrir sér stöðunni varðandi stofnunina og þá matið um leið. Eins og fram kom í upphafi er skólinn ákveðið sameiningartákn ungs fólks á Suðurlandi. Flestir unglingar af svæðinu leita í skólann til þess að sækja sér menntun og er það vel. Mikilvægt er því að fylgst sé vel með og reynt að bregðast við athugasemdum þegar þær koma fram. Sjálfsmat er einmitt hluti af því að fylgjast með og fá viðhorf þeirra sem tengjast stofnuninni. Á skólaárinu sem er að líða voru það aðallega kennarar og nemendur sem tóku þátt í matinu og einstaka aðrir starfsmenn. Stefnt var að því að leggja könnun fyrir foreldra og forráðamenn en því miður gekk það ekki eftir á vorönninni vegna sérstakra aðstæðna. Væntanlega verður sú könnun lögð fyrir á næsta skólaári. Mikilvægt er að fá viðhorf þeirra í nærsamfélaginu gagnvart stofnuninni og því væri æskilegt að þeir sem stjórna sjálfsmatinu geri eitthvað til þess að mynda þau tengsl sem þarf til. Hægt er að leggja

fyrir kannanir og jafnvel að gera út námshópa með spurningalista til þess að meta viðhorf fólks í samfélaginu gagnvart skólanum.

Eins og áður kom fram fór kórónuveiran illa með okkur varðandi mat á gæðum náms og kennslu (GNOK). Þar sem ekki var hægt að leggja þá könnun fyrir nemendur á vorönninni verður að hafa það í huga að leggja hana fyrir vorið 2021 eins og stefnt er á samkvæmt sjálfsmatsáætluninni. Muna þarf að leggja áherslu á að fá sem flesta til þess að svara og taka þátt þar sem það gefur raunsannari mynd af stöðunni hjá hverjum kennara í hverjum áfanga fyrir sig.

Umbótaáætlun

Við sjálfsmat er í raun verið að leita að veikleikum en kannski er ekki síður verið að sjá hvar styrkleikarnir liggja og láta einstaklinga vita af þeim. Dæmi um þetta er þegar verið var að meta mennskuna þá kom þetta varðandi einn einstakling „hann er geggjaður gæi og mjög gott að tala við hann“. Viðkomandi var látinn vita af þessu og var hann glaður að fá þessi skilaboð. Varðandi umbætur þá verður aldrei nægilega oft talað um að allir reyni að bregðast við þeim þáttum sem betur mega fara og hafa komið fram í aðgerðaáætlun að loknu sjálfsmati. Mikilvægt er að stýrihópur um sjálfsmat komi að þessum þáttum og haldi þeim vakandi sem eiga að lagfæra það sem betur má fara. Ekki er hægt að segja að í gegnum tíðina hafi verið um stóra þætti að ræða heldur frekar ýmislegt smávægilegt sem vinna þarf í til þess að



einstaklingum líði betur.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan

✚ V 2012

- Náms og kennsla (GNOK) – unnið.

✚ H 2012

- Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.

✚ V2013

- Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
- Heimasíða skólans var metin.

- Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- ✚ H 2013
 - Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- ✚ V 2014
 - Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjölum.
 - Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
 - Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.
- ✚ H 2014
 - Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.
- ✚ V2015
 - Jafningjamat fór fram.
 - GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
 - Ytra mat var framkvæmt.
 - Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.
- ✚ H 2015
 - Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
 - Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.
- ✚ V 2016
 - Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
 - Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.
- ✚ H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

H 2018

- Endurskoða markmið skólans

V 2019

- Nám og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

H 2019

- mennta (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra).

V 2020

- starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK.

Áætlun um sjálfsmat

H 2020

- skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki.

V 2021

- Meta markmiðin og GNOK

Fylgiskjöl

Sjálfsmat 27. september 2019

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar með kennurum í FSu 27. september 2019

Þátttakendur: Starfsmenn og nemendur skólans

Vinnuferli:

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilþátt 2, Mennska.
2. Skipt verður í 22 hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Áður en umræður hefjast í hópunum velta allir fyrir sér sínum fullyrðingum og skrifa vísbendingar á blað.
5. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
6. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjálfsmat\Fundur 27. september 2019

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Verkefnin eru:

Hópar 1 og 12 - Mennska - Nemendur

1. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.
2. Staðið er vörð um velferð nemenda, þeir studdir í námi og þeir aðstoðaðir við val á framhaldsnámi.
3. Stutt er við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.

Hópar 2 og 13 Mennska - Nemendur

4. Nemendur eru upplýstir um þær námsleiðir sem eru í boði í FSu.
5. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir þjónustu.
6. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði og þroska nemenda.

Hópar 3 og 14 Mennska - Nemendur

7. Stuðlað er að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda.
8. Unnið er að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.
9. Spornað er gegn sjálfseyðandi hegðun.

Hópar 4 og 15 Mennska – Nemendur/Stjórnun

10. Stuðlað er að öflugu félagslífi nemenda á skólatíma.
11. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
12. Unnið er samkvæmt starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun skólans (nemendur meti eingöngu jafnréttisáætlun skólans).

Hópar 5 og 16 Mennska - Stjórnun

13. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins (*How good is our school*).
14. Unnið er markvisst að þróunarmálum.
15. Unnið er að rannsóknum á skólastarfinu.

Hópar 6 og 17 Mennska - Stjórnun

16. Stjórnendur sýna starfsfólki skólans faglegt traust.
17. Starfsmannafélag vinnur að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks.
18. Kennarafélag vinnur að hagsmunum kennara.

Hópar 7 og 18 Mennska – Stjórnun/Samstarf við aðra

19. Stjórnendur skólans leiðbeina nýjum starfsmönnum.
20. Kennslustjórar/fagstjórar styðja markvisst við nýja kennara fyrsta árið.
21. Skapaður er farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.

Hópar 8 og 19 Mennska – Samstarf við aðra

22. Skólinn hefur skýra forvarnarstefnu.
23. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) skilar árangri.
24. Faglegt samstarf er við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.

Hópar 9 og 20 Mennska – Samstarf við aðra

25. Farvegur er skapaður fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið.
26. Hollvarðasamtökin eru mikilvæg fyrir starfsemi skólans.
27. Nemendur skólans fá tækifæri til að kynnst og upplifa menningu annarra þjóða.

Hópar 10 og 21 Mennska – Samstarf við aðra

28. Erlend samskipti auka víðsýni og samkennd nemenda.
29. Erlend samskipti stuðla að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á.
30. Erlend samskipti styrkja kennara skólans faglega og efla sjálfstraust þeirra og víðsýni.

Hópar 11 og 22 Mennska – Samstarf við aðra

31. Erlend samskipti kynna skólann og umhverfi hans.
32. Stuðlað er að góðri ímynd skólans.
33. Samstarf skólans við ýmis félög og samtök gagnast skólanum.

Niðurstöður sjálfsmatsvinnu 27. sept. 2019

Niðurstöður sjálfsmatsvinnu 27. september 2019		
Hópur 1 og Nemendahópur - Mennska - Nemendur	Einkunn - Nem.	Einkunn - kennarar
1. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.	3	5

2. Staðið er vörð um velferð nemenda, þeir studdir í námi og þeir aðstoðaðir við val á framhaldsnámi.	5	6
3. Stutt er við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.	4 til 5	4
Hópur 2 og Nemendahópur - Mennska - Nemendur		
4. Nemendur eru upplýstir um þær námsleiðir sem eru í boði í FSu.	5	4
5. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir þjónustu.	4	3
6. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði og þroska nemenda.	3	3
Hópur 3 og Nemendahópur - Mennska - Nemendur		
7. Stuðlað er að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda.	5	4
8. Unnið er að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.	3	2
9. Spornað er gegn sjálfseyðandi hegðun.	3	5
Hópur 4 og Nemendahópur - Mennska – Nemendur/Stjórnun		
10. Stuðlað er að öfluglu félagslífi nemenda á skólatíma.	2	2
11. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.	5	3
12. Unnið er samkvæmt starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun skólans (nemendur meti eingöngu jafnréttisáætlun skólans).	6	3
Hópur 5 Mennska - Stjórnun		
13. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins (<i>How good is our school</i>).		2
14. Unnið er markvisst að þróunarmálum.		4
15. Unnið er að rannsóknum á skólastarfinu.		6
Hópur 6 Mennska - Stjórnun		
16. Stjórnendur sýna starfsfólki skólans faglegt traust.		2
17. Starfsmannafélag vinnur að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks.		3
18. Kennarafélag vinnur að hagsmunum kennara.		1

Hópur 7 Mennska – Stjórnun/Samstarf við aðra		
19. Stjórnendur skólans leiðbeina nýjum starfsmönnum.		4
20. Kennslustjórar/fagstjórar styðja markvisst við nýja kennara fyrsta árið.		4
21. Skapaður er farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu.		6
Hópur 8 Mennska – Samstarf við aðra		
22. Skólinn hefur skýra forvarnarstefnu.		3
23. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) skilar árangri.		3
24. Faglegt samstarf er við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins.		4
Hópur 9 Mennska – Samstarf við aðra		
25. Farvegur er skapaður fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið.		6
26. Hollvarðasamtökin eru mikilvæg fyrir starfsemi skólans.		2
27. Nemendur skólans fá tækifæri til að kynnst og upplifa menningu annarra þjóða.		6
Hópur 10 Mennska – Samstarf við aðra		
28. Erlend samskipti auka víðsýni og samkennd nemenda.		
29. Erlend samskipti stuðla að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á.		
30. Erlend samskipti styrkja kennara skólans faglega og efla sjálfstraust þeirra og víðsýni.		
Hópur 11 Mennska – Samstarf við aðra		
31. Erlend samskipti kynna skólann og umhverfi hans.		6
32. Stuðlað er að góðri ímynd skólans.		5
33. Samstarf skólans við ýmis félög og samtök gagnast skólanum.		6

Aðgerðaáætlun eftir hópavinnu 27. september 2019

1. Stutt er við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum.

- Vinna verkferil í samráði við náms- og starfsráðgjafa til að finna þá nemendur sem falla ítrekað í áfanga/áföngum – ákveða svo hvað er gert með þessum nemendum (viðtal, stuðningur...)

- Nemendur með greiningar: beinum því til náms- og starfsráðgjafa og biðjum þær um að koma með tillögur að því hvað kennarar geti gert gagnvart þessum nemendum, sbr. leiðbeiningar um dyslexíu lettrið. Sérstaklega hvað varðar nemendur með kvíða/athyglisbrest.

Tóti sendir þessar niðurstöður á námsráðgjafa, þær koma á áttufund þriðjudaginn 12. til að fara yfir málefni erlendra nemenda – tökum þetta fyrir þá líka.

Svar við bréfi Tóta frá náms- og starfsráðgjöfum 14. nóvember 2019

Hingað til höfum við talað við nemendur sem hafa verið á lista vegna slæms gengis. Þessir nemendur eru jafnvel á þeim skilyrðum í skólanum. Því miður er það þannig að ef nemandi er ekki af heilum hug að þiggja aðstoð þá skilar hún litlu sem engu. Oft hefur þetta farið út í eltingaleik sem ekki skilar árangri. „það er hægt að leiða úlfalda að vatninu en það er ekki hægt að neyða hann til að drekka“

Við erum ekki sérkennarar eða kennsluráðgjafar. Þær hugmyndir sem við höfum deilt með kennurum eins og t.d. leturgerð og talgerflar eru úrræði sem við höfum rekist á í leit okkar að úrræðum til auðvelda nemendum skólagönguna. Við erum ekki í stakk búnar til þess að vera með kennsluráðgjöf þótt að við getum stundum bent á ýmsar leiðir í námstækni. Við erum ekki með meðferð við kvíða eða athyglisbrest og því síður að við getum leiðbeint kennurum um það. Við teljum það hlutverk kennslufræðinga og sálfræðinga að veita ráðgjöf til kennara og jafnvel náms-og starfsráðgjafa.

Mælum með því að kennarar spyrji nemendur hvernig þeir geti komið til móts við nemendur með námserfiðleika? Hvetja kennara til þess að veita nemanda athygli, t.d. spyrja hvort hann geti aðstoðað, hvort nemandinn skilji verkefnið o.s.frv. Það er einstaklingsbundið hvað gagnast hverjum og einum og samtal er alltaf góð byrjun.

Til skólameistara: Spurning hvort það þarf að taka harðara á að hafna nemendum um skólavist sem eru ítrekað að falla.

2. Skólinn stuðlar að því að efla gagnrýna hugsun og styrkja siðferðiskennd nemenda.

- Hvetjum kennara til að huga vel að því að efla gagnrýna hugsun hjá nemendum í námi þeirra. - - Þau fá markvissa þjálfun í því í féla/umhv á fyrsta ári en þetta mætti ef til vill gera sýnilegra í áframhaldandi námi þeirra.

Kennarafélagið – Tóti sendir kennarafélaginu ábendingu um að þetta séu niðurstöður úr sjálfsmati með ósk um að það komi með tillögur að því hvernig hægt sé að minna kennara á og hvetja þá til að vera meðvitaðir um og efla gagnrýna hugsun í gegnum allt nám. Mögulega hægt að nýta þetta: Bók á netinu – mms.is – “Hvað heldur þú – um gagnrýna hugsun” <https://mms.is/namsefni/hvad-heldur-thu-um-gagnryna-hugsun-rafbok>

3. Staðið er vörð um velferð nemenda, þeir studdir í námi og þeir aðstoðaðir við val á framhaldsnámi.

- Ráðleggingar um námsframboð FSu og áframhaldandi nám: beina því til Braga-stjóra að skoða hvernig megi koma þessu að í braga-áfanganum. T.d. hægt að skoða samantektina á heimasíðu skólans um aðgangsviðmið háskólanna. – Verkefni í C-braga er komið í ferli hjá Braga-stjóra. 9. Okt. - Lokið

4. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði og þroska nemenda

- Ræða við félagslífs- og forvarnarfulltrúa og nemendaráð um að finna leiðir til að sporna við því að nemendur séu of mikið í símanum á milli kennslustunda og efla samskipti og félagslega hæfni nemenda. Hvaða möguleikar eru í boði? Fá Ingunni og Tómas til að taka þetta upp á nemendaráðsfundi og fá hugmyndir frá þeim.

5. Nemendur eru upplýstir um þær námsleiðir sem eru boði í Fsú.

- Tóti sendir til BEB: hann er geggjaður gæji og mjög gott að tala við hann – frá nemanda

6. Skólinn veitir nemendum með sérþarfir þjónustu.

- Til félagslífs- og forvarnarfulltrúa: koma upplýsingum fyrr til foreldra nemenda um viðburði nemendafélagsins, t.d. söngkeppnina. – Fer á listann til Ingunnar og Tómasar

7. Skólinn stuðlar að bættu heilbrigði og þroska nemanda.

- Til félagslífs- og forvarnarfulltrúa: vantar meiri forvarnir og fræðslu um t.d. nikótín, rafrettur og fleira – vinna í samráði við nemendaráðið. – Fer á listann til Ingunnar og Tómasar

8. Stuðlað er að styrkari sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda.

- Alltaf stefnt að því að vera ekki með of stóra nemendahópa – fylgja eftir viðmiðum í töflubreytingum. Er stöðugt í vinnslu

9. Unnið er að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni.

- Beina því til félagslífs- og forvarnarfulltrúa, og SKOH hópsins að leita leiða til að auka forvarnir og hafa forvarnir sýnilegri í skólastarfinu. Halda starfsfólki skólans upplýstu um þessa vinnu. Fer á listann til Ingunnar og Tómasar

10. Spornað er gegn sjálfseyðandi hegðun.

- Beina því til félagslífs- og forvarnarfulltrúa, og SKOH hópsins að leita leiða til að auka forvarnir og hafa forvarnir sýnilegri í skólastarfinu. Auka fræðslu – nota forvarnarmánuð – Káta daga o.þ.h. Halda starfsfólki skólans upplýstu um þessa vinnu. Setja saman hugmyndir um hvaða upplýsingar eigi að senda og hvenær. Fer á listann til Ingunnar og Tómasar

11. Stuðlað er að öflugri félagslífi nemenda á skólatíma

- Í gegnum skólaráðsfundi: Hvernig er hægt að virkja miðvikudagsgötin? Leiðbeina nemendaráðinu með hvernig hægt er skipuleggja miðvikudagsgötin með fyrirvara. Fer á listann til Ingunnar og Tómasar

12. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.

- Hafa í huga við ákvarðanatöku að vanda til verka, halda öllum vel upplýstum, hlusta á ólíkar skoðanir og sjónarmið og gefa ákvörðunum tíma. Senda á stjórnendur/alla sem niðurstöður sjálfsmatsfundar.

13. Stuðlað er að öflugri félagslífi nemenda á skólatíma?

- Beint til skólastjórnenda – aðstaða nemenda – sófar og rými.
- Beint til nemendafélagsins: fá listamenn – jafnvel þá sem eru innan skólans – t.d. tónlistarflutning. Staðsetning – salur/Gryfjan?

Til Ingunnar og Tómasar – halda stöðugt á lofti við nemendaráðið að hafa þetta í huga.

14. Unnið er eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans til að greina styrkleika/veikleika.

- Sjálfsmatshópur – senda upplýsingar um þau markmið sem á að meta með fundarboði. Ákveða hvernig á að kynna niðurstöður – segja frá í lok skólaárs / senda út í tölvupósti / setja á borð inni á kaffistofu / kemur fram í lokaskýrslu skólaársins.

Til sjálfsmatshóps – að senda upplýsingar með fundarboði um það sem á að fara yfir þannig að fólk geti undirbúið sig, hafi það áhuga, eins að koma á framfæri samantekt/niðurstöðum við starfsfólk í lok hverrar annar yfir það sem kom útúr vinnu sjálfsmatshópsins á önninni.

15. Unnið er markvisst að þróunarmálum.

- Sjálfsmatshópurinn: Hvernig er hægt að styðja við skólaþróun innanhúss? Væri hægt að sækja sérstaklega um stuðning við verkefni? Skilgreina fyrirfram hvað á að gera, tímaramma, umfang?

Styrkja, hvetja til og ýta undir samtal og samráð innanhúss. Spurning hvort ætti að gefa skólaþróun tíma til umræðna á kennarafundum reglulega/annað slagið.

16. Stjórnendur sýna starfsfólki skólans traust

- Til stjórnenda: Ábending til kennara og koma því á framfæri að kennarar hafi faglegt sjálfstæði í sinni grein en að samræmi þurfi að ríkja innan deilda og á milli hópa. Eins að kynna það sem kemur fram í stofnanasamningi um það hvernig endurmenntunardögum er háttað.

Samræmi í námsmati verður að vera í sömu áföngum. Mikilvægt að kennslustjórar fari vel yfir þessi mál með sínum deildum. Athugasemd frá kennurum: “Hvatt til símenntunnar en erfitt að fá leyfi og ekki ljóst hvað ræður”. Fylgiskjal 5 í stofnanasamningi – kynna fyrir kennurum skilgreininguna á þessum málum.

17. Starfsmannafélag vinnur að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks

- Mætti standa fyrir fleiri samkomum sem hafa áherslu á hópefli og námskeið. -
 - Ekki allir starfsmenn í starfsmannafélagi. -
 - Of mikill hluti af fjármunum félagsins fara í áfengis kaup. -
- Sendu beint á stjórn starfsmannafélags. Viðbót – söknum barnajólaskemmtunarinnar. 😊

18. Kennarafélag vinnur að hagsmunum kennara

- Kennarafélagið er nánast dautt -
 - Störf innan félagsins ekki launuð eða mjög lítið (trúnaðarmaður). -
 - Ætti að standa fyrir fleiri fyrirlestrum og námskeiðum -
 - Vantar að félagið fái meira rými eða vægi á vinnustaðnum -
 - Félagið mætti efla samstarf við nágranna kennarafélög -
- Sendu ábendingu til stjórnar kennarafélags um það sem kom fram í sjálfsmatinu. Ætti að vera samtal/fundur stjórnar kennarafélags með stjórnendum í upphafi vetrar til að fara yfir hvað er framundan. Er möguleiki á auknu samstarfi við ML eða hefja samstarf við Vestmannaeyjar?

Sendu beint á kennarafélag.

19. Stjórnendur skólans leiðbeina nýjum starfsmönnum.

- Góður punktur að hitta nýja starfsmenn aftur eftir að önnin fer í gang til að ræða hvernig kennslan fer af stað. Tillaga um að biðja kennslustjóra að boða nýja kennara á fund innan deilda, en jafnvel þvert á deildir.

Fylgja því eftir við kennslustjóra að þetta sé gert.

20. Kennslustjórar/fagstjórar styðja markvisst við nýja kennara fyrsta árið.

- Sjá að ofan.

21. Skólinn hefur skýra forvarnarstefnu

- Til forvarnarfulltrúa - Minna á að hafa starfsfólk upplýst um hvað er í gangi í forvarnarmálum í skólanum – litlir upplýsingapóstar gera heilmikið.

Komið í ferli

22. Þrískólasamstarf skilar árangri

- Engar sérstakar viðbætur. Mögulega hægt að upplýsa starfsfólk um hvernig hægt er að nýta samstarfið á jákvæðan hátt – þrátt fyrir að lítið áþreifanlegt komi út þá sáir samtalið mögulega einhverjum fræjum, stuðlar að tengslaneti o.fl.

23. Faglegt samstarf er við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins

- Faglegt samstarf við aðra skóla mætti vera meira.
- Alltaf í ferli,

24. Hollvarðasamtökin eru mikilvæg fyrir starfssemi skólans.

- Ósk til samtakanna um að verða sýnilegri – t.d. senda kynningarpóst/áminningu á starfsfólk t.d. í upphafi vetrar (mögulega að senda á skólameistara og biðja hann að áframsenda)
- Senda á Örlög, segja frá facebook síðunni

25. Stuðlað er að góðri ímynd skólans

- Halda áfram að minna kennara á að senda fréttir á fréttastjóra.
- Alltaf í gangi

Könnun vegna viðtalstíma – haustönn 2019

1. Nýta nemendur sér viðtalstímana hjá þér? (hversu margir nemendur/hversu oft. Veldu tvennt).

1. enginn 34% (21/62)
2. 1-5 nemendur á önn. 42% (26/62)
3. 6-10 nemendur á önn. 5% (3/62)
4. fleiri en 10 nemendur á önn. 6% (4/62)
5. get ekki svarað. 0% (0/62)
6. 1-5 viðtalstímar á önn. 6% (4/62)
7. 6-10 viðtalstímar á önn. 5% (3/62)
8. fleiri en 10 viðtalstímar á önn. 2% (1/62)

2. Hefur þú kynnt viðtalstímana fyrir nemendum þínum ?

1. Kemur fram í kennsluáætlun.8% (4/53)
2. Hef sagt frá viðtalstímanum í kennslustund.75% (40/53)
3. Nei. 17% (9/53)

3. Gætir þú hugsað þér að nýta miðrýmið í Odda/skólatorgið í Hamri/mötuneytið fyrir viðtalstíma/vinnu með nemendum?

1. Já. 31% (21/67)
2. Nei. 39% (26/67)
3. Ef nei, af hverju ekki? 30% (20/67)

Dæmi um svör við því af hverju kennarar gætu ekki hugsað sér að nýta miðrýmið í Odda/skólatorgið í Hamri/mötuneytið fyrir viðtalstíma/vinnu með nemendum:

- Hentar best að sinna þessu í fagstofunni.
- Er til í að vinna með nemendum á þessum stöðum en ef þeir þurfa að tala einslega við kennara þá er gott næði nauðsynlegt.
- Hávaði
- Truflun
- Einbeitingarleysi
- Ónæði
- Lítil vinnufriður

4. Vilt þú sjá annað fyrirkomulag á viðtalstímunum?

1. Nei. 53% (33/62)
2. Já. 19% (12/62)
3. Ef já, þá hvaða? 27% (17/62)

Ef já, hvaða fyrirkomulag? Dæmi um svör:

- Nemendur eru mjög uppteknir, gagnast betur að finna tíma sem hentar báðum.
- Að nemendur geti óskað eftir að hitta kennara þegar hentar báðum.
- Þörf fyrir stoðtíma svo nemendur þurfi ekki að skrópa í öðrum tíma til að komast í viðtalstíma.
- Að hver nemandi fái úthlutaðan viðtalstíma í upphafi annar og svo aftur um miðja önn.

- Nýtast ekki eins og þeir eru en veit ekki hvernig þeir ættu að vera.
- Stoðtímaform.

5. Er eitthvað sem mætti bæta í tengslum við viðtalstímana? Aðstaða, tímasetningar, annað?

1. Nei. 50% (33/66)
2. Já. 20% (13/66)
3. Ef já, þá hvað? 30% (20/66)

Dæmi um svör:

- Að flestir séu í gati á sama tíma svo þetta nýtist á báða bóga.
- Nemendur og foreldrar hafa samband með öðrum leiðum ef þeir þurfa að ná í mig.
- Mætti vera þannig að hver nemandi mæti minnst einu sinni á önn í viðtal.
- Aðstöðuleysi.
- Sátt við viðtalstímana - gott að hafa einn tíma í töflu sem er frátekinn.
- Halda óbreyttu fyrirkomulagi.

6. Hafa forráðamenn nemenda þinna nýtt sér viðtalstíma hjá þér? (komið/eða haft samband í viðtalstímanum)

1. Nei. 46% (31/68)
2. Já. 28% (19/68)
3. Ef já, þá hversu margir á önn? 26% (18/68)

Dæmi um athugasemdir:

- Forráðamenn nýta frekar tölvupóst eða hringja.
- Alltaf einhverjir sem nýta sér viðtalstíma, en hafa líka fengið tíma á öðrum tíma þegar hentar betur og ég er með gat í stundatöflunni.
- Flestir nota tölvupóstsamskipti en það eru líka til foreldrar sem kunna ekki við annað en að hringja á réttum viðtalstíma.

Leiðbeiningar vegna sjálfsmats með kennurum 28. febrúar

Þátttakendur: Starfsmenn skólans og nemendur

Vinnuferli:

1. Á fundinum í dag á að skoða markmið FSu - lykilþátt 3, Starfsumhverfi.

2. Skipt verður í hópa.
3. Hópar meta mismunandi markmið, sjá lista neðar.
4. Áður en umræður hefjast í hópunum velta allir fyrir sér sínum fullyrðingum og skrifa vísbendingar á blað.
5. Svör skulu rökstudd með fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum).
6. Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast).

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 3 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:

H:\Sjalfsmat\14. febrúar 2020

Merkja skal skjalið (Hópur 1, Hópur 2, Hópur 3, o.s.frv.)

Verkefnin eru:

Hópur 1 og 7 - Fjármál, rekstur og aðbúnaður – starfsfólk og nemendur

- a. Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.
- b. Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.

Hópur 2 og 8 - Fjármál, rekstur og aðbúnaður – starfsfólk og nemendur

- c. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu.
- d. Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólann og umhverfi hans.

Hópur 3 og 9 - Fjármál, rekstur og aðbúnaður - starfsfólk

- e. Lögð er áhersla á að fyrirbyggja slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum.

f. Tölvukerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt.

g. Vinnuaðstaða kennara er heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma.

Hópar 4 og 10 – Upplýsingar – starfsfólk og nemendur

h. Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu og hann er kynntur nemendum og starfsfólki árlega.

i. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.

j. Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.

Hópar 5 og 11 – Upplýsingar – starfsfólk og nemendur

k. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.

l. Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

m. Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.

Hópar 6 og 12 – Upplýsingar - starfsfólk

n. Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.

o. Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingaflæði.

Einkunnir frá hópum eftir vinnu 28. febrúar

		Einkunn	Einkunn
	Einkunnir frá hópum eftir vinnu 28. febrúar 2020	hópar 1 - 6	hópar 7 - 12
a.	Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.	6	6
b.	Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.	2	3
c.	Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu.	1	3 eða 4
d.	Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólann og umhverfi hans.	1	3 eða 4

e.	Lögð er áhersla á að fyrirbyggja slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum.	5	autt
f.	Tölvukerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt.	3	3 eða 4
g.	Vinnuaðstaða kennara er heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma.	1	4
h.	Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu og hann er kynntur nemendum og starfsfólki árlega.	4	5
i.	Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.	5	5
j.	Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.	3	2
k.	Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.	6	6
l.	Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.	6	6
m.	Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.	6	4
n.	Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.		4
o.	Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingaflæði.		4

Aðgerðaáætlun eftir hópavinnu 28. febrúar 2020

Hópur 1

a. Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði:

Mötuneyti býður upp á hollan mat
Maturinn er fjölbreyttur og góður
Salatbarinn fylgir með heitum mat
Hægt er að kaupa sér mat sérstaklega á salatbar
Gott verð og viðráðanlegt
Gott aðgengi

Samtals 6 stig

Fullt hús – láta mötuneytisstarfsfólk vita af ánægju með mötuneyti! Muna líka eftir athugasemdunum frá hópi 7. Tóti lætur vita.

b. Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks

Loftgæði (og hávaði) ekki góð í ODDA til dæmis í Útverki – spurning um að setja upp þil, lofthreinsi/rakataeki

Sambland kennslu og annarar starfsemi í IÐU alls ekki nógu góð – **pass – börn eru börn – muna að loka hurð inná klósettgang – allir að temja sér umburðarlyndi**
 Slökunarherbergið vel hannað og hugsað. Mætti bæta við öðrum sófa
 Netsamband óstöðugt og kennarar geta ekki treyst á það í kennslu sinni – **stöðugt verið að vinna í þessu**
 Hiti og kuldi óstöðugur í húsnæðinu – **fylgir hönnun byggingarinnar**
 Húsnæði bjart og fallett - **jákvætt**
 Bolllastaður eru notalegur íverustaður (má ennþá bæta hávaðan) – **stöðugt í skoðun**
 Fallegri merkingu á vistarverum í Hamri – **fá fagstjóra til að koma með tillögur að nafnakerfi (mögulega í samráði við áfangastjóra/Olgu Lísu), yfirlitsmynd í anddyri sem vísar veginn.**
 Borð í anddyri Hamars óþolandi – **skipta um fætur á borðplötum vs. að kaupa ný borð - Addi**
 Mætti koma upp meiri tómstundaastöðu fyrir nemendur (og kennara) borðtennisborð, skák osfrv. – **er borðið í Hamri mikið nýtt – er hægt að skiptast á að hafa það í Hamri og Odda? Nemendafélagið?**
 Gosdrykkjasala í IÐU? Af hverju er hún leyfð þar? – **gera vörutal – hvað er þar í boði?**

Samtals 2 stig

Hópur 2

c. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu. Á þetta markmið erindi í dag? Erum ekki fjarnámsskóli, höfum engin áhrif á samgöngur, bjóðum ekki heimavist.

(-) skólinn á ekki að minnka röskun á búsetu.

(-) engin heimavist.

(-) það er ekki boðið upp á fullt fjarnám.

(+) skólinn býður upp á dreifnám.

EINKUNN: 1 (ath. skiljum ekki fullyrðinguna)

D. Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólann og umhverfi hans.

(+) starfsfólk gengur vel um.

(-) það er eins og stendur hleðsla í lífræna ruslinu.

(-) það er alltaf rusl á gólfinu.

(-) ekki á hreinu hvernig á að flokka.

(-) það er ekki verið að auglýsa nægilega vel hvernig á að flokka.

(+) umgengi hefur batnað.

(-) það er drasl á skólalóðinni.

(-) ekki er verið að nota lífræna hreinlætisvörur.

(-) enn er verið að nota ilmspray á salerni í skólanum.

EINKUNN: 1

Halda áfram að hvetja til góðrar umgengi.

Hópur 3

Lögð er á að fyrirbyggja slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum → EINKUNN 5

- Hættuleg efni í Efnafræðistofu eru geymd í læstum skáp.
- Nemendur í verkgreinum sækja öryggisfræði
- Nemendum er gert að klæðast viðeigandi hlífðarfatnaði
- Í verklegum áföngum er nemendum kennt að nota tæki og tól með öruggum hætti
- Okkur er ekki kunnugt um að það hafi orðið alvarleg slys í kennslu.
- Í efnafræðistofunni er útsogi á stinkskáp ekki nothæft.

Við bendum á að ekkert okkar kennir í verknámi.

Engar viðbætur

Tölvukerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt. → EINKUNN 3

- Í vetur hefur borið á erfiðleikum í tengslum við nettengingar.
 - Stöðugt verið að vinna í því – mikilvægt að allir láti vita og samskipti gangi vel
- Brugðist er hratt við ábendingum vegna erfiðleika.
- Breytingar á tölvukerfi eru vel kynntar.
- Stundum er eins og Inna skrái ekki inn mætingar sem færðar eru inn → Til kennara: mikilvægt að skrá mætingar jafnóðum!
- Takmarkanir Innu sem námsumhverfi. Td. er ekki hægt að setja inn efni í áfanga sem kennarar kenna næstu önn fyrr en sú önn hefst. Inna er ekki heldur eins sjónræn og moodle.
- Kostur að hafa allt utanumhald á einum stað.

Vinnuaðstaða kennara er heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma: → EINKUNN 1

- Í Útverkum er hávaði af þriðju hæðinni. Hiti og loftleysi – lýsing mætti vera betri. – **Verið að breyta aðstöðunni til að bregðast við hávaða af 3. hæð.**
- kominn tími á að endurnýja stóla í kennaraaðstöðunni. – **kennarar þurfa að láta vita ef þá vantar stóla! Það þarf að biðja um nýjan stól ef vantar.**
- Stundum kalt í vinnuaðstöðu. – **Útverk - lopapeysa**
- Stofur eru hannaðar fyrir ca 24 nemendur en hópar fara upp í 30. **Hannaðar fyrir allt að 30 nemendur – snýst kannski meira um borðin**
- Stækka básana í Andrésfjósum. – **ekki á döfinni að stækka þá – mikill kostnaður – mikilvægt að halda svæðinu snyrtilegu**
- Æskilegt að hafa möguleika á að panta stofu sem er uppröðuð fyrir hópavinnu.
- hljóðvist í kaffistofunni er enn ekki nógu góð. – **er í úrvinnslu**
- hljóðvist í kennslustofum er ágæt
- kaffistofuna á ekki að nota sem vinnuaðstöðu.
- Eingöngu 2 starfsmannaklósett – **því miður**
- Það þarf að mála Andrésfjós vorið 2021 – **Til Adda**
- Hver einasti starfsmaður ætti að hafa skáp sem hann/hún getur læst – **hvernig skáp er verið að tala um – skjalaskáp/yfirhafnaskáp/veskja-/símaskáp?**

Hópur 4

Upplýsingar – starfsfólk og nemendur

h. Vefur skólans er aðgengilegur og endurspeglar skólanámskrá FSu og hann er kynntur nemendum og starfsfólki árlega.

- Vantar lýsingar á því hvað Kátir dagar og Flóafár eru. **Purfum að skoða hvar á að kynna þessa viðburði á heimasíðunni**
- Vantar að hægt sé að leita að kennurum sem kenna ákveðnar greinar án þess að þurfa að fara yfir allan starfsmannalistann. **Senda til Helga – skoða þetta og finna lausn**
- Síðan lifandi og uppfærð nokkuð reglulega.
- Helstu upplýsingar aðgengilegar.
- Vefurinn kynntur árlega fyrir nýnemum.

Einkunn: 4

i. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.

- Tilkynningar skýrar á forsíðu skólans.
- Kemur fyrir að gleymist að uppfæra tilkynningar á forsíðunni.
- Skólameistari sendir upplýsingapósta til nemenda og foreldra mjög reglulega.
- Skólameistari sendir upplýsingapósta til starfsmanna mjög reglulega.
- Fréttir úr skólastarfinu koma reglulega á heimasíðuna

Engar viðbætur

Einkunn: 5

j. Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífínu.

- Helstu viðburðir á vegum skólans koma fram á dagatalinu.
- Vantar að setja inn viðburði á vegum NFSu á dagatalið.
- Það vantar lýsingu á viðburði þegar ýtt er á hann á dagatalinu.

- Flott að hafa viðburði á dagatalinu litaskipta.
- Allt sem er á skóladagatali ætti að koma fram á dagatali en það er ekki svo.

Tvö dagatöl í gangi á forsiðu www.fsu.is skóladagatalið – yfirlitsdagatal og svo Dagatal – í stikunni efst á síðunni – berum upp tillögu við skrifstofuna, Ingu og Helgu Dögg um að taka það Dagatal að sér – halda því uppfærðu – í upphafi hvers mánaðar/ hverrar viku..

Einkunn: 3

Hópur 5

k. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.

Skrifstofan er andlit skólans

Skrifstofustarfsmenn eru aukamömmur nemenda

Skrifstofan miðlar upplýsingum um skólahald, veður og færð

Skrifstofan miðlar upplýsingum um veikindi kennara

Skrifstofan miðlar upplýsingum um mikilvægar dagsetningar og skilafresti

Tapað fundið fer í gegnum skrifstofu

Efnisgjöld fyrir áfanga fara í gegnum skrifstofu

Yndislegar manneskjur sem geta allt

Miðla jákvæðu mati á skrifstofuna! Láta vita af því – Tóti.

6 af 6

l. Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

Bókaverðir eru afar hjálplegir kennurum og nemendum

Nemendur geta fengið fartölvur og vasareikna lánaða á bókasafni

Nemendur fá kennslu í gagnalet og hjálp við verkefni

Ef ekki eru til þau gögn sem beðið er um eru þau útveguð annarstaðar frá eða beint á leiðir til að nálgast þau.

Bókaverðir eru sífellt brosmildir og vingjarnlegir í fasi

Bókaverðir taka vel á móti nemendahópum og undirbúa sig vel

Miðla jákvæðu mati á bókasafnið! Láta vita af því – Tóti.

6 af 6

m. Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.

Það sem af er þessum mánuði eru komnar 9 fréttir

Fréttir eru oftast með myndum

Virgni fréttaflutnings á miðlinum fer mikið eftir hve duglegir kennarar eru að senda frá sér fréttir

Foreldrar, kennarar og nemendur eru upplýstir um hvað fer fram í skólanum

Fréttaveitan viðheldur jákvæðri ímynd skólans

Margar góðar fréttir rata í héraðsblöðin

Glögg má greina að reyndur blaðamaður fer með fréttastjórn

6 af 6

Miðla jákvæðu mati! Láta vita af því – Tóti.

Hópur 6

Vantar skil frá þeim 4. mars.

Hópur 7

c. Mötuneyti gefur nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði.

- Nemendur og starfsfólk fá hollt fæði, alltaf salatbar og hafragrautur á morgnanna
- Fjölbreyttur hádegismatur
- Gott verð fyrir nemendur fyrir mikinn mat
- Frábært starfsfólk – ýtir undir að nemendum og kennurum finnist gott að koma til þeirra
- Kennarar fá sérstaklega lágt verð fyrir góðan mat
- Mjög jákvætt að þau séu með grænmetisfæði 1x í viku

Einkunn 6

Fullt hús - afgangur

d. Húsnæði skólans mætir þörfum nemenda og starfsfólks.

- Hljóðvist víða ábótavant t.d í mötuneyti og í útverkum
- Það er víða góð aðstaða til náms utan kennslutíma fyrir nemendur
- Ekki eru allir kennarar með vinnuáðstöðu, t.d. á hestabraut – bjóða Sissel og Áslaugu vinnubása ef þær vilja – Tóti.
- Húsnæðið er bjart og skemmtilegt
- Hitastigið er ekki nægilega gott, mjög sveiflukennt

Einkunn 3 – Afgreitt með hópi 1

Hópur 8

c. Skólinn stuðlar að því að nemendur geti stundað nám við skólann með sem minnstri röskun á búsetu.

+ Skólaakstur

+ Fjölbreytt nám - iðn og bóknám

+ Sveinspróf eru haldin í skólanum

- Vantar heimavist
- Vantar fjarnám
- Vantar meistaraskóla
- Vantar að geta lokið iðngreinum

Einkunn 3-4

d. Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólann og umhverfi hans.

+ Starfsfólk gengur frá eftir sig á kaffistofu

+ Nokkrir starfsmenn sýna frumkvæði í að gera sameiginleg rými starfsfólks vistleg

+ Nóg af ruslatunnum víða í skólanum

- Nemendur mættu nota þær meira
- Nestisbox verða útundan hjá eigendum sínum og safnast upp í ísskápnum.
- Slæm umgengni nemenda uppi í vesturenda

Einkunn 3-4

Hvernig er hægt að minna starfsfólk á að ganga vel um sameiginlegan ísskáp.

Hópur 9

e. Lögð er áhersla á að fyrirbyggja slysaættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum.

--- Oft eru nemendahópar í Hamri of fjölmennir með aðeins einn kennara.

Það eykur slysaættu. = mínus

Þessi líður (e) snertir engan þátttakenda þessa hóps og skilum við því auðu.

f. Tölvukerfi skólans er öflugt, öruggt og áreiðanlegt.

Einkunn 3 - 4

- Netið dettur of oft út. = mínus
- Netið er of hægvirkt. = mínus
- Höfum ekki reynt annað en tölvukerfið sé öruggt. = plús
- Vinnureglur varðandi persónuvernd eru til staðar varðandi upplýsingar um nemendur í töluvsamskiptum kennara. = plús.

Sama og hópur 3

g. Vinnuaðstaða kennara er heilsusamleg og í takt við kröfur hvers tíma. Einkunn 4

- Hljóðvist víða ábótavant, t.d. í Forsæti. = Mínus.
- Loftun í Forsæti ábótavant. = Mínus.
- Slökunarherbergið bætir líðan starfsfólks. = Plús
- Oft mikil þrengsli á Bollastöðum. = Mínus.
- Hljóðvist oft slæm á Bollastöðum. = Mínus.
- Viðtalsherbergi í versturenda of hljóðbær. = Mínus.
- Hver og einn hefur sitt skrifborð / pláss. = Plús
- Líkamsrækt niðurgreidd af skóla. = Plús
- Aðgangur kennara að tækjasal í lðu. = Plús
- Kennarar þurfa EKKI að deila tölvu með öðrum. = Plús

Sömu punktar og hjá hópi 3

Hópur 10.

H. Vefur skólans sé aðgengilegur og endurspegli skólanámskrá FSu og hann sé kynntur nemendum og starfsfólki árlega.

- + Vefurinn er aðgengilegur, gott viðmót, notendavænt.
- + Veitir aðgang að námsframboði s.s. áfangalýsingum og kennsluáætlunum.
- + Inna er hluti af vef skólans er gagnleg í námi og kennslu.
- Tengla í ákveðnar upplýsingar væri æskilegt að hafa á aðalsíðu, t.d. skólareglur, mætingareglur og tilkynningar um einelti. **pass**
- + Hægt er að fá upplestur á texta á síðum.

Einkunn 5.

I. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið eru aðgengilegar.

- + Stór blár kassi er mjög sýnilegur.
- + Upplýsingar eru á aðalsíðu.
- + Upplýsingar um skólahald eru mjög sýnilegar.
- Afleitt þegar gleymist að uppfæra tilkynningar um skólahald.

Engar viðbætur

Einkunn: 5

J. Dagatalið veitir greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu.

- + Gott að hafa dagtal með viðburðum.
- Misvísandi að hafa tvö dagatöl. – ætlum að hafa bæði dagatöl vel uppfærð og í samræmi
- Skóladagatal – mætti vera stærra letur t.d. hvor önn fyrir sig.
- Of margir valmöguleikar í „Dagatal“ – þarf þetta? Of mikil vinna að halda við?
- Föstudagsröl þyrfti að vera á dagatali.

Einkunn: 2

Skrifstofan beðin um að taka þetta að sér. 😊

Hópur 11

k. Skrifstofan annast ýmsa þjónustu, heldur utan um og miðlar upplýsingum er varða skólasamfélagið.

Einkunn: 6

1. Okkar mat er að skrifstofan veiti einstaklega góða þjónustu.
2. Brugðist er vel við öllum fyrirspurnum
3. Svör fást við öllu sem spurt er um.
4. Einstaklega brosmilt starfsfólk sem veitir einnig góða símsvörun
5. Upplýsingamiðlun er góð, stenst allar okkar kröfur

l. Bókasafnið veitir nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar.

Afgreiða með hópi 5

Einkunn: 6

1. Sérlega fagleg og góð þjónusta við bæði kennara og nemendur.
2. Bókasafnsverðir koma reglulega inn í kennslustundir og veita fræðslu um notkunarmöguleika safnsins og bjóða nýnema velkomna.
3. Viðmót starfsfólks gagnvart nemendum veitir ákveðna vellíðan og öryggistilfinningu enda er þeirra oft getið í útskriftarræðum.
4. Þær leggja sig fram um að útvega og kynna gagnlega vefi fyrir starfsfólk og veita jafnvel fræðslu um notkun þeirra sbr. Turnitin
5. Þær leggja sig fram um að á bókasafninu sé hlýleg og notaleg stemning, plöntur, sófar, lýsing o.fl. gott.
6. Afgreiða með hópi 5

m. Fréttum er haldið úti á vefmiðlum skólans.

Einkunn: 4

1. Vefmiðlastjóri gerir sitt besta til að hvetja starfsfólk til að senda inn fréttir.
2. Þær fréttir sem birtast endurspegla starf skólans og gefa góða mynd af því sem fram fer.
3. Fréttirnar af viðburðum skólans birtast yfirleitt samdægurs.
4. Starfsfólk mætti vera öflugra við að skrifa fréttir af starfinu.

Spurning hvort starf vefmiðlastjóri verði meira eins og starf fréttamanns frekar en fréttamiðlara, að hann taki fyrir eina deild í einu, taki þar viðtöl við fólk og skrifi sjálfur fréttirnar þar sem fólk er störfum hlaðið og má ekki alltaf vera að því að skrifa sjálft fréttir.

Vangaveltur til Guðfinnu

Hópur 12

N. Nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að viðbragðsáætlun vegna áfalla og vita hvernig á að bregðast við skyndilegum áföllum.

Jákvætt –

Áfallateymi til staðar.

Áætlanir til.

Gott að hafa skipulagða verkferla fyrir alla.

Neikvætt –

Vissum ekki hverjir eru í teyminu eða hvert hlutverk þeirra væri.

Finnst ekki viðbragðsáætlunin nógu sýnileg eða minnt á hana, s.s. vissum ekki nógu vel um aðgang.

Þessir þættir eru allir í vinnslu/útfærslu

Einkunn 4

O. Skýrslur draga saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auka upplýsingaflæði.

Jákvætt –

Auðvelt að finna tölfraði upplýsingar varðandi nemendur, starfsfólk, deildir.

Eru tæki sem hægt er að leita í til að finna upplýsingar og þar með auka þær upplýsingaflæði.

Neikvætt –

Mögulega hægt að draga saman í styttri punktum.

Einkunn 4

Engar viðbætur